

# **Gerðir kirkjuþings 2018**

**57. kirkjuþing,**

**haldið í Vídalínskirkju 3.-7. nóvember 2018**

**og í Háteigskirkju 2.-3. mars 2019**



## Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	5
Ávarp fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssonar .....	9
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....	11
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2018 .....	16
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs .....	18
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar .....	39
3. mál. Þingsályktun við drög að frv. dómsmálaráðherra til l. um br. á l. um helgidagafrið nr. 32/1997, með síðari breytingum .....	45
4. mál. Tillaga að starfsrgl. um br. á starfsrgl. um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.....	52
5. mál. Tillaga að starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Árborg).....	53
6. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Fossvogur) .....	54
7. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Breiðafj.- og Strandaprk.) .....	55
8. mál. Tillaga að starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Eyjafjörður).....	56
9. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Langanes).....	57
10. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Austfjarðaprk.) .....	58
11. mál. Þingsályktun um stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar .....	59
12. mál. Starfsrgl. um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar .....	60
13. mál. Þingsályktun um siðbót er varðar vinnuumhverfi kvenna í kirkjunni.....	68
14. mál. Þingsályktun um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi .....	62
15. mál. Starfsrgl. um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.....	63
16. mál. Starfsrgl. um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingu á kirkjuþingi 2013 .....	64
17. mál. Þingsályktun um persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna.....	65
18. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.....	69
19. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum .....	70
20. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Garða- og Hvalfjarðarstrandaprk.) .....	71

21. mál. Tillaga að starfsrgl. um br. á starfsrgl. um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum .....	72
22. mál. Starfsrgl. um br. á ýmsum starfsrgl. kirkjuþings skv. heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum .....	73
23. mál. Þingsályktun um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.....	81
24. mál. Tillaga til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna.....	85
25. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009, með síðari breytingu .....	86
26. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingu.....	87
27. mál. Þingsályktun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar 2018-2022.....	88
28. mál. Starfsrgl. um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar .....	94
29. mál. Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.....	99
30. mál Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum .....	107
31. mál Samkomulag um áframhaldandi ráðningu starfsmanns kirkjuþings.....	108
Kjör í nefndir.....	109

## Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2018, 57. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju er sett.

Velkomin til kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar og góðir gestir og einkum þið sem sem nú setjist á kirkjuþing í fyrsta skipti.

Ég býð fjármálaráðherra, Bjarna Benediktsson, velkominn og þakka honum fyrir þá vinsemd sem hann sýnir kirkjuþingi með því að vera hér með okkur í dag.

Í dag er einnig rétt að heilsa sérstaklega gömlum félagamönnum sem er kominn til kirkjuþings á ný, í nýju hlutverki. Vertu hjartanlega velkominn sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti, fyrrum kirkjuþingsfulltrúi og kirkjuráðsmaður.

*Legg þú á djúpið eftir Drottins orði  
og æðrast ei, því nægja mun þinn forði,  
þótt ómaksför þú farir marga stund.  
Ef trú og dáð og dugur ei þig svíkur,  
er Drottinn lífs þíns ennþá nógu ríkur  
og mild hans mund.*

*Legg þú á djúpið, þú, sem enn ert ungur,  
og æðrast ei, þótt straumur lífs sé þungur,  
en set þér snemma háleitt mark og mið,  
haf Guðs orð fyrir leiðarstein í stafni  
og stýrðu síðan beint í Jesú nafni  
á himins hlið.*

Þessi sálmur eftir Matthías Jochumsson er mér mjög eftirminnilegur. Sérstaklega 1. og 3. versíð sem ég las. Þegar sr. Bragi Friðriksson sóknarprestur hér í Garðasókn var með okkur krakkana í fermingarfræðslu horfði hann í augun á okkur og sagði okkur að nú stæðum við á tímamótum í lífinu. Við værum að slíta barnsskónum og þyrftum að undirbúa okkur fyrir lífsbaráttuna. Ýmsar ákvarðanir sem við tækjum nú myndu hafa áhrif á allt okkar líf. Það væri því mikilvægt að velja hvernig við stýrðum okkar fleyi. Lífið gæti verið mikið ævintýr en enginn mundi komast í gegnum það án þess að takast á við áföll, áskoranir, ógn, tækifæri og breytingar. Við værum að leggja í ferð, leggja á djúpið. Hann vildi að við lærðum þennan sálm því boðskapur hans væri frábært veganesti. Sr. Bragi bað okkur um að hafa sálminn í huga, ekki aðeins í fermingartímunum heldur í hvert sinn sem við stæðum á vegamótum í lífinu.

Fyrir fjórum árum óskaði ríkisvaldið eftir viðræðum við þjóðkirkjuna um fjárhagsleg samskipti. Kirkjuþing varð við því og kosinn var viðræðunefnd sem í voru auk mín, þau Jónína Bjartmarz og Óskar Magnússon. Af hálfu ríkisins voru viðræðurnar leiddar af ráðuneytisstjórum í forsætis-, fjármála- og efnahags- og dómsmálaráðuneyti. Að auki hafa ýmsir sérfræðingar komið að þessari vinnu.

Ég vil nota tækifærið og þakka fulltrúum ríkisins í þessum viðræðum fyrir góða samvinnu, heiðarleg og hreinskiptin skoðanaskipti og fagleg og góð vinnubrögð.

Á ýmsu hefur gengið á þessum fjórum árum en í haust komst skriður á samtal milli aðila og stutt er í að drög að samkomulagi verði tilbúinn. Gerð verður grein fyrir stöðunni á þessum viðræðum á sérstökum fundi kl. 13.00 á þriðjudag.

Í upphafi viðræðnanna vildi ríkið hafa það að leiðarljósi í samtalinu að stefnt væri að mjög auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar og að fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju væru einfölduð. Þegar þessar viðræður fóru aftur af stað í haust kom enn betur í ljós að það er vilji ríkisins að það hafi sem minnst afskipti af starfi kirkjunnar. Hugmynd ríkisins er að þjóðkirkjan annist um öll sín mál sjálf, prestar verði starfsmenn kirkjunnar en ekki embættismenn ríkisins. Fjármál öll, þ.m.t. bókhald og endurskoðun, verði ekki á ábyrgð ríkisins heldur taki þjóðkirkjan við þeim verkefnum öllum. Ráðherra annist ekki um verðskrá fyrir aukaverk presta og greiðslur samkvæmt kirkjujarðarsamkomulaginu verði ekki háðar fjölda presta eða annarra starfsmanna. Sem sagt sjálfstæð þjóðkirkja sem ber ábyrgð á sjálfri sér. Þjóðkirkja sem þarf að leggja á djúpið við talsvert breyttar aðstæður.

Ef niðurstaða samtalsins verður þessi og ef í framhaldinu samþykki kirkjuþing og Alþingi slíkan samning mun það þýða breytingar. Þetta mun kalla á lagabreytingar og að kirkjuþing setji starfsreglur sem komi í stað þeirra laga sem verður breytt eða felld á brott. Þá er spurning hvort skipulag kirkjunnar sé það skipulag sem best hentar henni til að takast á við þær áskoranir sem blasa við.

Að mínu mati þarf kirkjuþingið að ræða í hreinskilni hvar þjóðkirkjan er stödd, hvert fólk vilji að hún fari og svo auðvitað hvernig komast megi á áfangastað.

Auknu sjálfstæði fylgir aukin ábyrgð. Ríkisvaldið ætlast til þess að ef þessar breytingar verði að veruleika þá sé umsýsla kirkjunnar með þá fjármuni sem ríkið mun greiða þjóðkirkjunni vönduð, reglur skýrar, ákvarðanataka og uppgjör í samræmi það sem best þekkist í þeim efnunum. Það eru og hagsmunir þjóðkirkjunnar að svo sé. Vönduð stjórn og fjársýsla hefur áhrif á viðhorf fólksins í landinu til kirkjunnar og það viðhorf mun skipta miklu. Sjálfstæðari kirkja í breyttu lagaumhverfi mun þurfa að taka ábyrgð í ríkari mæli á ýmsum viðfangsefnum.

Breytt lög um skráningu barna í trúfélög munu hafa áhrif á fjölda þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna þegar þau börn sem fædd eru eftir að lögin tóku gildi verða 16 ára. Þjóðkirkjan þarf að huga að félagatali sínu, ekki bara eftir 10 ár heldur strax. En það er ekki einfalt. Ný persónuverndarlög gera þetta erfitt. Má í því sambandi vísa í frétt í Morgunblaðinu s.l. fimmtudag á bls. 6 um breyttar reglur hjá Þjóðskrá Íslands. Fjöldi féлага í þjóðkirkjunni hefur bein áhrif á greiðslur til þjóðkirkjunnar samkvæmt kirkjujarðarsamkomulaginu og greiðslum til sjóða sem og auðvitað heildarupphæð sóknargjalda. Til að tryggja fjárhagsstöðu kirkjunnar þarf að huga að fjölda skráðra sóknarbarna.

Þau koma upp í hugann orðin úr Matteusi 4. kafla, 19. versí:

„Komið og fylgið mér, og mun ég láta yður menn veiða“.

Þetta verður eitt af stóru verkefnum þjóðkirkjunnar til að tryggja félagafjölda, getu til að veita fólki góða þjónustu og svo auðvitað til að sinna skyldu sinni samkvæmt 28. kafla Matteusarguðspjalls um kristniboðsskipunina í versí 19. og 20.

Það er ekki ósennilegt að það þurfi að svara spurningunni: „Af hverju á ég að vera í þjóðkirkjunni, hvað fæ ég út úr því?“ Á að vera munur á aðgengi að þjónustu eftir því

hvort einstaklingur er meðlimur í þjóðkirkjunni eða ekki? Á að vera verðmunur? Slíkt fyrirkomulag þekkest í öðrum löndum. Er tækifæri í því, ef kirkjan verður vinnuveitandi presta, að semja þannig að fyrir hin svokölluðu aukaverk verði greitt í föstum launum? Það gæti þýtt að meðlimir í þjóðkirkjunni fengju þá þjónustu án aukagjalds en þeir sem ekki væru félagar greiddu samkvæmt verðskrá. Nú er ég ekki að leggja neitt að þessu til heldur aðeins að nefna þessi dæmi til að vekja fólk til umhugsunar um að það eru talsverðar breytingar framundan og að við þeim breytingum þarf að bregðast.

Leggja á djúpið með skýra sýn og háleit mark og mið.

Það er m.a. hlutverk ykkar, kæru kirkjuþingsfulltrúar, að takast á við þetta verkefni. Það verður vandasamt. En þá er gott að hafa í huga að breytingar eru ekki alltaf bara ógn, þær geta líka verið tækifæri. Það geta til dæmis falist tækifæri í auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar til að gera skipulagsbreytingar og aðlaga sig betur að síbreytilegu samfélagi. Það geta falist í því tækifæri að skoða hvort sama skipulag henti í dreifbýli og þéttbýli. Hvaða fyrirkomulag hentar best til að tryggja fólki góða þjónustu? Hvað hentar best til að laða fólk að starfi kirkjunnar og þátttöku í því?

Á undanförunum árum þar sem ég hef verið í sóknarnefnd og setið á kirkjuþingi hef ég betur gert mér grein fyrir því hve lítið ég vissi áður um starf kirkjunnar og þá miklu og víðtæku þjónustu sem hún veitir. Samt var ég ekki óvirkur innan hennar áður. Það er mjög mikilvægt að sú víðtæka þjónusta sem þjóðkirkjan veitir sé kynnt fólki betur en nú er gert. Það þarf að gera til þess að gera þá þjónustu aðgengilegri, til þess að gefa þjóðinni betri upplýsingar um hvað gert sé við þá fjármuni sem kirkjan fær greitt af skattfé og til að tryggja stöðu hinnar íslensku þjóðkirkju hjá þjóðinni. Í þessu sambandi vil ég enn á ný minna á orð Þorsteins Pálssonar fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra þegar hann kom og ræddi við okkur hér á vettvangi kirkjuþings 2013 og minnti okkur á mikilvægi þess að kirkjan hugaði vel að baklandi sínu.

### **Tempus fugit – tíminn flýgur.**

Þetta er 7. kirkjuþing sem ég set en jafnframt það síðasta. Eftir þau átta ár sem ég hef setið á kirkjuþingi þá er auðvitað margt að minnast. Efst í huga mínum er þakklæti fyrir að hafa fengið að kynnast svo mörgu hæfileikaríku og skemmtilegu fólki. Fólki sem virkilega ann þjóðkirkjunni og leggur töluvert á sig til að sinna hagsmunum hennar og oft töluvert meira til að tryggja að kirkjan veiti fólki sem besta þjónustu. Þá vil ég einnig nefna það hér að ég ber mikla og djúpa virðingu fyrir öllum sjálfböðaliðunum sem leggja svo mikið til kirkjustarfs á Íslandi. Það munar heldur betur um þau öll.

Sem forseti kirkjuþings hef ég auðvitað átt samskipti við fjölda fólks. Þau hafa verið lærdómsrík, oft skemmtileg en ekki alltaf auðveld. Það er nú svo að fólk hefur ákveðnar skoðanir og jafnvel djúpa sannfæringu fyrir ýmsu sem varðar kirkjuna. Stundum hefur jafnvel hvesst í samtölum og einhverjum sárnað. Ég verð að segja að mér finnst mun betra að takast á við slíkt frekar en tómlætið að fólki sé meira og minna sama. Ef fólki er sama um kirkjuna þá skiptir hún litlu máli. Það er eðlilegt að í svona stórrri kirkju séu skiptar skoðanir og mismunandi áherslur. Við eigum ekki að óttast hreinskilið samtal en það er rétt að hafa áhyggjur af tómlæti. Það að við höfum ólíkar skoðanir og mismunandi

áherslur þarf samt ekki að þýða að við getum ekki öll unnið vel saman. Með því að bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum forðumst við sundurlyndi en sundurlyndið hefur lengi verið slæmt mein innan þessarar kirkju.

Að lokum langar mig að vitna í setningarræðu Péturs Hafstein, forseta kirkjuþings, á aukakirkjuþingi 2011.

„Við verðum að draga þjálkann úr eigin auga og leggja allt í sölurnar til að endurheimta traust og trúnað þjóðarinnar svo að áfram geti verið hér í landi sú samfylgd kirkju og ríkis, kirkju og þjóðar, sem verið hefur burðarás í menningu og siðferði landsmanna um aldabil. Það gerum við einungis með því að efla svo innviði kirkjunnar að hún geti sinnt köllun sinni í samhljómi við lífið í landinu. Til þess þurfum við annars vegar að efla og styrkja samheldni og einingu innan kirkjunnar og hins vegar að færa kirkjuna enn fram á veg lýðræðis og nútímalegri starfshátta. Ef þjóðkirkjan vill vera þjóðkirkja í lífrænum tengslum við fólkið í landinu verður hún að leita til grasrótar sinnar en ekki upphessa sjálfa sig sem óumbreytanlega stofnun í guðfræðilegum skilningi. Við verðum að kalla miklu fleira fólk til ábyrgðar og ákvarðanatöku í kirkjunni, meðal annars með gerbreytingu á öllu fyrirkomulagi kosninga innan kirkjunnar, bæði biskupskosninga og kosninga til kirkjuþings. Við verðum að kalla eftir enn ríkari sjálfsákvörðunarrétti og um leið meiri ábyrgð þjóðkirkjunnar, ekki síst kirkjuþings, og verðum að leggja hlustir við kröfu tímans um nútímalegri stjórnhætti sem gefa um leið betra færi en áður til þess að veita skilvirka forystu í siðferðis- og trúarefnum“.

Ég hef ekki neinu við þessi orð Péturs Hafstein að bæta. Tek undir þau og geri að mínum.

Þá er ekki annað eftir en að fá að þakka fyrir mig. Þakka öllu því frábæra fólki sem ég hef átt samstarf við. Þakka einstöku starfsfólki biskupsstofu fyrir góða samvinnu, skynsamlegar ráðleggingar og mikið og óeigingjarnt starf fyrir kirkjuþing. Ég þakka biskupi Íslands frú Agnesi M. Sigurðardóttur fyrir samstarfið og mörg góð samtöl. Varaforsetum, formönnum fastanefnda, kirkjuráðsmönnum og öllum kirkjuþingsfulltrúum fyrr og nú þakka ég fyrir samleiðina.

Ykkur öllum óska ég velfarnaðar í störfum fyrir þjóðkirkjuna. Þið leggið á ný djúp, farnist ykkur vel og Guð ykkur geymi.

Takk fyrir mig.



## Ávarp fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssonar

Biskup Íslands, fulltrúar kirkjuþings.

Það er mér ánægja að fá þetta tækifæri til að ávarpa, hér í Vídalínskirkju í Garðabænum, þetta kirkjuþing. Ég stend hér í forföllum hæstvirts dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen.

Mig langar að gera að umtalsefni samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisins.

Á þessu ári eru liðin tuttugu ár síðan lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar tóku gildi. Lögin voru afrakstur nefndarstarfs sem staðið hafði frá árinu 1993 og höfuðforsendur þess voru þrjár:

- Í fyrsta lagi að veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kölluðu á breytingar á kirkjulöggjöfnni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnslu á kirkjulegum vettvangi.
- Í öðru lagi að búsetu- og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kölluðu á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.
- Í þriðja lagi að umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þyrfti samband ríkis og kirkju kallaði á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálfar um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar.

Eins og þið heyrið, þá hljómar flest í þessum tuttugu ára gömlu forsendum mjög kunnuglega í dag. Enn stöndum við í þeim sporum að kirkjan þarf meiri sveigjanleika í sínu starfi og meira sjálfstæði. Bæði til að svara breyttum þjóðfélagsaðstæðum og til að svara ákalli um aukið sjálfstæði kirkjunnar frá ríkisvaldinu. Það er líka svo, að á vegum kirkjuþings hefur allt frá árinu 2007 staðið yfir vinna við endurskoðun laganna frá 1997.

En það eru þó ekki bara lögin sjálf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem hafa kallað á endurskoðun. Það sama á ekki síður við um þá samninga sem eru í gildi á milli ríkisins og kirkjunnar. Með svonefndu kirkjujarðasamkomulagi voru árið 1997 settar niður gamlar deilur um uppgjör vegna fjölda fasteigna sem ríkið hafði fengið frá kirkjunni. Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju voru svo útfærð enn frekar í samningi árið 1998. Samkvæmt þessum samningum greiðir ríkið laun ákveðins hóps starfsmanna þjóðkirkjunnar, en kjararáð hafði það hlutverk að úrskurða um fjárhæð launanna og þar með um endanlega fjárhæð árlegs gagngjalds ríkisins fyrir umræddar jarðir. Nú hefur kjararáð verið lagt niður og um þessar mundir stendur yfir kynning á nýju fyrirkomulagi við launasetningu hjá miklum fjölda ríkisstarfsmanna. Það verður því einfaldlega ekki hjá því komist að endurskoða það hvernig við reiknum gagngjaldið frá ári til árs.

Fulltrúar ríkisins og kirkjunnar hafa undanfarið ræðst við um hvernig eigi að bregðast við þessu og hvaða skref eigi að taka fram á við. Þær viðræður eru nú mjög langt komnar og mér virðist rétt að við reynum að ljúka þeim á allra næstu vikum.

Ég tel langskynsamlegast að við notum þetta tækifæri til að taka stór skref til að þróa áfram fyrirkomulagið á samskiptum ríkis og kirkju. Ég vil setja fram nokkra punkta sem ég og dómsmálaráðherrann myndum vilja að við yrðum öll sammála um.

1. Í fyrsta lagi vil ég áréttta að sú greiðsla sem ríkið greiðir kirkjunni árlega á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins felur í sér gagngjald fyrir fasteignir. Það framlag verði ekki skert með neinum hætti. Það er mikilvægt að halda þessu skýrlega til haga því í opinberum umræðum heyrast oft raddir sem ganga út frá því að þetta framlag ríkisins sé einhvers konar örlætisgerningur sem megi missa sín. Þetta framlag þarf hins vegar að verða ótengt innri starfsemi þjóðkirkjunnar, svo sem launagreiðslum einstakra starfsstétta eða rekstrarkostnaði.
2. Í öðru lagi tel ég rétt að kirkjan taki alfarið við eigin starfsmannamálum.
3. Í þriðja lagi tel ég að við eigum að reyna að einfalda fjárhagslega umgjörð um samskiptin þannig að þær greiðslur sem í dag renna í Kristnisjóð, kirkjumálasjóð, Jöfnunarsjóð sókna og til höfuðkirkna, fari einfaldlega til kirkjunnar og hún beri sjálf ábyrgð á því hvernig hún ver þessu fé. Ríkið hlutist sem minnst um fjárhagsmálefni hennar eða skiptingu og ráðstöfun fjárframlaga. Ég vil líka áréttta að af minni hálfu stendur ekki til að þessi framlög skerðist frá því sem nú er.

Allt kallar þetta á umræður og ég þykist vita að þið eigið eftir að ræða þessi mál hér á þinginu. Dómsmálaráðherra hefur líka farið yfir það frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga sem síðasta kirkjuþing ályktaði um. Niðurstaða þeirrar yfirferðar er að það frumvarp gæti að langmestu leyti verið lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp, þótt ráðuneytið telji auðvitað nauðsynlegt að fara yfir einstök efnisatriði.

Ég vil ekki skorast undan því að ræða í þessu samhengi um þá ágjöf sem við sitjum undir, sem freistum þess að ná sáttum um að þróa áfram fyrirkomulagið á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju. Það er lítil sanngirni í málflutningi sumra þeirra sem hæst tala um aðskilnað ríkis og kirkju og um að best færi á því að ríkið hætti algjörlega að hafa nokkur afskipti af fjármálum neinna trúfélaga.

Oft virðist manni sem málflutningur af þessu tagi stafi einkum frá mjög ungu fólki, sem ekki hefur lent í neinum áföllum og hefur ekki séð það starf sem kirkjan vinnur við sálusorgun og ýmiss konar félagsþjónustu.

En jafnvel á Alþingi er töluverður hópur þingmanna sem virðist ekki tilbúinn til að viðurkenna að neinu leyti að þjóðkirkjan hafi hlutverk eða eigi erindi við samtímann. Ekki heldur til að virða þá samninga sem gerðir hafa verið.

Þetta gerir það enn brýnna en ella að ríkið og kirkjan nái sem fyrst saman um að þróa áfram samband sitt og sjálfstæði kirkjunnar innan skynsamlegs ramma, sem unnt er að ná sæmilega víðtækri sátt um.

Ágætu fundarmenn.

Starf þjóðkirkjunnar er mikilvægt, ekki síður en starfsemi ríkisins og miklu skiptir að störf ykkar sem hafa valist á kirkjuþing verði farsæl. Framundan er þing sem ég vona að verði bæði starfsamt og árangursríkt. Ég óska ykkur blessunar og velgengni í störfum ykkar.

## Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Fjármála- og efnahagsráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Ég vil byrja á því að þakka sóknarnefnd og starfsfólki hér í kirkjunni fyrir aðstöðuna og tónlistarfólkinu fyrir flutninginn. Einnig vil ég þakka forsætisnefnd, kirkjuráði og starfsfólki sem undirbúið hefur þingið.

### Fullveldið

Í ár höfum við hér á landi minnst 100 ára afmælis fullveldisins. Við vitum að árið 1918 var hörmungarár fyrir þjóðina, frostaveturinn mikli, spænska veikin dró marga til dauða og Katla spúði eldi, ösku og hrauni yfir land og skepnur. Sambandslagasamningurinn milli Dana og Íslendinga var ljós í myrkrinu en hann var undirritaður og samþykktur árið 1918 og tók formlega gildi þann 1. desember eins og kunnugt er. Með því náðist megináfangi í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og brautin rudd fyrir lýðveldisstofnuninni árið 1944. Það liðu mörg ár, mikil vinna var unnin, nokkrir áfangasigrar náðust og þjóðaratkvæðagreiðslur fóru fram þar til samningurinn tók gildi. Samtal, skýr markmið og tiltrú á verkefnið skiluðu þessum árangri.

### Kirkjuþingið og stjórnskipan þjóðkirkjunnar

Þegar samningar nást og ákvarðanir eru teknar hefur alla jafna farið fram mikil vinna og samtal og tiltrú á verkefnið áður en niðurstaða fæst. Það á einnig við um kirkjuna. Á þessu ári eru 60 ár frá því að kirkjuþing var fyrst haldið og 20 ár frá því fyrst var sett kirkjuþing í nýju lagaumhverfi. Biskup Íslands var forseti þingsins fyrstu 40 árin en nýja þinginu, ef svo má að orði komast, hefur verið stýrt af fjórum forsetum. Jón Helgason var fyrsti forsetinn og tók þátt í að móta starfshætti hins nýja kirkjuþings. Hann tókst á hendur að móta starf kirkjunnar í nýju lagaumhverfi sem forseti þingsins og stýra mótunarárunum en flestar þær starfsreglur sem í gildi eru í dag eru í grunninn frá fyrsta ári þingsins. Næsti forseti var Pétur Kr. Hafstein sem stýrði þinginu á umbrotatímum þegar erfið mál komu upp í kirkjunni og önnur erfið mál voru til umræðu. Þegar hann þurfti að hætta vegna veikinda tók varaforseti við, Margrét Björnsdóttir, en á aukakirkjuþingi þann 1. september 2012 tók núverandi forseti Magnús E. Kristjánsson við keflinu. Ljóst er að á þessu þingi verður kosinn nýr forseti þar sem Magnús er að hætta á þinginu. Vil ég þakka þér Magnús samstarfið og framlag þitt til þjóðkirkjunnar. Ég bið þér og fjölskyldu þinni farsældar og blessunar Guðs í bráð og lengd.

Þegar kirkjuþing kom fyrst saman árið 1958 hafði kirkjuráð verið starfandi í 26 ár, frá árinu 1932. Alþingi samþykkti lög um kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar árið 1931 og árið 1957 setti Alþingi lög um kirkjuþing. Í ritinu „Saga kirkjuráðs og kirkjuþings“ sem sr. Magnús Guðjónsson tók saman segir í inngangi: „Í ritsmíðinni er einkum fjallað um tvær mikilvægustu stofnanir íslensku þjóðkirkjunnar, kirkjuráð og kirkjuþing, og áhrif þeirra á allt starf kirkjunnar. Þessar stofnanir eru áfangar á leið kirkjunnar til frekara sjálfstæðis.“

Sr. Magnús segir að markmið skrifanna sé „að gera eins og kostur er grein fyrir þeirri þróun, sem kirkjan hefur gengið í gegnum og þó aðallega frá miðri 19. öld, þegar aðeins fer

að rofa til eftir áþján og ýmiss konar erfiðleika, sem að þjóðinni steðjuðu og tengja þannig þátið, nútíð og framtíð, minnug þess, að ef við rjúfum þau tengsl slítum við í sundur mikilvægan hlekk í þjóðarsögu okkar og menningu. Enda er íslensk kirkjusaga samofin sögu þjóðar og menningar.“

Af þessari tilvitnun má ljóst vera að langt er um liðið síðan kirkjunnar menn fóru að ræða um sjálfstæði kirkjunnar. Það var og er þróunarverkefni að koma breytingum á. Kirkjan hefur það hlutverk að boða fagnaðarerindið og til þess þarf hún mannafla á launum, skipulag og regluverk sem styður það hlutverk hennar.

Kirkjuþing hefur nú starfað í 20 ár eftir því lagaumhverfi sem nú er í gildi. Strax á fyrsta kirkjuþingi var samþykkt að leitað skyldi álits á því hvert væri valdsvið og verkefni kirkjuþings íslensku þjóðkirkjunnar annars vegar og kirkjuráðs hins vegar samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Voru fengnir til þess tveir lögfræðingar, Eiríkur Tómasson og Þorgeir Örlygsson. Þeir skiluðu áliti sínu þann 20. ágúst 1999 og hefur lengst af verið farið eftir þessu áliti í vinnubrögðum og verkferlum.

Til að skerpa á valdmörkum biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar var leitað eftir áliti þriggja lögfræðinga. Í inngangi álitsgerðar þeirra segir: „Með bréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015 voru Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Pétur Kr. Hafstein fyrrum hæstaréttardómari og Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands skipaðir í nefnd sem hefði það hlutverk meðal annars að greina, skýra og gefa álit á ábyrgð biskups Íslands annars vegar og kirkjuráðs hins vegar þannig að glögglega mætti greina á milli ábyrgðar, vald- og verksviðs hvors aðila um sig.“ Nefndin ákvað á fyrsta fundi sínum 1. desember 2015 að Pétur Kr. Hafstein myndi leiða störf hennar. Ágreiningslaust er að málsaðilar þess réttarágreinings sem lagður er fyrir nefndina eru tveir, annars vegar biskup Íslands sem jafnframt er forseti kirkjuráðs og hins vegar hinir fjórir kjörnu kirkjuráðsmenn. Í meðfylgjandi erindisbréfi kirkjuráðs er verkefni nefndarinnar þannig afmarkað að óskað er álits hennar á ábyrgð hvors málsaðila um sig samkvæmt ofangreindu. Þá er jafnframt óskað eftir því að staða og ábyrgð kirkjuþings sé skýrð í tengslum við þetta eftir því sem við eigi. Loks er óskað álits á því hvort biskup Íslands, biskupsstofa, kirkjuráð og kirkjuþing séu stjórnvöld og hvort þá sé um að ræða hliðsett, æðra eða lægra sett stjórnvöld og hver sé ábyrgð og staða viðkomandi stjórnvalds í því samhengi.”

Álit lögfræðinganna þriggja styður að mínu mati þau vinnubrögð sem viðhöfð höfðu verið til ársins 2014 og byggðu á áliti Eiríks og Þorgeirs um valdsvið og verkefni kirkjuþings og kirkjuráðs. Í áliti lögfræðinganna þriggja frá 2016 er tekið undir það sjónarmið sem gilt hafði að „Biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands og undir forstöðu hans“ og „að hann hefur vald um skipulag og starfslið stofnunarinnar.“

Í álitinu kemur einnig fram að kirkjuráð hefur „það hlutverk að (1) hafa yfirumsjón með heildarfjárhag þjóðkirkjunnar, (2) láta vinna heildaryfirlit yfir fjármál þjóðkirkjunnar fyrir kirkjuþing, (3) gera fjárhagsáætlun fyrir þjóðkirkjuna í heild og (4) standa skil á því gagnvart kirkjuþingi að reikningar stofnana og embætta kirkjunnar hafi hlotið viðhlítandi endurskoðun. Það hversu mikið vald felst í gerð fjárhagsáætlunar fer hins vegar eftir eðli þess verkefnis sem um ræðir hverju sinni og hversu ríkar valdheimildir önnur kirkjuleg stjórnvöld hafa um nánari útfærslu þeirra að lögum.“

Kirkjuþing getur breytt starfsreglum og búið til nýjar. Alþingi breytir lögum, líka um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þau lögfræðialit sem hér hefur verið vitnað til eru byggð á lögum og reglum. Ef við viljum breyta þá verðum við að byrja á því á kirkjuþingi að búa til nýjar starfsreglur eða bæta þær sem fyrir eru eða samþykkja það að fara fram á lagabreytingu á Alþingi. Við getum ekki haft hlutina eftir okkar hugmyndum nema þær eigi sér stoð í lögum og reglum. Þessu vil ég koma á framfæri við kirkjuþing, sérstaklega nýja fulltrúa og þau sem kosin verða í nýtt kirkjuráð. Það má ekki gerast aftur að ágreiningur komi upp um valdsvið kirkjuþings, kirkjuráðs eða biskupsembættisins. Við VERÐUM öll að vinna saman að því að koma fagnaðarerindinu til skila. Vinna eftir því umboði sem við höfum fengið frá þeim sem kusu okkur og þeim Guði sem hefur kallað okkur til þjónustunnar. Þetta veit ég að allir eru sammála um. Þetta er þegar upp er staðið ekki spurning um völd heldur ábyrgð og þjónustu og að farvegur lífsins lindar sé þekktur og án hindrana.

### **Sameining prestakalla**

Á þessu kirkjuþingi eru meðal annars lagðar fram tillögur að nýrri skipan þjónustunnar. Að prestaköll verði sameinuð. Biskupafundur leggur þær fram og lætur fylgja í skjali aðrar tillögur fyrir landið allt sem ekki eru lagðar fram á þessu þingi. Biskupafundur ákvað að gera þetta svona að leggja nú aðeins fyrir tillögur fyrir þau prestaköll þar sem vitað er að breytingar eru í vændum næsta árið. Almenn hefur þessari nýju hugsun, sem reyndar er ekki ný, kom að minnsta kosti fram árið 1974 og kannski fyrr, þessari hugsun hefur verið vel tekið. Niðurstöður í starfsumhverfiskönnun presta sem gerð var árið 2016 styður þessa hugsun um aukna samvinnu kirkjunnar þjóna. Prestar vilja almennt vinna meira saman, eiga faglegt samráð við hvern annan og þurfa ekki að bera einir ábyrgð á öllum þeim fjölmörgu málaflokkum sem prestar sinna meðal sóknarbarna sinna. Faglegheit munu aukast þegar prestahópurinn samanstendur af prestum sem hafa jafnvel sérmenntun á ýmsum sviðum prestsþjónustunnar, hæfileikar hvers og eins njóta sín betur og nýttast fleiri sóknarbörnum. Þau sem reynt hafa geta vitnað um það. Auðvitað eru ýmis atriði sem þarf að huga að þegar breytingar eiga sér stað. Eins og málið er lagt upp núna þá er gert ráð fyrir að prestar búi enn á þeim prestssetrum sem enn eru fyrir hendi. Að kjörnefndir prestakallsins, hvar í eiga sæti fulltrúar allra sóknarnefnda, kjósi prestana og að sóknirnar haldist óbreyttar sé það vilji sóknarbarna. Breyting á starfi í sóknunum breytist ekki nema sóknarbörnin óski eftir því eða eitthvað ófyrirséð komi upp.

### **Umhverfismál**

Á kirkjuþinginu í fyrra var samþykkt ný umhverfisstefna.

Í greinargerð með umhverfisstefnunni stendur m.a.: „Allar manneskjur þurfa að vinna saman að því að snúa við neikvæðri þróun á umhverfi og náttúru og reyna að finna sjálfbærar lausnir á umhverfisvandamum. Slík samstaða vekur von um að hægt sé að sporna gegn frekari loftslagsbreytingum og náttúruvá af hennar völdum. Samkvæmt kristnum mannskilningi er ímynd Guðs að finna í hverri manneskju, slík samstaða eflir vonina um að skapa sameiginlega framtíð allra. Sömuleiðis eru allar manneskjur ábyrgar

fyrir umhverfisvánni sem við stöndum frammi fyrir. Fræðslu og þekkingu um stöðu mála þarf að miðla til allra til að vekja fólk til vitundar um umhverfisvána og hvetja fólk til náttúruverndar.“

Í umhverfisstefnunni er aðgerðaráætlun og eftir henni hefur verið farið. Handbók um umhverfisstarf í kirkjunni er komin á veraldarvefinn og bæklingurinn Græni söfnuðurinn okkar hefur farið í dreifingu. Vil ég þakka umhverfishópnum og verkefnisstjóranum sr. Halldóri Reynissyni fyrir vinnuna og framkvæmdina alla.

Hvað skyldu mörg kolefnisfótspor hafa verið stigin á ferð okkar hingað í dag, hvað kosta þau og hversu mörgum trjám þarf að planta vegna ferðalagsins? Kolefnisfótsporin er hægt að reikna. Ein ferð fram og til baka til Akureyrar kostar 366 krónur ef um bensínbíl er að ræða og meðaleyðslu á kílómetra en 422 krónur ef um díselbíl er að ræða og gróðursetja þarf tvö tré. Flugferðin kostar 219 krónur og eitt tré. Við þurfum að gróðursetja all nokkur tré samanlagt til að bæta fyrir losun kolefnis út í andrúmsloftið ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm og fara eftir umhverfisstefnunni sem samþykkt var hér í fyrra. Þetta vekur meðal annars til umhugsunar hvort hægt sé að fækka fundum sem fólk kemur til víðs vegar að. Einnig vekur það spurningu um hvort nota eigi frekar þá tækni sem veraldarvefurinn býður upp á til samtals. Það kostar minna í peningum talið og minni kolefnislosun. Alla vega er ljóst að við verðum að breyta um lífsstíl ef mannlíf á að þrífast í framtíðinni um alla jörð. Hér á þessu kirkjuþingi verður ekki dreift útprentuðum blöðum með tillögum og breytingartillögum nema til þeirra sem óskað hafa eftir því. Allar tillögur og breytingartillögur og endanlegur texti er aðgengilegur í hinu rafræna skjalavistunarkerfi. Við þurfum ekki að flytja með okkur afurðir skógarins heim í hlað, aðeins eina tölvu.

### **Fræðslumál**

Hér á þessu kirkjuþingi verður lögð fram ný fræðslustefna. Áhersluatriði hennar til næstu tveggja ára eru umhverfismál og skírnin.

Umhverfismálin eru í kirkjunni skoðuð með gleraugum vistguðfræðinnar. Í vistguðfræði er sjónum meðal annars beint að siðferðilegri ábyrgð mannsins gagnvart sköpunarverkinu. Þjóðkirkjan var gestgjafi Alkirkjuráðsins sem hélt ráðstefnu í fyrra um réttlátan frið við jörðina og fulltrúar hennar tóku líka þátt í Artic Circle og í síðasta mánuði funduðu höfuðbiskupar Norðurlandanna um umhverfismál og tóku þátt í málþingi um framtíð norðurskautsins á Artic Circle ráðstefnunni. Einnig stóðu guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands og stofnun Sigurbjörns Einarssonar fyrir málstofu á ráðstefnunni um umhverfismál. Biskuparnir prédikuðu í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og í Hallgrímskirkju spurði Andrés Arnalds landgræðslusérfræðingur, „hver talar fyrir móður jörð?“ Tvö undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið þátt í tímabili sköpunarverksins „Season of Creation“ sem er grasrótarhreyfing kirkjufólks sem ann sköpuninni.

Fræðsla um skírnina verður líka í brennidepli næstu tvö árin hjá þjónustusviði biskupsstofu. Sífelld færri foreldrar velja það að fela barnið sitt Guði og láta skíra það. Þetta er ekki séríslenskt fyrirbæri. Lúterskar systurkirkjur okkar flytja okkur fréttir af því sama. Ekki hefur verið gerð rannsókn á því hvað veldur né hve mörg börn eru skírð af þeim sem fæðast hér á landi. Á kirkjuþingi 2016 var samþykkt að skipa starfshóp um skírnarfræðslu.

Vinna hans hefur nýst og mun nýtast til áframhaldandi fræðslu um skírnina og gildi hennar fyrir einstaklinga og þjóðlífið.

### **Kirkjan og framtíðin**

Umfjöllun um þjóðkirkjuna í fjölmiðlum gefur sjaldnast til kynna að hún eigi sér mikla framtíð. Þjóðkirkjan er samt ennþá stærsta trúfélagið hér á landi. Fólkið í kirkjunni er hin eiginlega kirkja. Á vísitásium hittum við biskupar og prófastar glatt og þakklátt fólk sem metur mikils að tilheyra þeim hópi sem tilheyrir kirkjunni, ekki bara hér á landi heldur um víða veröld. Fjölmiðlaumfjöllun um kirkjuna bendir til að óskað er eftir rödd kirkjunnar í samfélagsumræðunni og siðferðilegum vegvísi til framtíðar. Þjóðkirkjan verður nú eins og á öllum tímum að tala við samtíð sína á tungumáli sem skilst og varpa kristnu ljósi á þau mál sem eru til umræðu.

Ég þakka kirkjuþingsfulltrúum fyrir þjónustuna í kirkjunni sem og öðrum þeim er styðja hana og vernda. Biðjum Guð að gefa styrk og þor til góðra verka.

## Kosningar í upphafi kirkjuþings 2018

### Kosning kjörbréfanefndar

Anný Ingimarsdóttir  
Arna Grétarsdóttir  
Hreiðar Örn Stefánsson Zoëga  
Steindór R. Haraldsson, formaður  
Þóra Hjörleifsdóttir

### Kosning þingforseta

Drífa Hjartardóttir

### Kosning 1. varaforseta

Stefán Magnússon

### Kosning 2. varaforseta

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

### Kosning fastra þingnefnda kirkjuþings

#### *Löggjafarnefnd*

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir  
Arna Grétarsdóttir, varaformaður  
Axel Árnason Njarðvík  
Bryndís Malla Elísdóttir  
Hildur Inga Rúnarsdóttir  
Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson  
Skúli Sigurður Ólafsson  
Stefán Magnússon  
Steindór R. Haraldsson, formaður

#### *Fjárhagsnefnd*

Gísli Gunnarsson  
Gísli Jónasson, formaður  
Guðmundur Þór Guðmundsson  
Hreinn Hákonarson  
Ólafur Björgvin Valgeirsson  
Sigríður Munda Jónsdóttir  
Svana Helen Björnsdóttir, varaformaður  
Þorkell Heiðarsson  
Þóra Hjörleifsdóttir

#### *Allsherjarnefnd*

Anný Ingimarsdóttir  
Árný Herbertsdóttir  
Guðbjörg Arnardóttir  
Guðlaugur Óskarsson, varaformaður



Guðrún Karls Helgudóttir, formaður  
Jónína Ólafsdóttir  
Kolbrún Baldursdóttir  
Margrét Eggertsdóttir  
Ólöf Margrét Snorradóttir

Þingskrifarar

Guðlaugur Óskarsson  
Sigríður Munda Jónsdóttir

1. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuráði

## Skýrsla kirkjuráðs

### Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir prestsvígðir menn. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi en kirkjuráð var kosið á kirkjuþingi 2014 til fjögurra ára. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sr. Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon, bóndi og Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir bóndi, Einar Karl Haraldsson framkvæmdastjóri, sr. Gísli Jónasson og sr. Geir Waage.

### Starfsemi kirkjuráðs

#### *Almennt*

Um störf kirkjuráðs fer eftir lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs. Ráðið úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

#### *Kirkjuráðsfundir*

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári (kirkjuþingsárinu) hélt ráðið tíu reglulega fundi auk tveggja aukafunda. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

#### *Starfshópar kirkjuráðs*

Starfshópar kirkjuráðs eru fjármálahópur, kirkjustarfs/fasteignahópur og lagahópur. Þeir eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

#### *Starfsfólk kirkjuráðs*

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs er Oddur Einarsson. Annað starfsfólk kirkjuráðs eru Guðrún

Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason arkitekt, verkefnisstjóri á fasteignasviði og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuráðs, sviðsstjóri fasteignasviðs kirkjumálasjóðs og lögfræðingur kirkjuþings.

#### *Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu*

Reglulegt kirkjuþing, 56. kirkjuþing 2017, var haldið í Vídalínskirkju og hófst hinn 11. nóvember 2017. Hinn 15. nóvember var því frestað og framhaldið 10. mars 2018.

Alls voru 22 mál á dagskrá þingsins og 19 þeirra voru afgreidd frá því. Eitt mál var dregið til baka, einu máli var vísað frá þinginu og eitt mál var ekki afgreitt. Kirkjuráð lagði fram sex mál, biskup Íslands flutti fimm mál, löggjafarnefnd þrjú mál, kirkjuþing unga fólksins eitt mál og þjóðmálanefnd eitt mál. Þingmannamál voru sex.

Aukakirkjuþing var haldið í Neskirkju hinn 30. mars 2017. Tvö mál voru á dagskrá og voru þau bæði afgreidd frá þinginu.

Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykktá kirkjuþings.

#### **Ályktanir og samþykktir 5. kirkjuþings 2017 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim.**

Mál 56. kirkjuþings sem vísað var til kirkjuráðs eða kirkjuráð ákvað að taka á dagskrá sína voru tekin fyrir á (2)72. fundi kirkjuráðs hinn 12. desember og þar afgreidd með eftirgreindum hætti:

1. *1. mál, skýrsla kirkjuráðs.*

Kirkjuþing 2017 ályktar um mikilvægi þess að bæta stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing ályktar að tímabært sé að auka samstarf og sameiningu sókna, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og tekur undir það að Jöfnunarsjóður sókna veiti sóknum sem sameinast fjárfstyrki vegna þess. Forseti kirkjuráðs lagði til að sérstakt átak verði gert til að tryggja máli þessu framgang.

Kirkjuþing ályktar að starfshópur um skírnarfræðslu, sbr. áfangaskýrslu á fylgiskjali með skýrslu kirkjuráðs, sem lögð hefur verið fram á kirkjuþingi til kynningar, haldi áfram störfum og leggi fyrir næsta kirkjuþing tillögur sínar í samræmi við framangreinda áfangaskýrslu. Lagt til að veitt verði einni milljón króna í verkefnið.

2. *7. mál. Þingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.*

Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná markmiðum í ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Kirkjuráð ályktar að starfsliði þess verði falið að vinna að framgangi málsins.

3. *8. mál. Þingsályktun um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2017 ályktar að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum Þjóðkirkjunnar, eins og kveðið er á um í jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar frá 2009, með síðari breytingum. Skulu að jafnaði sitja þar að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Kirkjuráð fylgi því eftir að við þessi viðmið sé staðið eins og kostur er.

4. *10. mál. Þingsályktun um ráðningu jafnréttisfulltrúa Þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2017 samþykkir að fela kirkjuráði að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa og ráða í hana. Um hálf starf er að ræða og mun jafnréttisfulltrúinn vinna náið með jafnréttisnefnd kirkjunnar að framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar auk þess að vinna að jafnréttismálum kirkjunnar almennt. Hér er um tilraunaverkefni til fimm ára að ræða.

Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að leggja drög að lýsingu á umbúnaði starfsins og auglýsingu um það og kynna kirkjuráðsmönnum fyrir næsta fund.

5. *11. mál. Þingsályktun um Víkurgarð í Reykjavík.*

Kirkjuþing 2017 felur kirkjuráði að koma á framfæri við þar til bær stjórnvöld að lög og reglur um niðurlagða kirkjugarða séu virt hvað varðar Víkurgarð í Reykjavík. Ennfremur vill kirkjuþing benda á að í 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum, segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“

Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að koma ályktuninni á framfæri við rétt yfirvöld.

6. *16. mál. Þingsályktun um umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar. Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020.*

Kirkjuráð ályktar að umhverfisnefnd og starfsmaður hennar vinni að framgangi áætlunarinnar.

7. *18. mál. Þingsályktun um að auka tengsl Þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.*

Kirkjuþing 2017 samþykkir að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi Þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu sem miði að því að kirkjuþing 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um fulla aðild að samtökunum.

8. *19. mál. Starfsreglur sem samþykktar voru á kirkjuþingi og birtar í Stjórnartíðindum.*

Upplýst var að fjórar starfsreglur sem kirkjuþing 2017 samþykkti hefðu verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsreglurnar eru þessar:

- a. Breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum, var birt 27. nóvember og er nr. 1024/2017.
- b. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar voru birtar 8. desember og eru nr. 1074/2017.
- c. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings voru birtar 8. desember og eru nr. 1075/2017.
- d. Breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum, var birt 8. desember og er 1076/2017.

9. *Uppstillingarnefnd.*

Fram kom tillaga um að kirkjuráð skipi uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar skv. 1. mgr. 18. gr. starfsreglnanna.

10. *6. mál. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.*

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að eðlisbreyting hefði orðið á starfi organista með samþykkt starfsreglnanna og líklegt að kærumálum myndi fjölga. Jafnframt að ráðning til eins árs í senn væri ekki líkleg til árangurs.

11. *Fyrirspurnartími á kirkjuþingi.*

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að verið væri að blanda saman undirbúnum og óundirbúnum fyrirspurnum. Forseti kirkjuþings upplýsti að tvær greinar í þingsköpum fjölluðu um fyrirspurnir. Gert væri ráð fyrir að sá sem fyrirspurn beindist að hefði 24 stundir til að undirbúa svar sitt. Spurning væri hvort nýs kirkjuþings biði að endurskoða þingsköp kirkjuþings hvað þetta varðaði. Fram kom sú hugmynd að skilafrestur fyrirspurna til kirkjuþings yrði sá sami og mála sem lögð eru fyrir þingið.

12. *Fundartími framhaldsfundar kirkjuþings.*

Forseti kirkjuþings lagði fram tillögu um að framhaldsfundur kirkjuþings yrði 10. mars 2018 í Vídalínskirkju. Tillagan var samþykkt.

## **Kirkjuþing unga fólksins 2017**

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupsstofu hinn 26. maí 2018. Kirkjuþingsfulltrúar voru 13 talsins frá sjö prófastsdæmum ásamt fulltrúa frá KFUM/K.

Berglind Hönnudóttir úr Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra var kjörin forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþingi hinu almenna.

Átta mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni, breytingar á starfsreglum voru ofarlega í huga kirkjuþingsfulltrúanna. Kirkjuþing unga fólksins lætur sig varða umhverfismál og hvetur kirkjuna til að vera ávallt leiðandi á þeim vettvangi.

## **Ályktanir kirkjuþings unga fólksins 2017**

### ***Kirkjuþing unga fólksins um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn***

Kirkjuþing unga fólksins fagnar ákvörðun hins almenna kirkjuþings að styrkja og efla þátttöku ungs fólks í stjórnslu kirkjunnar. Það er mikilvægt skref til að styrkja stöðu unga fólksins innan þjóðkirkjunnar og hvetja þau áfram í starfi, sem og að styrkja framtíð kirkjunnar. Eins og margoft hefur verið sagt er unga fólkframtíðin og þess vegna þykir okkur mikilvægt að fá að taka þátt í að móta framtíðarstefnu kirkjunnar okkar. Við hlökkum til að sjá þær tillögur að breytingum á starfsreglum sem biskupi Íslands, forsætisnefnd kirkjuþings og kirkjuráði var fengið að móta og leggja fram á kirkjuþingi 2018.

### ***Kirkjuþing unga fólksins um aðskilnað ríkis og kirkju***

Kirkjuþing unga fólksins ályktar svo að frekari aðgerðir þjóðkirkjunnar eigi að stuðla að aðskilnaði ríkis og kirkju. Kirkjan hefur engin raunveruleg not fyrir það að vera bundin ríkisvaldinu. Kirkjan á að sjá um sinn söfnuð á eigin spýtur og mál kirkjunnar ættu að vera mál kirkjunnar, eingöngu.

### ***Umhverfismál kirkjunnar***

Á hinu almenna kirkjuþingi 2017 var samþykkt að „útrýma einnota plastmálum úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árslok 2018.“ Þá beinir kirkjuþing unga fólksins því til hins almenna kirkjuþings, og kirkjuráðs eftir því sem við á, að setja starfsreglur svo tryggja megi eftirfylgni þeirra samþykktar kirkjuþings 2017.

### ***Pappírslaut kirkjuþing***

Kirkjuþing unga fólksins hvetur hið almenna kirkjuþing til að gerast pappírslaut. Pappírslaut kirkjuþing hefur um tíma verið hugsjón fyrir framtíð kirkjuþing. Kirkjuþing unga fólksins hefur nú þegar verið haldið pappírslaut frá árinu 2015 og ætti hið almenna kirkjuþing að gera það einnig. Kirkjan hefur undanfarið verið að leggja meiri áherslu á umhverfismál og væri þetta áhrifamikil leið fyrir kirkjuþing að setja gott fordæmi. Tækninni fer fram og sífellt auðveldara verður að skrifa og ná í skjöl í gegnum netið, þessi breyting er því orðin vel framkvæmanleg og tímabært að kirkjuþing taki þá afgerandi afstöðu að verða pappírslaut.

### ***Tillögur að breytingum á starfsreglum.***

Kirkjuþing unga fólksins samþykkti tillögur að breytingum að starfsreglum er varða þingsköp, skipan og fjölda fulltrúa milli prófastsdæma og lengingu á kirkjuþingi unga fólksins í tveggja daga þing yfir helgi.

### ***Verkefni kirkjuráðs***

Fyrsti fundur kirkjuráðs eftir 56. kirkjuþing var 272. fundur og var haldinn hinn 12. desember 2017. Alls urðu fundir kirkjuráðs 12 á kirkjuþingsárinu eins og áður hefur komið fram og var síðasti fundur fyrir núverandi kirkjuþing sá (2)83. í röðinni. Í skýrslu þessari verður vísað til fundanna um gjörðir kirkjuráðs í númeraröð og til hægðarauka verður einungis vísað til þess tugar sem þeir tilheyra. Þannig verður 272. fundur nefndur 72. fundur, 273. fundur verður nefndur 73. fundur o.s.frv. Einungis verður fjallað um mál sem tekin voru á dagskrá og hlutu þar afgreiðslu af hálfu ráðsins eða skuldbindandi ákvörðun var tekin um.

### ***Verkefni kirkjuráðs á fasteignasviði***

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á tíu af tólf fundum kirkjuráðs á starfsárinu. Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var tekið fyrir mál er varðaði aðilaskipti að réttindum er varða mannvirki og hugsanlegan leigurétt að Saurbæjarlandi í landi Saurbæjar, fnr. 210-

4374 í Hvalfjarðarsveit. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við aðilaskiptin og samþykkir þau fyrir sitt leyti. Þá var tekið fyrir erindi RARIK ohf. vegna endurnýjunar á háspennulínu að Melstað í Miðfirði. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samkomulagsins og áritar það til staðfestingar. Þá var tekið fyrir erindið Reykhólar, prestbústaður, tilboð um kaup á íbúð í raðhúsi. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samninga við byggingaraðilann, felur fasteignasviði málið og framkvæmdastjóra að undirrita yfirlýsinguna. Þá var tekið fyrir erindið Reykholtsskógar, samningur. Kirkjuráð samþykkir samninginn, felur ábúanda að undirrita hann og framkvæmdastjóra að staðfesta hann f.h. kirkjumálasjóðs. Að lokum var tekið fyrir mál er varðaði Staðastað, auglýsingu um laust embætti. Kirkjuráð ályktar að hlunnindi jarðarinnar verði undanskilin í auglýsingunni með sama hætti og fordæmi eru fyrir. Jörðin verði ekki afhent nýjum sóknarpresti fyrr en niðurstaða fæst í deilur um landamerki. Ákvörðun um að undanskilja hlunnindin verði eftir atvikum endurskoðuð þegar starfshópur um hlunnindamál prestsetursjarða lýkur störfum.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 var tekið fyrir erindið Glaumbær, Sauðárkrókslína 2, erindi Landsnets. Lagt var fram erindi Landsnets ásamt lýsingu á línustæði og samþykkisyfirlýsingu. Stjórnarmaður Landsnets, Svana Helen Björnsdóttir, kirkjuráðsmaður vék sæti við afgreiðslu málsins. Kirkjuráð samþykkir erindið.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekið fyrir erindið Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við lóðarblaðið og telur það vera í fullu samræmi við fyrirbyggjandi gögn um landamerki jarðanna. Þá var tekið fyrir Skálholtsbúið, úttekt skv. ábúðarlögum. Kirkjuráð hefur kynnt sér skýrsluna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Á (2)75. fundi hinn 9. mars 2018 var lagt fram erindið Valþjófsstaður, tilboð sveitarfélagsins í landspildu. Ákveðið að gera gagntilboð við fram komið tilboð. Þá var lagt fram erindið Miðfjarðará, erindi Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar viðhaldsframkvæmdar á brú á Miðfjarðará. Farið er fram á leyfi landeiganda jarðarinnar Melstaðar fyrir framkvæmdinni. Kirkjuráð samþykkir erindið. Framkvæmdastjóra falið að koma á framfæri þeirri ábendingu að framkvæmdatími geti haft neikvæð áhrif á veiði í Miðfjarðará. Þá var lagt fram erindið Hof í Vopnafirði, búsetuskylda, erindi sóknarprests en í því fer hann fram á að verða leystur undan því að sitja prestsetursjörðina Hof í Vopnafirði. Kirkjuráð ályktar að orðið verði við erindi sóknarprestsins. Þá var lagt fram kautilboð í jörðina Árnes 1. Kirkjuráð ályktaði að hafna tilboðinu enda jörðin ekki á sölulista kirkjuþings. Að lokum var lögð fram úttektarskýrsla vegna jarðarinnar Hraungerði í Flóahreppi. Kirkjuráð samþykkti að óska eftir yfirmati samkvæmt ábúðarlögum.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var lagt fram erindið Valþjófsstaður, Landsnet, Kröflulína 3, tilboð um bætur vegna línulagnar.

Kirkjuráð samþykkti tilboðið. Þá var lagt fram erindið Fjarðarskel ehf. Forkaupsréttur kirkjumálasjóðs. Kirkjuráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum enda meti fasteignasvið að slíkt gangi ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs. Þá var lögð fram yfirmatsgerð vegna tjóns í Saurbæ af völdum hitaveitulagnar.

Kirkjuráð samþykkir yfirmatsgerðina og felur lögmönnum sínum að ganga til samninga um málið á grundvelli hennar. Þá var lagt fram erindið Hörgársveit, Glæsibær, aðalskipulag, skipulagslýsing. Kirkjuráð gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna og tekur undir álit kirkjugarðaráðs um hana, dags. 4. apríl 2018. Kirkjuráð bendir á að eðlilegt sé að leita álots sóknarnefndar Möðruvallaklaustursóknar og kirkjugarðsstjórnar. Þá var lagt fram erindið Langesbyggð, Skeggjastaðir, ljósleiðaralagning. Kirkjuráð fellst á erindið og veitir heimild til að Langesbyggð leggi ljósleiðara um land kirkjumálasjóðs að Skeggjastöðum. Kirkjuráð samþykkir jafnframt að óska eftir að fá ljósleiðarann tengdan við fasteign sjóðsins að Skeggjastöðum, sbr. erindið. Þá var lagt fram erindi varðandi aðalfund Veidifélags Árnesinga. Kirkjuráð samþykkir að fela Drífu Kristjánsdóttur formanni Tungufljótsdeildar Veidifélags Árnesinga umboð til að fara með atkvæði Kirkjumálasjóðs í veidifélaginu vegna jarðanna Mosfells og Skálholts á aðalfundi veidifélagsins 2018. Að lokum var lagt fram erindi fráfarandi sóknarprests að Laufási í Eyjafirði varðandi tímabundna nýtingu útihúsa í námsleyfi sínu. Kirkjuráð samþykkir erindið enda gangi það ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs.

(2)77. fundur kirkjuráðs sem haldinn var hinn 27. apríl 2018 var aukafundur og þar engin fasteignamál á dagskrá.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 var samþykkt tillaga fasteignahóps um viðhald prestbústaðarins að Holti í Önundarfirði. Þá var jafnframt staðfest umboð sóknarprestsins í Vopnafirði til setu í stjórn veidifélags Hofsrár. Einnig var samþykkt afgreiðsla starfshópsins varðandi breytingar á lóðamörkum í Reykholti og ábúanda falið að leiða málið til lykta. Lagt var fram erindi varðandi leyfi til fornleifarannsóknna á jörðinni Odda á Rangárvöllum og leyfið samþykkt. Að lokum var lagt fyrir málið Valþjófsstaður, línulögn. Málið hafði áður verið á dagskrá 276. fundar og þar samþykkt. Fram hafði komið nýtt og hærra tilboð um bætur vegna línulagnar um jörðina. Kirkjuráð samþykkir hið breytta tilboð og áritar það til samþykkis landeiganda. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að undirrita önnur skjöl málsins.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 var tekið fyrir málefni er varðar hlunnindi prestssetursjarða, tillaga fasteignahóps þess efnis að hópnum verði falið að leggja fram hugmyndir, komi ekki fram tillögur frá nefndinni sem skipuð var árið 2016 svo kirkjuráð geti lagt málið fyrir komandi kirkjuþing 2018. Tillaga starfshópsins samþykkt. Að lokum samþykkti kirkjuráð erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi lagningu ljósleiðara að Mælifelli.

Á (2)80. fundi hinn 21. ágúst 2018 var tekin fyrir fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs, dags. 20. ágúst 2018. Tekið fyrir erindi leigjanda kirkjumálasjóðs varðandi viðhald Valþjófsstaðar. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að honum verði heimilaðar lagfæringar á útihúsum á eigin kostnað. Tekið fyrir kauptilboð kirkjumálasjóðs í fasteignina Sunnuvegur 4 á Þórshöfn. Kirkjuráð staðfestir kauptilboðið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá kaupunum. Tekið fyrir málið Reykholtsskógar, samningur um leigu lands og ræktun skóga. Samningurinn lagður fram. Kirkjuráð staðfestir samninginn og fagnar verkefninu.



Á (2)82. fundi hinn 9. október var tekin fyrir fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs, dags. 8. október 2018. Tekinn var fyrir liður 2, hlunnindi af prestssetursjörðum. Lögð fram tillaga starfshópsins að breytingu á 23. gr. starfsreglna nr. 950/2009. Kirkjuráð samþykkir að tillagan verði lögð fyrir komandi kirkjuþing.

### **Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála**

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á alls ellefu fundum á starfsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var lögð fram fundargerð fjármalahóps kirkjuráðs 8. desember 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir biskupsstofu, kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018. Kirkjuráð samþykkti þær með fyrirvara um framlög á fjárlögum. Áætlanirnar voru birtar sem fylgiskjöl með fundargerð fundarins. Þá voru lagðir fram ársreikningar kirkjumálasjóðs og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 var tekin fyrir og samþykkt fjárhagsáætlun Skálholts.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekinn fyrir ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2016 og samþykktur. Jafnframt samþykkt tillaga um að fjármalahópur kirkjuráðs vinni tillögur um að snúa við halla sjóðsins.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 voru lögð fram drög að húsaleigusamningi vegna Laugavegar 31. Kirkjuráð fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 var tekin fyrir fundargerð fjármalahóps frá 8. júní. Tekinn fyrir 3. liður, Egilsstaðakirkja, styrkur til viðhalds. Samþykktur styrkur úr Jöfnunarsjóði sókna að fjárhæð 5 m.kr. á þessu ári. Jafnframt samþykkt vilyrði fyrir 10 m.kr. styrk árin 2019 og 2020 gegn staðfestingu viðskiptabanka sóknarinnar á fjármögnun framkvæmdarinnar.

Á (2)81. fundi hinn 20. september 2018 var lagður fram þjónustusamningur vegna Strandarkirkju. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Á (2)83. fundi hinn 29. október 2018 voru lagðar fram rekstraráætlanir biskupsstofu og sjóða og stofnana þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019 og ályktaði kirkjuráð að þeim skyldi vísað til kynningar á komandi kirkjuþingi og eftir atvikum til umfjöllunar í fjármalahópi kirkjuráðs að því loknu, til undirbúnings endanlegrar ákvörðunar á desemberfundi ráðsins.

### **Önnur verkefni en þau er varða fjármál og fasteignir**

#### **Málefni Skálholts**

Málefni Skálholts voru til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti á níu fundum kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var kynnt arkitektasamkeppni vegna breytinga á vígslubiskupshúsi í Skálholti og ákveðið var að sækja um styrk úr húsafriðunarsjóði 2018 vegna verkefnisins: *Viðgerð á gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju*. Þá var kynntur samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyrirtæki vegna uppbyggingar í Skálholti

og ákveðið að bjóða fulltrúum fyrirtækisins til fundar við stjórn Skálholts.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 voru til umfjöllunar skógræktarmál og framhald búskapar í Skálholti. Lögð fram drög að skógræktarsamningi við Skógræktarfélag Íslands. Þá var einnig samþykktur samningur um biskupsþjónustu og staðarhald í Skálholti sem gildi þar til nýr vígslubiskup í Skálholti hefur verið vígður og hefur tekið við embætti sínu.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekin fyrir og samþykkt endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar. Þá var lögð fram skýrsla Brunavarna Árnæssýslu með niðurstöðum úr eldvarnaskoðun og umsögn vegna gistileyfis til handa staðnum fyrir allt að 36 manns. Að lokum var lagt fram dómnefndarálit vegna hugmyndasamkeppni um vígslubiskupshús.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var til umfjöllunar bókun 44. fundar stjórnar Skálholts varðandi uppbyggingu í Skálholti. Samþykkt var tillaga um að rætt verði við ráðgjafa um framhald málsins og aðkomu ráðgjafarfyrirtækis að málinu. Þá var lagt fram byggingarbréf til handa Skálholtsbónda.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 var tekin fyrir beiðni um staðfestingu kirkjuráðs á því að Skálholtsstað sé heimilt að innheimta fast gjald af hverjum hópferðabíl sem hefur viðkomu með ferðamenn. Kirkjuráð samþykkti erindið. Þá var greint frá viðræðum við ráðgjafa um aðkomu hans að uppbyggingarmálum í Skálholti. Samþykkt var ályktun þar sem fagnað var aðkomu ráðgjafans að málefnum Skálholts, hann boðinn velkominn til samstarfs og framkvæmdastjóra falið að leggja drög að samningi við hann um verkið.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 var lögð fram skýrsla um heildarkostnað af rekstri Skálholts árið 2017.

Á (2)80. fundi hinn 21. ágúst 2018 var fjallað um verkefnið Skálholtskógar, samningur um leigu lands og ræktun skógar. Samningurinn var lagður fram. Kirkjuráð staðfesti samninginn og fagnaði verkefninu.

Á (2)83. fundi hinn 29. október 2018 ályktaði kirkjuráð að veitt yrði skilyrt veðleyfi til handa ábúanda Skálholtsjarðarinnar vegna uppgjors hans við forvera sinn.

### **Önnur mál sem kirkjuráð fjallaði um á kirkjuþingsárinu og rétt þykir að gera kirkjuþingi grein fyrir**

Á (2)75. fundi hinn 9. mars 2018 var til umfjöllunar málið: Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta, breytingartillaga til kirkjuþings. Kirkjuráð yfirfór tillöguna og kallaði til lögfræðing kirkjumálasjóðs og kirkjuþings sér til ráðuneytis. Kirkjuráð telur tillöguna til bóta og leggur til að hún verði hluti af heildarendurskoðun starfsreglna sem stefnt verði að því að leggja fyrir reglulegt kirkjuþing 2018. Kirkjuráð beinir því til biskups Íslands að hann leiðbeini próföstum um að varamenn verði eftirleiðis frá upphafi umsóknarferlis kvaddir til starfa við undirbúning kjörs presta. Þá var lögð fram skýrsla Skálholtsútgáfunnar til kirkjuráðs. Skýrslan er fylgiskjal með skýrslu þessari.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var fjallað um kirkjuþing 2017, framhaldsfund hinn 10. mars 2018. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Aðeins eitt mál gekk til kirkjuráðs frá

framhaldsfundi kirkjuþings sem kallaði á aðgerðir af hálfu ráðsins, en það var 21. mál, Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum. Málið var samþykkt með þingskjali 58. Skrifstofa kirkjuráðs sendi samþykktina til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda eftir að hún hafði verið árituð af forseta kirkjuþings. Þá var fjallað um kirkjuþing 2018 og ályktaði kirkjuráð að kirkjuþing 2018 skyldi halda í Vídalínskirkju og hefjast laugardaginn 3. nóvember. Þá staðfesti kirkjuráð skipan uppstillingarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. kjör kirkjuþings 2017 til hennar. Bókað var að kirkjuráð hefði móttakið fundargerð nefndarinnar, dags. 31. mars 2018 og fundargerð, dags. 8. apríl 2018, þar sem tilnefndir eru frambjóðendur til kirkjuþings. Að lokum var lögð fram tilkynning um ákvörðun kjörstjórnar þjóðkirkjunnar, þar sem tilgreindar eru dagsetningar vegna seinni umferðar í kosningu vígslubiskups í Skálholti. Bókað var að kirkjuráð gerði ekki athugasemdir við ákvörðun kjörstjórnarinnar.

Á (2)77. fundi hinn 27. apríl 2018, sem var aukafundur, var til umfjöllunar erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar varðandi framlengingu á tíma kosningar til embættis vígslubiskups í Skálholti. Vegna mistaka sem hefðu orðið í póstdreifingu hjá Íslandspósti ohf. væri óhjákvæmilegt að framlengja þann tíma sem kosningin stendur til 14. maí nk. Greint var frá því álit kjörstjórnar þjóðkirkjunnar að bregðast þurfi skjótt við og birta auglýsingu um þessa breytingu og því er farið fram á samþykki kirkjuráðs á þessari ákvörðun, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna. Kirkjuráð samþykkir erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 ályktaði kirkjuráð að skipa sr. Örnun Grétarsdóttur formann stjórnar Skálholtsútgáfunnar.

á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 voru lögð fram erindisbréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs og starfslýsing lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs. Bókað var að kirkjuráð hefði gert nokkrar breytingar á texta skjalanna og samþykkt þau svo breytt. Samkvæmt 3. gr. gildandi starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum, skal erindisbréf framkvæmdastjóra ráðsins kynnt á kirkjuþingi. Erindisbréfið ásamt starfslýsingu lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs eru fylgiskjöl með skýrslu þessari.

Á (2)81. fundi hinn 20. september kynnti lögfræðingur kirkjuþings og kirkjuráðs frumvarp til starfsreglna um breytingu á ýmsum starfsreglum þjóðkirkjunnar. Málinu var vísað til lagahóps kirkjuráðs.

Í skýrslu þessari hefur verið leitast við að greina frá öllum þeim málum sem tekin voru á dagskrá kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu og afgreidd voru með ákvörðun eða skuldbindandi samþykkt. Um heimild er vitnað til fundargerða kirkjuráðs eins og þær eru birtar á vefsíðu kirkjuráðs.

Reykjavík í nóvember 2016

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Elínborg Gísladóttir

Gísli Gunnarsson

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

### *Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.*

Nefndin hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn með henni ásamt ávörpum og ræðum við upphaf kirkjuþings.

Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings setti þingið og fjallaði um að kirkjan væri enn að leggja á djúpið. Viðræður hafi nú staðið yfir milli ríkis og kirkju um aukið sjálfstæði þjóðkirkjunnar og að fjárhagsleg samskipti milli ríkis og kirkju væru einfölduð. Þjóðkirkjan taki við öllum sínum málum, að prestar verði starfsmenn kirkjunnar og fjármál verði ekki á ábyrgð ríkisins heldur kirkjunnar. Hann talaði um hve viðamikið starf kirkjunnar er og að kynna þurfi starfið betur í samfélaginu, sem og að upplýsa í hvað fjármunir kirkjunnar fara. Að lokum þakkaði hann fyrir að hafa í gegnum starf sitt í kirkjunni fengið að kynna mörgu hæfileikaríku og skemmtilegu fólki.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, ávarpaði kirkjuþing í fjarveru dómsmálaráðherra Sigríðar Á. Andersen, og lagði áherslu á að þjóðfélagssumræðan kallaði á að kirkjan fái aukið sjálfstæði. Hann nefndi að ekki mætti skerða gagngjald vegna fasteigna kirkjunnar og var ánægður með gang mála í viðræðum ríkis og kirkju.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands ræddi í ávarpi sínu um kirkjuþing og hvernig forsetar þess hafa tekið þátt í að móta starfshætti þingsins á breytingartímum. Hún þakkaði Magnúsi E. Kristjánssyni fyrir hans störf. Hún vitnaði til sögu kirkjuráðs og kirkjuþings og að lengi hefur verið rætt var um sjálfstæði kirkjunnar sem nú er að verða að veruleika. Ljóst er af lögfræðialitum að biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands sem hefur vald um skipulag og starfslið stofnunarinnar. Hún ræddi hlutverk kirkjuráðs sem hefur umsjón með fjármálum kirkjunnar og fjárhagsáætlunum kirkjuþings. Þá talaði hún um að við verðum öll að vinna saman til að koma fagnaðarerindinu til skila. Biskup fjallaði um sameiningu prestakalla, að aukin samvinna presta skili faglegru vinnubrögðum. Biskup ræddi umhverfis- og fræðslumál. Allar manneskjur þurfa að vinna saman fyrir umhverfið og náttúruna. Fræðsla um skírnnina verður í brennidepli á næstu árum. Kirkjan er stærsta trúfélag landsins og þarf að tala við samtíð sína á því tungumáli sem skilst og varpa kristnu ljósi á málefni líðandi stundar.

Allsherjarnefnd þakkar skýrslu kirkjuráðs. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með ályktun á þskj. 42.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

*Þingsályktun:*

Kirkjuþing ályktar að hugað verði að félagatali þjóðkirkjunnar. Auk þess sem birt verði reglulega á heimasíðu kirkjunnar tölur um þátttöku í kirkjulegum athöfnum og öðru starfi kirkjunnar.

Kirkjuþing þakkar skírnarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram og kynni söfnuðum tillögur sínar.

Kirkjuþing ályktar að kirkjuráð geti framvegis um stöðu og framvindu mála í ársskýrslu sinni.

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan taki upplýsinga- og kynningarmál föstum tókum og læri af þeim kostnaðarsömu mistökum sem gerð hafa verið.

Kirkjuþing fagnar því að kirkjuráð hafi loks ákveðið að auglýsa eftir jafnréttisfulltrúa sem kirkjuþing 2017 samþykkti að ráða.

Kirkjuþing metur störf kirkjuþings unga fólksins og hvetur þingfulltrúa KUF til að láta rödd sína heyrast áfram.

Kirkjuþing hvetur til þess að stutt verði við starfsemi Skálholtsútgáfunnar og rekstarumhverfi hennar verði tryggt svo hún geti áfram sinnt sínu hlutverki við útgáfu, boðun og fræðslu.

## Erindisbréf

### fyrir framkvæmdastjóra kirkjuráðs

Kirkjuráð er fjölskipað stjórnvald. Um starfsemi þess fer að lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. Kirkjuþing setur starfsreglur um kirkjuráð. Samkvæmt þeim ræður kirkjuráð framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf sem skal kynnt á kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum ráðsins og hefur umsjón og eftirlit með störfum og verkefnum á vegum þess skv. nánari fyrirmælum ráðsins. Framkvæmdastjóri er næsti yfirmaður starfsmanna kirkjuráðs. Framkvæmdastjóri fer með fyrirvar ráðsins milli funda í samráði við forseta ráðsins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á, og hefur eftirlit með að stjórnarsýsla kirkjuráðs sé í samræmi við lög og starfsreglur.

Framkvæmdastjóri annast samskipti kirkjuráðs við ráðuneyti, Alþingi, Ríkisendurskoðun, aðra opinbera aðila og aðra þá sem hafa þarf samskipti við eða æskja samskipta við kirkjuráð, eftir atvikum í samráði við lögfræðing kirkjuþings og skrifstofustjóra biskupsstofu. Hann veitir upplýsingar um ráðið og tekur á móti erindum sem berast ráðinu. Hann undirbýr fundi ráðsins og semur dagskrá þeirra í samráði við forseta ráðsins. Hann undirbýr jafnframt aðra fundi á vegum kirkjuráðs eða með þátttöku ráðsins, situr slíka fundi og gerir kirkjuráði grein fyrir þeim. Framkvæmdastjóri skipuleggur og undirbýr fundi fyrir samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Framkvæmdastjóri situr í þeim nefndum, stjórnnum og ráðum sem kirkjuráð ákveður og tekst á hendur önnur tilfallandi verkefni eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með stjórnarsýslu og rekstri fasteigna kirkjumálasjóðs samkvæmt starfsreglum og stefnumótun kirkjuþings, ákvörðunum kirkjuráðs og samþykkttri fjárhags- og framkvæmda-áætlun.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjármálastjórn kirkjuráðs, þ.m.t. gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlunar fyrir sjóði og stofnanir sem heyra undir kirkjuráð í samvinnu við fjármálastjóra biskupsstofu. Hann hefur umsjón með úthlutunum úr sjóðum sem heyra undir kirkjuráð. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og hefur eftirlit með því að ráðstöfun fjármuna sé ætíð með þeim hætti að gætt sé hagkvæmni í hvívetna og standist allar kröfur sem Ríkisendurskoðun gerir til meðferðar á opinberu fé. Hann gerir tillögur um hagræðingu í rekstri, eftir því sem tilefni gefast til. Verkefni framkvæmdastjóra á sviði fjármála skal hann vinna í samráði við fjármálastjóra biskupsstofu eftir því sem við á.

**Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan, skýrsla 9. febrúar 2018.****TILGANGUR OG MARKMIÐ SAMKVÆMT SKIPULAGSSKRÁ**

Skálholtsútgáfan er útgáfufélag þjóðkirkjunnar. Til hennar var stofnað af dr. Sigurbirni Einarssyni, biskupi. Hún skal annast útgáfu á fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi og að gefa út lesefni, tónlistarefni og annað efni fyrir almenning þar sem kristin sjónarmið eru skýrð.

Um Kirkjuhúsið segir að það skuli annast dreifingu og sölu fræðsluefnis og tilheyrandi þjónustu við kirkjulega aðila, selja muni og gjafavöru á kristnum grunni.

Markmið útgáfufélagsins taka mið af skipulagsskránni og tengingu við íslenskt samfélag á hverjum tíma, einnig fræðslustefnu og fjölskyldustefnu þjóðkirkjunnar.

**YFIRLIT STARFSEMI****2008-2018 Tímabil samdráttar og breytinga – en einnig sóknar**

Árin fyrir 2008 var Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan á margan hátt blómstrandi. Hún byggðist hægt og sigandi upp með skýrum markmiðum og góðri samvinnu við fræðsluvið biskupsstofu. Öllu sem við gáfum út var vel tekið. Kirkjuhúsið sem þjónustumiðstöð byggðist upp og verkefnið mörð. Verslunin var þekkt og vel sótt. Kirkjuhúsið var til dæmis miðstöð sölu á biblíum og sálmabókum, kertum og öðru fyrir fermingar. Útgáfufélagið var öflugt og mikil efnisgerð í gangi. Margs konar fræðsluefni og bækur gefnar út, tónlist og sönghefti og allt notað í kirkjum á heimilum og í samstarfi kirkna og skóla, það var eftirspurn eftir barnabókum, CD diskum með barnatónlist, alls konar efni af ýmsum toga. Góð kynning kallaði á viðbrögð og það tók aðeins færri ár að borga upp kostnað við útgáfu, á litlum íslenskum markaði.

Svo kom árið 2008, það haust var mikil útgáfa en andrúmsloftið rafmagnað. Það var eins og að ganga á vegg gagnvart okkar helstu viðskiptavinum, kirkjusóknum á Íslandi. Allir héldu að sér höndum. Þetta var vinnuumhverfi á Íslandi í árslok 2008.

Árið 2009 var undarlegt. Þá hafði starfsfólki hjá okkur fækkað um einn (okt. 2008) þannig að við gátum brugðist við miklum samdrætti. Í árslok 2010 gáfum við út fyrsta DVD diskinn *Daginn í dag*, það var frábær ráðstöfun. Margvísleg önnur útgáfa sá þá dagsins ljós. Árin eftir það voru mögnuð! Rannveig Sigurbjörnsdóttir treysti okkur fyrir nokkrum verkefnum tengdum Sigurbirni biskupi, tvo diska í viðbót af DVD efni *Daginn í dag* fyrir börn gáfum við út, einnig nýtt fermingarefni *Con Dios* og einnig *Sálmar 2013*. Þar tókum við að okkur útgáfuna gegn engu mótframlagi, bókin seld á kr. 500,- til sókna. Átta mánaða vinna við útvegum leyfa með öðrum verkefnum.

Í stuttu máli sóttum við fram og gáfum ekkert eftir.

Á þessu tímabili sóttum við fram af kappi. Það mætti segja að þarna hafi frekar ráðið löngun til að gera vel og uppfylla fagnaðarerindið á erfiðum tíma í sögu þjóðar og kirkju. Við vorum á sama tíma að missa tekjur af föstum verkefnum vegna samdráttar á

sóknargjöldum og að fjármagna stór verkefni. En tilfinningin af þessum eftirhrunsárum er góð, þrátt fyrir allt. Við unnum verkefni sem urðu kirkjunni til góðs.

Kostnaður við *Daginn í dag* DVD útgáfuna (3 DVD diskar, íslenskt efni) var um 30 milljónir – sala og styrkir skiluðu um 27 milljónum, rest ásamt hlutdeild í föstum kostnaði (t.d. launum) ber Kirkjuhúsið.

### **HVER ER STAÐAN Í DAG?**

Fjárhagsstaða er þokkaleg í dag, tekjur 2017 rúmlega 61 milljón og gjöld um 58 milljónir. Endanleg niðurstaða í lok apríl. Tekjurnar hafa dregist saman á 9 árum.

### **KIRKJUHÚSIÐ – SKÁLHOLTSÚTGÁFAN ER Í EIGU ÞJÓÐKIRKJUNNAR**

Hún er hluti af starfsumhverfi þjóðkirkjunnar, eins og sóknir landsins og aðrar stofnanir hennar, og sett á stofn til að þjóna þjóðkirkjunni, sóknum landsins og almenningi með þjónustu, útgáfu og verslun á kristnum grunni.

Prestastéttin hefur umvafið þessa kirkjustofnun með uppörvun og væntumþykju en það dugar ekki lengur eitt og sér.

Það er ljóst að þjóðkirkjan væntir þess að fá meiri tekjur af því húsnæði sem Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan er í. Því er kominn tími til að kirkjustjórnin meti hvort þörf sé fyrir þjónustumiðstöð, verslun fyrir almenning og kristið útgáfufélag í þeirri mynd sem hún hefur verið rekin frá upphafi og taki ákvörðun eftir því með framhaldið.

Framkvæmdastjórinn hefur alveg sama kjarkinn (hvaðan sem hann nú kemur!). Mikið vinnuálag, tveir starfsmenn, vinnutími lengist fram í frítíma og alltaf með verkefni heima. Hins vegar eru stór verkefni framundan þetta ár, þar má meðal annars nefna útgáfu á nýrri skírarkveðju (minningabók frá fæðingu til fermingar) nú í vor og útgáfa nýrrar sálmabókar sem Skálholtsútgáfan hefur unnið að frá því árið 2012 og síðari ár í samstarfi við Sálmabókarnefnd þjóðkirkjunnar. Þau verkefni munu klárast undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra en hún telur að þeim verkefnum ljúki eigi síðar en 1. apríl 2019. Vert væri að skoða þessi mál nú þegar.

### **STJÓRNARMÁLEFNI**

Stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar er afar fórnfúst og gott fólk. Leggur mikið á sig fyrir stofnuna og vinnur ótal verkefni. Sérstaklega má nefna framkvæmdanefndina, Hrein stjórnarformann, Elínu Elísabetu og Höllu Jónsdóttur en við hittumst mjög oft enda erum við útgáfuráðið. Nú bætist Sigfús þar inn sem verkefnisstjóri fræðslusviðs og stjórnarmaður. Sérstaklega vil ég þakka Hreini S. Hákonarsyni sem er vakinn og sofinn yfir þessari stofnun. Fjárhagsleg ábyrgð er framkvæmdanefndar en í raun ber ég sjálf á allan hátt ábyrgð á fjárhagi, að allt gangi vel og allt gangi upp. Erum „nonprofit“ og viljum gera upp kringum núllið.

Við höfum lengi haft mikið frumkvæði og framkvæmt ótrúlegustu hluti. Það sem kannski margir átta sig ekki á er að þótt við séum stofnun á vegum kirkjunnar þá þurfum við til dæmis að selja fyrir launum og launatengdum gjöldum, húsnæði, aðföngum, innflutningi, nýsköpun, prentun, kynningu og auglýsingum og svo framvegis. Kirkjuhúsið



– Skálholtsútgáfan þarf að standa undir sér og fjármagnar sjálf sín útgáfuverkefni af rekstri en getur sótt um styrk til útgáfuverkefna.

## SKÁLHOLTSÚTGÁFAN

Skálholtsútgáfan, útgáfufélag Þjóðkirkjunnar er rekstraraðili verslunarinnar Kirkjuhúsið á jarðhæð biskupsstofu á Laugavegi 31. Gegnum árin hefur þessi stofnun Þjóðkirkjunnar þróast í það að vera ekki aðeins útgáfufélag og verslun á kristnum grunni heldur líka félagsmiðstöð fyrir starfsfólk kirkjunnar og þá ekki síst fyrir presta, sem á leið um og á erindi við biskupsstofu. Hér er rætt um starfið og ýmsar leiðir og lausnir fundnar um leið og nýtt fræðsluefni er kynnt yfir kaffibolla. Auðvitað eru sagðar sögur af skemmtilegu fólki og ótrúlegum atburðum á kirkjuvettvangi. Fólk á leið til funda á biskupsstofu rennur einnig í gegn í stríðum straumum, gegnum lagerinn, sérstaklega yfir vetrartímamann og vekur gleði hjá starfsfólki hér. Auðvitað er þetta mikið aukaálag og í því sambandi höfum við margoft bent á möguleika þess að sameina verslun og móttöku biskupsstofu og kaffihús í andyri.

Útgáfa á vegum Skálholtsútgáfunnar er heilmikil ef miðað er við starfsmannafjölda, við erum tvær sem sinnum þjónustu, verslun og útgáfu (og kynningu!) en fáum margskonar aðkeypta aðstoð við úrvinnslu og ritstjórn útgáfuverkefna, einnig ómetanlega aðstoð frá stjórn og útgáfuráði okkar. Við sinnum útgáfu fyrir innra starf kirkjunnar. Mörg stór verkefni eru í vinnslu, þar má nefna ný skírnarkveðja sem jafnframt er minningabók barnsins frá fæðingu til fermingar og síðan er það Sálmaþókarútgáfan 2018 í samstarfi við sálmaþókarnefnd Þjóðkirkjunnar, eins og áður var minnst á.

Mikil samvinna hefur verið við fræðsluvið biskupsstofu þar sem Elín Elísabet Jóhannsdóttir hefur staðið vaktina og ekki síður við Sigfús og Hildi Björk frá áramótum 2018. Skálholtsútgáfan og fræðsluviðið eru tvær hliðar á sama peningi og er það góð ráðstöfun. Enda erum við að vinna sömu verkefni á sviði kirkjufræðslu. Öll verkefni á sviði kirkjufræðslu og útgáfu eru unnin saman og þannig hefur það alltaf verið. Á hverju ári stendur fræðsluvið biskupsstofu og Skálholtsútgáfan saman að kynningu á barnastarfi kirkjunnar. Hvert ár er útbúið myndband sem náð hafa mikilli útbreiðslu á samfélagsmiðlum. Stuttmyndir hafa einnig verið framleiddar fyrir barnastarf kirkjunnar, auk fjölbreytts efnis fyrir sunnudagaskólann. Fundað er með fræðsluviði nánast vikulega. Skálholtsútgáfan vill vera framsækin, prógressív kristin útgáfa sem hlustar á samtímamann. Hún vill styðja forelda í uppeldislutverki sínu í flókinni veröld, gefa út efni sem svarar spurningum lífsins og mæta þörfum fólks sem vill fræðast um kristna trú, í mótbyr og meðbyr lífsins, gefa út stuðningsefni til að nota á erfiðum tímum og á tímamótum. Styðja kirkjunnar í sínu fræðsluhlutverki – efni fyrir barnastarf ýmis konar, fermingarstarf, skírnarfræðsluefni, barnabíblíur, svo eitthvað sé nefnt.

Útgefið efni – (fjölda titla/verkefna) er gríðarmikið. Í dag telst okkur til að útgefnir titlar séu um 400. Bækur á kristnum grunni af ýmsum toga (127) – Fjárjóðir, plaköt og ýmislegt annað efni (25). Barnabækur og DVD efni fyrir börn (74). Fræðsluefni fyrir börn og unglunga (62). Tónlist, kórbækur, CD, sálmaþókarútgáfa (55). Fermingarefni (18) auk þess ýmislegt annað efni árlegt eins og barnastarfsefni.

## **KIRKJUHÚSIÐ – VERSLUN**

Viðskiptavinir Kirkjuhússins, verslunar er alls konar fólk! Þverskurður Íslendinga á öllum aldri. Það getur verið sérstakt að upplifa djúpa sorg og máttleysi, vanlíðan og vantrú en einnig trú, von og kærleika fólks. Það virðist sem verslunin virki þannig á fólk að það opni sig og segi sögu sína og þá er eins gott að gefa sér tíma til að hlusta. Við erum duglegar að vísa á presta til sálgæslu og á það er hlustað. Oft kemur verslunin fólki þægilega á óvart og við fáum svo sannarlega hrós fyrir mikið vöruúrval. Í Kirkjuhúsinu fæst lesefni um kristna trú, barnabækur, geisladiskar og DVD efni fyrir börn og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmis konar aðföng fyrir kirkjur, gjafavara og ýmislegt fleira. Mikið úrval skírnargjafa fæst í Kirkjuhúsinu.

## **HEIMASÍÐA**

Heimasíða okkar kirkjuhusid.is og skálholtsutgafan.is er jafnframt sölusíða.

Hún er mikið skoðuð og verðum við varar við að nýir viðskiptavinir eru oft búnir að renna vel yfir vöruúrval áður en mætt er á Laugavegin. Á heimasíðunni er meðal annars finna yfirlit og umfjöllun yfir útgáfu á vegum Skálholtsútgáfunnar annað en það sem sérstaklega er gefið út fyrir fræðslustarf kirkjunnar.

Reykjavík, 20. febrúar 2018

Edda Möller

Hreinn S. Hákonarson, stjórnarformaður Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar.

### *Starfshópur um skírnarfræðslu – skýrsla til kirkjuráðs*

#### **Skírnin**

##### *Vefsíða*

Við vísum til fyrri skýrslu sem lögð var fyrir kirkjuráð haustið 2017. Áfram unnum við að kynningarmálum, en sr. Sigfús Kristjánsson verkefnisstjóri fræðslumála hefur unnið undanfarið með nefndinni.

Brýnt þykir okkur að gera gott efni til kynningar á vefsíðu og skv. upplýsingum kemur ný vefsíða fljótlega og þá er ástæða til að kynna vel skírnnina með fallegum og góðum texta, fallegum myndum og myndböndum, sem söfnuðir geta deilt á vefsíður sínar og feisbókarsíður.

Við teljum að gott sé að hafa til hliðsjónar góðar vefsíður dönsku og norsku þjóðkirkjunnar, þar sem eru skýrir og góðir textar og fallegar myndir og myndbönd. Við höfum hafið þessa vinnu sem vonandi getur haldið áfram sem allra fyrst.

Margir íslenskir söfnuðir sem hafa vefsíður fjalla vel um skírnnina á heimasíðum sínum.

Á vefsíðu þjóðkirkjunnar væri einnig fjallað um rökin fyrir og gegn skírnn.

Hvers vegna að skíra barnið?

Einnig að veita sem bestu upplýsingar um athöfnina, guðforeldra og annað sem viðkemur skírnninni og spurningar sem vakna hjá foreldrum.

Hafa einnig góðar greinar og frásagnir sem birst hafa um skírnn.

Skírnnarathöfnin og þýðing hennar og bent á skírnnarsálma og aðra sálma sem fer vel á að syngja við skírnn.

#### **Umhverfið í dag**

Í dag er skírnnin miklu meira val en var og mörgum foreldrum finnst sem þeir séu að taka ákvörðun fyrir barnið sitt, sem barnið sjálft á frekar að taka síðar.

Kirkjan þarf að mæta nýjum aðstæðum. Hvernig skírnnir hún unglinga, eldra fólk? Í nágrannakirkjum hefur aukist mjög skírnn hinna eldri.

Það þarf meira skírnnarfræðsluefni fyrir þá sem eru komnir yfir fermingaraldirinn.

Sérstök afhöfn „minning skírnnarinnar“ er gjarnan höfð við pílgrímagöngur, en mætti hafa oftari við hinar ýmsu bænastundir.

Skírnnarkveðjan sem foreldrum er færð við skírnn núna miðast við ungarbarn. Þurfa að vera fleiri form á þessari kveðju.

„Drop in“ skírnnir hafa gefið góða raun í Danmörku. Rökin eru þau, að þar séu háu þröskuldarnir inn í kirkjuna lækkaðir.

Hvernig getur kirkjan komið á framfæri skírnn og samfélagi kirkjunnar til nýbakaðra foreldra?

Margir eru einir í dag með foreldrahlutverkið, ekki alltaf stuðningur af fjölskyldu.

Á kirkjan þar eitthvað erindi? Á kirkjan að bjóða upp á samfélag fyrir fæðingu barnsins

með einhverjum hætti, eins og fræðslustundir, leikfimi o.fl. Í Danmörku fær kirkjan að minna á þjónustu sína þar sem fer fram mæðraskoðun og sérstakur prestur starfar við það.

Væri möguleiki að gefa hverju nýfæddu barni í söfnuðinum bænakver, koma í heimsókn og færa foreldrum og óska þeim til hamingju með barnið.

Það væri hægt ef amk. annað foreldri er í þjóðkirkjunni. Þetta krefst vinnu og eftirfylgdar sérstaklega í stórum söfnuði.

Það þarf ekki endilega að vera prestur sem afhenti bænakver heldur fremur safnaðarfélag, sóknarnefnd eða aðrir.

Krítasálmur eru mjög mikilvægir til að „lækka þröskulda“ kirkjunnar og sem skírnarfræðsla.

Barnastarfið ætti að fjalla um skírnina. Minna börnin á skírn þeirra með ýmiss konar fræðsluefni o.fl.

Hlutverk guðforeldra. Koma t.d. einu sinni á ári til ákv. guðforeldramessu með skírnarbarninu. Fólki þykir vænt um að vera beðið um að vera guðforeldrar og foreldrar þurfa og eiga að vanda valið á guðforeldrum. Hvað gera guðforeldrar? Láta þá hafa hugmyndir að sérstöku hlutverki þeirra í lífi barnsins.

Hvaða reglur ætti kirkjan að hafa um guðforeldra?

Í nágrannakirkjum er meginreglan sú að guðforeldri þarf að vera skírður einstaklingur 18 ára og eldri.

Öðruvísi skírnargjafir – lítill kistill þar sem flestir leggja eitthvað í, vísur, bænir, bréf og kveðjur til barnsins og alltaf fylgir barninu. Sænska kirkjan hefur sérstakt form á bréfi sem ástvinir gefa skírnarbarni.

Góð reynsla af skírnarklút – þrjónaður (vasa)klútur til að þurrka höfuð barnsins - kjörið verkefni fyrir eldri borgarastarf eða kvennaklúbba og svo má gera líka umbúðir utan um hann og tengja þannig söfnuð og skírnarfjölskyldu.



Að láta foreldra velja ritningarvers fyrir barnið sitt. Góð reynsla af því.  
Fer vel á að láta eldri systkini fara með og velja fallega bæn.  
Kynningarorð skýr.  
Leikmenn lesa ritningarlestra.  
Hlutverk guðforeldra má efla, biðja sérstaklega fyrir þeim ásamt foreldrum.

### **Eftir skírn**

Ef barnið er ekki skírt í messu, þá er ástæða til að minnast skírnar barnsins í næstu messu. Kveikja á kerti við altarið. Þjóða foreldrum/fjölskyldu að koma þá.

Messa skírnar barna ársins – nafnið þeirra ritað á eitthvað sérstakt kort (epli á tré) og fá það svo afhent í skírnarmessu ársins.

Feisbókarsíða eða annað sem eftirfylgd við skírnina. Þar gætu birst frásagnir, góðar hugmyndir um barnauppleði, fönður o.fl. sem styrkir samband skírnar barna/foreldra og safnaðar.

Margt gott verið að gera í tengslum við skírn í söfnuðum landsins, en væri gott að vinna betur hugmyndabanka, efnisveitu fyrir góðar hugmyndir.

Kirkjan þarf alltaf að vera lifandi og skapandi varðandi skírnina sem er grundvöllurinn að samfélagi kirkjunnar.

Það þarf að rækta hana stöðugt, skírnin er ein, en á að vera lifandi veruleiki í lífi hins kristna einstaklings.

Skírnarhópurinn vill vinna áfram að þessu verkefni í samráði við biskupsstofu og verkefnisstjóra fræðslumála kirkjunnar.

Starfshópur um skírnarfræðslu hefur verið:

Sr. Kristján Valur Ingólfsson, Drífa Hjartardóttir og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir sem er formaður.

Meðfylgjandi er:

- Mynd af skírnarklúti. Þrjónaður í kvenfélögum eða eldri borgara starfi og gefin skírnar barni. Hann er með trúartáknunum t.d.: Trú, von og kærleikur. Verkefni sem hófst í Danmörku og hefur reynst mjög vel.
- Heimasíða: Dabskluden.dk
- Nýjar áherslur í skírnarathöfninni sem sr. Kristján Valur tók saman.

F. h. skírnarhópsins,

Sjöfn Jóhannesdóttir

## Minnispunktur fyrir fund um skírnarfræðslu 2. október

Nýjar áherslur í skírnarathöfninni.

### I. Í athöfninni sjálfri.

- a) Inngangsorð skírnarathafnarinnar endurskoðuð.
- b) Meira flæði í athöfninni sjálfri (tengingar á milli liða).
- c) Nýr texti við skírnarvatnið þegar því er hellt í skírnarfontinn.
- d) Hlutverk skírnavotta aukið og skilgreint betur. Er grundvöllur til þess?
- e) Þátttaka skírnavotta við lestur bæna og samningu bæna.
- f) Fleiri lestrar og fleiri lesarar.
- g) Sálmar og önnur tónlist. Nýjar tillögur.

### II. Í söfnuðinum.

- h) Hlutverk safnaðarins og fulltrúa hans í athöfninni endurskoðað.
- i) Fyrirbæni fyrir skírnarbörnum í næstu messu á eftir.
- j) Sérstakir skírnersunnudagar. (Annar jóladagur, annar páskadagur, annar hvítasunnudagur, fyrsti sunnudagur eftir þrettánda.

### III. Í handbókinni.

- k) Leiðbeinandi inngangsorð.
- l) Form fyrir skírn í messu, form fyrir skírnarguðsþjónustu, form fyrir skírn í heimahúsi, form fyrir skírn fermingarbarna (trúnema) form fyrir skírn fulltíðafólks, form fyrir niðurdýfingarskírn í laug við hús eða í húsi, eða í vígðri laug utanhúss.

### IV. Textar á heimasíðu þjóðkirkjunnar.

### V. Annað.

- a) Skírnarminning á tilteknum dögum.
- b) Tengslin við barnastarfið.
- c) Prímisgning þegar ekki er samkomulag um skírn.

2. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuráði

**Skýrsla  
um fjármál þjóðkirkjunnar**

Heildartekjur þjóðkirkjunnar, sóknir, stofnanir og sjóðir, eru í frumvarpi til fjárlaga 2019 áætlaðar 5.231,9 millj. kr. en voru 5.142,2 millj. kr. í gildandi fjárlögum. Áætluð hækkun eru um 89,7 millj. kr. frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir 1.835,8 millj. kr. á fjárlagalið þjóðkirkjan, 75,9 millj. kr. á Kristnisjóð og 17 millj. kr. til höfuðkirkna. Framlag til kirkjumálasjóðs er áætlað 316,2 millj. kr. og Jöfnunarsjóðs sókna 405,5 millj. kr. Sóknargjöld eru áætluð 2.581,5 millj. kr. eða 934 kr. á einstakling. Í frumvarpi til fjárlaga 2019 er miðað við skert framlag. Þjóðkirkjan hefur frá árinu 2015 fengið leiðréttingu á skertu framlagi í fjárukalögum í desember, óskert framlag fyrir árið 2019 eru 2.751,7 millj. kr. og eiga að vera 2.719,9 millj. kr. fyrir árið 2018. Áætluð leiðrétting fyrir árið 2018 er um 856 millj. kr. sem væntanlega verða afgreiddar í fjárukalögum í desember nk.

Viðfang og heiti	Fjárlög 2018 millj. kr.	Frumvarp 2019	Breyting	Breyting
101 Biskup Íslands	1.794,1	1.835,8	41,7	2,3%
131 Kristnisjóður	75,0	75,9	0,9	1,2%
110 Kirkjumálasjóður	311,6	316,2	4,6	1,5%
Höfuðkirkjur	17,0	17,0		
111 Sóknargjöld	2.544,7	2.581,5	36,8	1,4%
110 Jöfnunarsjóður sókna	399,8	405,5	5,7	1,4%
Samtals	5.142,2	5.231,9	89,7%	1,7%

Viðræður standa yfir milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins um breytingu á útfærslu á kirkjujarðasamkomulaginu. Kirkjuþingi verður greint frá þeim viðræðum síðar á þessu þingi.

Grunnforsendur þær sem gengið var út frá varðandi framreikning á gildandi fjárlagamma miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Hún gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs muni hækka milli ára 2018 og 2019 um 2,9%. Það er því sú grunnforsenda sem miðað er við varðandi verðlagsbreytingar fjárlaganna milli ára á öllum rekstrartölum nema launum en launavísitala mælir þær launabreytingar. Hingað til hefur kjararáð

ákvarðað launakjör embættismanna kirkjunnar en þar sem ráðið hefur verið lagt niður eru breytingar þar á. Kjarasamningar BHM félaga eru lausir með viðeigandi óvissu um breytingar launakostnaðar þeirra félaga. Hugsanlegri hækkun á kjörum embættismanna var mætt með launabótum í fjárheimildum þannig að hún hafði ekki áhrif á fjárhagslega stöðu kirkjunnar en aðrar launahækkningar eru óvissuþáttur í rekstri kirkjunnar.

### **Rekstrarafkoma Þjóðkirkjunnar**

Fjármál þjóðkirkjunnar eru margþætt og nokkuð flókin, ein kirkja sem skiptist í margar sjálfstæðar rekstrareiningar án þess að vera samstæða í reikningshaldslegum skilningi.

Stofnanir og sjóðir þjóðkirkjunnar eru sóknir landsins, biskupsstofa, kirkjumálasjóður, Jöfnunarsjóður sókna, Kristnisjóður, Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan, rekstur Skálholts og Tónskóli þjóðkirkjunnar.

Tekjur þjóðkirkjunnar eru mismunandi og reiknast af nokkrum mismunandi stofnum.

### **Biskupsstofa**

Íslenska ríkið samþykkti ný lög um opinber fjármál nr. 123/2015 sem breyta töluvert miklu í reikningshaldi ríkisins. Þjóðkirkjan er hluti af ríkisreikningi og fellur því undir þessi lög. Samkvæmt þessum lögum á að eignfæra alla fastafjármuni sem áður voru gjaldfærðir ef þeir nýtast lengur en eitt ár. Vegna þessarar lagabreytingar er verið að kanna hvort ekki sé rétt að eignfæra virði kirkjujarðasamkomulagsins en virði þess er reiknað af sérfræðingum Deloitte á bilinu 85-90 milljarðar kr. Leitað hefur verið eftir áliti reikningsskilaráðs ríkisins um þennan gjörning en á meðan þessi óvissa ríkir hefur hvorki fjármálastjóri né biskup Íslands skrifað undir ársreikning þjóðkirkjunnar þar sem um verulega eign er að ræða.

95,1% tekna þjóðkirkjunnar eru ávöxtun af kirkjujarðasamkomulaginu, aðrar tekjur eru innheimt kostnaðarhlutdeild. 95,4% gjalda þjóðkirkjunnar eru laun og embættiskostnaður embættismanna og starfsmanna biskupsstofu. Um 2,7% er rekstrarkostnaður biskupsstofu og 0,78% er embættis- og rekstrarkostnaður biskupsembættanna þriggja.

Rekstrarafgangur biskupsstofu voru 161 millj. kr. en varúðar gætir enn í rekstri þar sem ríkið áætlað áfram skert framlag til þjóðkirkjunnar.

### **Kirkjumálasjóður**

Lausafjárstaða kirkjumálasjóðs er ekki góð, halli ársins voru 75,4 millj. kr. en sjóðurinn hefur verið rekinn með viðvarandi halla undanfarin ár.

Tekjur ársins jukust og gjöld lækkuðu en það nægði ekki til. Kostnaður vegna stjórnar og starfsskipan og þjónustumálefna hækkaði en rekstur og viðhald fasteigna lækkaði. Viðhaldskostnaður fasteigna lækkaði af illri nauðsyn vegna langvarandi rekstrarhalla og fjárskorts en viðhaldsþörfin er til staðar og vandinn færður til seinni tíma.

Lítil breyting er á efnahagsreikningi kirkjumálasjóðs nema á handbæru fé en við skoðun á sjóðstreymi kemur í ljós að rekstrarhalla ársins er greiddur með bankainnstæðu í upphafi árs og sölu á fasteign í Hveragerði.

Lausafjárhlutfall sjóðsins er komið niður fyrir 1 eða 0,83 sem flokkast sem varhugaverð staða og traust fjármálastofnana á sjóðunum minnkar.



Á sama tíma og lausafjárhlutfallið lækkar, hækkar eiginfjárhlutfallið úr 0,89 í 0,9. Það ætti að segja okkur að staðan væri að styrkjast en hækkun á eigin fé er vegna fasteignamatshækkunar fasteigna sem þarf ekki að endurspegla raunverulega aukningu eigna, sérstaklega í ljósi þess að margar fasteignir eru í brýnni þörf fyrir viðhald sem ekki hefur verið hægt að sinna.

### **Kristnisjóður**

Tekjur Kristnisjóðs eru hluti af kirkjujarðasamkomulaginu og eiga að jafngilda 15 prestslaunum.

Rekstur Kristnisjóðs skilaði tæpum 10 millj. kr. í tekjuafgang. Tekjur sjóðsins voru 129,5 millj. kr. sem er lækkun frá fyrra ári. Veittir styrkir úr sjóðnum voru 67,7 millj. kr. allt frá 300 þús. kr. til 11,3 millj. kr.

Rekstur Kristnisjóðs var á tímabili sameinaður rekstri kirkjumálasjóðs, því var breytt á árinu 2016 en algjör bókhaldslegur aðskilnaður á milli sjóða varð ekki fyrr en árið 2017.

Launakostnaður Kristnisjóðs er innheimtur frá biskupsstofu með kostnaðarhlutdeild en starfsmenn sjóðsins fá laun sín greidd með launakeyrslu fjársýslu ríkisins.

Allar eignir Kristnisjóðs eru veltufjármunir.

### **Jöfnunarsjóður sókna**

Tekjur Jöfnunarsjóðs sókna eru 18,5% af sóknargjöldum til þjóðkirkjusafnaða, tekjurnar eru viðbót við önnur sóknargjöld sem ríkið greiðir sóknum landsins.

Jöfnunarsjóður fékk endurgreitt framlag frá biskupsstofu að fjárhæð 86 millj. kr.

Tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs var 122,9 millj. kr. sem leggjast við sjóð til úthlutunar styrkja.

Rekstrarkostnaður Jöfnunarsjóðs var 17,4 millj. kr. en önnur gjöld voru úthlutaðir styrkir.

Allar eignir Jöfnunarsjóðs eru veltufjármunir.

## **Rekstraráætlanir 2019**

### **Biskupsstofa**

Gert er ráð fyrir að rekstur biskupsstofu skili um 26 millj. kr. afgangi í lok árs en fjárfestingaþörf er áætluð um 14 millj.kr. Er þar eingöngu um endurnýjun á tölvubúnaði og hönnunarkostnað vegna þjónustuvefs kirkjunnar að ræða.

Launakostnaður skrifstofu hækkar milli ára vegna komandi kjarasamninga og ráðninga nýrra starfsmanna, ráðnir hafa verið upplýsingafulltrúi og persónuverndarfulltrúi, áætlað er að ráða jafnréttisfulltrúa á komandi ári.

Gerður hefur verið nýr leigusamningur við kirkjumálasjóð sem tók gildi 1. janúar 2018 vegna húsaleigu fyrir Laugaveg 31, húsaleigan hækkar verulega vegna þessa.

Lögfræðikostnaður er hækkaður í áætlun vegna yfirstandandi mála. Biskupsstofa er að taka í gagnið nýtt bókhaldskerfi fyrir aðrar stofnanir og sjóði til að geta veitt betri þjónustu en verið hefur, kostnaður vegna þess hefur verið áætlaður á þjálfun starfsmanna og tölvumál.

Aðrir liðir hækka vegna verðlagsbreytinga.

### **Kirkjumálasjóður**

Áætlaðar heildartekjur sjóðsins eru rúmar 450 millj. kr. en þar af er framlag ríkisins um 316 millj. kr. Almennur rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður um 54,7 millj. kr., framlög sjóðsins til Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Skálholts eru um 29,7 millj. kr. en sú breyting er á rekstri Tónskólans að rekstur söngmálastjóra hefur verið færður frá Tónskólanum yfir á kirkjumálasjóð.

Reikna má með að launakostnaður starfsmanna, kirkjupings, kirkjuráðs og nefnda verði um 150 millj. kr. á árinu.

Fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs er unnin á þann hátt að eftir að búið er að reikna rekstrarkostnað starfseminnar færast afgangsstærð á fasteignasvið, það er ekki raun staða en brýnasta viðhaldspörf fasteigna sjóðsins eru um 110 millj. kr. á næsta ári. Fastur rekstrarkostnaður fasteigna er ekki undir 70 millj. kr. á ári.

### **Kristnisjóður**

Áætlaðar tekjur sjóðsins eru 148,4 millj. kr. Kostnaður vegna almennrar starfsemi er áætlaður 67,2 millj. kr. og veittir styrkir 69,5 millj. kr. Ekki er búið að afgreiða allar styrkumsóknir í sjóðinn, óafgreiddar umsóknir eru 7,3 millj. kr. Reiknað er með að sjóðurinn skili rekstrarafgangi á bilinu 4 -11 millj. kr. eftir að búið er að afgreiða allar styrkumsóknir.

Rekstraráætlun er unnin í samræmi við verkáætlun sviða sjóðsins, launaliðir eru hækkaðir vegna komandi kjarasamninga, annar kostnaður er hækkaður vegna verðlagsbreytinga.

### **Jöfnunarsjóður sókna**

Áætlaðar tekjur sjóðsins eru 405,5 millj. kr. Umsóknir í sjóðinn voru um 920,7 millj. kr. Gerð er tillaga um að 334,9 millj. kr. verði úthlutað úr sjóðnum til sókna landsins, til starfa erlendis og til æskulýðsmiðsvöðvar í Vatnaskógi. Áætlaður rekstrarkostnaður sjóðsins er um 13 millj. kr. þar af er áætlað að smíði á umsóknarvef fyrir styrkumsóknir Jöfnunarsjóðs kosti um 5 millj. kr. Tekjuafgangur sjóðsins leggst við úthlutunarsjóð næstu ára.

Ársreikningar stofnana og sjóða Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2017 eru lagðir fram sem fylgiskjöl í þessu máli, þeir liggja líka á biskupsstofu öllum til skoðunar sem það vilja. Vinsamlega pantið tíma hjá fjármálastjóra til að fá aðstoð við að lesa ársreikningana ef þið teljið ykkur þurfa þess.

*Nefndarálit fjárhagsnefndar*  
*6. nóvember 2018*

Fjárhagsnefnd kirkjuþings hefur farið yfir ársreikning þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2017 frá Fjársýslu ríkisins eins og hann er birtur í ríkisreikningi og leggur til að hann verði samþykktur. Fjárhagsnefnd hefur einnig farið yfir endurskoðaða ársreikninga Tónskóla þjóðkirkjunnar og Skálholts fyrir árið 2017 og leggur til að þeir verði samþykktir.

Endurskoðun ársreikninga Jöfnunarsjóðs sókna, Kristnisjóðs og kirkjumálasjóðs er ekki lokið og því ekki hægt að taka afstöðu til þeirra. Fjárhagsnefnd mun taka þá til skoðunar þegar þeir liggja fyrir.

Fulltrúa Ríkisendurskoðunar var boðið á fund fjárhagsnefndar en hann taldi ekki ástæðu til að mæta.

Fjárhagsnefnd hefur kynnt sér fjárhagsáætlanir biskupsstofu, Jöfnunarsjóðs sókna, Kristnisjóðs og kirkjumálasjóðs fyrir 2019. Óskað er eftir að fjárhagsáætlanir sjóðanna verði unnar á sama formi og fjárhagsáætlun biskupsstofu. Einnig er bent á að greinagerðir og aðrar fjárhagsupplýsingar liggi fyrir ekki seinna en í september.

*Nefndarálit fjárhagsnefndar*  
*1. mars 2019*

Fjárhagsnefnd kirkjuþings hefur farið yfir endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóð sókna og Kristnisjóðs fyrir árið 2017 og leggur til að þeir verði samþykktir.

Fulltrúa Ríkisendurskoðunar var boðið á fund fjárhagsnefndar en hann taldi ekki ástæðu til að mæta.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

*Þingsályktun 6. nóvember 2018:*

Kirkjuþing 2018 samþykkir endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar, Tónskóla þjóðkirkjunnar og Skálholts fyrir árið 2017.

Enn fremur afgreiddi kirkjuþing fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

*Þingsályktun 1. mars 2019:*

Kirkjuþing 2017 samþykkir endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóð sókna og Kristnisjóðs fyrir árið 2017.

3. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuráði

**Þingsályktun**  
**við drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um**  
**breytingu á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997**

Kirkjuþing 2018 samþykkir að umsögn sú um frumvarp dómsmálaráðuneytisins, sem fram kemur í nefndaráliti löggjafarnefndar þingsins á þskj. 66 verði send dómsmálaráðherra.

**Nefndarálit**  
við drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga  
um breytingu á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997

Frá löggjafarnefnd

Með bréfi, dags. 24. september 2018, tilkynnti dómsmálaráðuneytið biskupsstofu að í ráðuneytinu hefði verið unnið að breytingu á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997. Samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti nr. 98/1997 (þjóðkirkjulög) skal ráðherra leita umsagna og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

Með ofangreindu bréfi fylgdu drög að framangreindu lagafrumvarpi.

Í þessu sambandi vill löggjafarnefnd kirkjuþings taka fram eftirfarandi: Löggjafarnefnd vill lýsa yfir almennum stuðningi við markmið frumvarpsins. Í frumvarpsdrögum ráðuneytisins er m.a. lagt til að II. kafli núgildandi laga um helgidagafrið verði felldur brott og ákvæðum hans komið fyrir í þjóðkirkjulögum.

Bent skal á að þjóðkirkjulögin fjalla einvörðungu um mál sem að hefðbundnum skilningi falla undir ytri mál þjóðkirkjunnar. Samkvæmt gildandi þjóðkirkjulögum og mun eldri hefð fer þjóðkirkjan sjálf með innri málefni sín, þar með öll mál sem lúta að guðsþjónustuhaldi. Á því sviði skipa helgidagar þjóðkirkjunnar eðli máls samkvæmt mikilvægan sess. Um innri mál af þessu tagi er fjallað í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir. Því er eðlilegt að um helgidaga þjóðkirkjunnar sé fjallað í þessum samþykktum, sbr. XV. kafla samþykktanna, en ekki í þjóðkirkjulögum.

Markmið með síðari kafla frumvarpsins er eins og fram kemur í greinargerð einkum að skýra orðalag í 1. mgr. 6. gr. laga um 40 stunda vinnuviku, þ.e. orðalagið: „Frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar [...]“. Telja má þar upp frídagana á eftirfarandi hátt:

Fríðagar eru:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu.
2. Föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18:00 og jóladagur.
4. Sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní og gamlársdagur frá kl. 13.00.

Ljóst er að ákvæði um helgidaga þjóðkirkjunnar í þjóðkirkjulögum mundi raska „stíl“ þeirra laga. Það sem er þó verra er að nái sú breyting fram að ganga sem lögð er til í frumvarpinu er raskað þeim hefðbundna skilningi sem ríkt hefur um aðgreiningu innri og ytri mála þjóðkirkjunnar og þar með dregið úr sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti hennar. Slíkt orkar mjög tvímælis miðað við þá stefnu sem ríkt hefur og talið er að haldið skuli fast við í framtíðinni.

Víðalínskirkju, Garðabæ, 6. nóvember 2018.

Steindór R. Haraldsson, formaður  
Anna Guðrún Sigurvinsdóttir  
Arna Grétarsdóttir  
Axel Árnason Njarðvík  
Bryndís Malla Elíðóttir  
Hildur Inga Rúnarsdóttir  
Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson  
Skúli S. Ólafsson  
Stefán Magnússon

## Kirkjuþing 2018

### 3. mál - þskj. 3

Í vinnslu – 17. október 2018

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (starfsemi á helgidögum).

Frá dómsmálaráðherra.

(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018 til umsagnar sbr. 4. mgr. 23. gr. l. nr. 78/1997)

### I. KAFLI

Breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um helgidagafrið er mælt í lögum þessum í því skyni að vernda helgihald og til að tryggja frið og næði innan þeirra marka er greinir í 3. gr.

2. gr.

II. kafli og 4., 5., 6. og 8. gr. laganna falla brott.

### II. KAFLI

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, **Helgidagar þjóðkirkjunnar**, með einni nýrri grein, 63. gr., svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina samkvæmt því:

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu.
2. Föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18:00 og jóladagur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með því eru lagðar til breytingar á lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, með síðari breytingum, og á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum. Annars vegar er lagt til að felld verði niður ákvæði í lögum um helgidagafrið sem banna tiltekna þjónustu, skemmtanir

og afþreyingu á tilgreindum helgidögum þjóðkirkjunnar. Eftir standi ákvæði 3. gr. sem mælir fyrir um að óheimilt sé að trufla guðsþjónustur, kirkjulegar athafnir eða annað helgihald með hávaða eða öðru því sem andstætt er helgi viðkomandi athafnar, sem og viðurlagaákvæði 7. gr. Hins vegar er lagt til að sú upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar sem fram kemur í 2. gr. laganna verði tekin upp í lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Lög um helgidagafrið komu í stað laga um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926. Ákvæði um helgidaga og helgidagahald eiga sér hins vegar sögu langt aftur í aldir og hefur löggjöf um það lengst af byggst á trúarlegum málefnum. Ýmis önnur sjónarmið hafa þó tengst löggjöfinni hin síðari ár, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 32/1997. Eru þar nefnd vinnuverndarsjónarmið, í þeirri viðleitni að tryggja fólki frí frá vinnu á helgidögum, og löggæslusjónarmið sem tengjast málinu að því leyti að haga verður löggjöfinni þannig að auðvelt sé að framfylgja henni. Í frumvarpinu segir enn fremur að í þessu sambandi verði að hafa í huga að með löggjöf sem þessari séu atvinnustarfsemi sett takmörk og fjálsræði manna heft. Hins vegar beri að leitast við að tryggja fólki frið, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum. Jafnframt beri að gera lögin þannig úr garði að hið sama fólk geti innan vissra takmarka átt þess kost að stunda afþreyingu sem samræmist helgi þeirra daga er um ræðir í lögum.

Með lögum nr. 18/2005 var gerð breyting á 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um helgidagafrið er fjallar um starfsemi sem undanþegin er því banni er greinir í 4. gr. laganna. Með breytingunni var matvöruverslunum sem uppfylla ákveðin skilyrði heimilað að hafa opið föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Eins og fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu var með ákvæðinu leitast við að koma til móts við það sjónarmið að unnt yrði að bjóða ferðamönnum ýmsa nauðsynlega þjónustu án tillits til helgidagafriðar. Markmiðið væri eingöngu að þjónustuaðilum yrði gert mögulegt að sinna ýmissi grunnþjónustu, þar með talið við ferðamenn, á þessum hátíðardögum. Hins vegar átti ekki að beita ákvæðinu til að hafa almennar verslanir eða þjónustustarfsemi opna þessa daga, svo sem matvöruverslanir, fataverslanir o.s.frv. Í athugasemdunum er vísað til þess að verslunarrekstur væri í örri þróun og skilin á milli einstakra tegunda verslana æ óskýrari. Matvara væri á boðstólum á ýmsum stöðum, svo sem á bensinstöðvum, í blómaverslunum og lyfjaverslunum, ekki síst á landsbyggðinni. Jafnræði ríkti því ekki meðal þeirra sem bjóða matvöru til sölu eða kaupa hana og var ákvæðið því rýmkað í þeim tilgangi að jafna stöðu þeirra sem selja og kaupa matvöru á tilteknum helgidögum.

Frá setningu laga um helgidagafrið, ekki síst á síðustu árum, hafa orðið miklar breytingar á íslensku samfélagi með fjölgun landsmanna. Ferðamenn streyma til landsins allt árið um kring. Bæði heimamenn og ferðamenn stunda alls kyns afþreyingu, ekki síst á fríðögum og stórhátíðum og hefur Ísland meðal annars verið markaðssett sérstaklega sem áfangastaður um hátíðir eins og jól og páska. Það er því afar óhentugt að á sama tíma sé atvinnustarfsemi sett takmörk þannig að ekki sé mögulegt að bjóða ferðamönnum þjónustu vegna takmarkana á ýmis konar starfsemi á nánar tilteknum helgidögum. Einnig eru ýmsar takmarkanir lagðar á skemmtanir á þessum dögum. Lögin takmarka þannig frelsi einstaklinga til ýmiss konar atvinnurekstrar og afþreyingar. Umræða um að endurskoða þurfi lög um helgidagafrið á grundvelli breytinga sem orðið hafa á samfélaginu hefur aukist að undanfögnu og hafa þau verið talin barn síns tíma og að ekki séu næg rök fyrir þeim takmörkunum sem lögin setja bæði almenningi og atvinnurekendum. Með hliðsjón af breyttu þjóðfélagi er í frumvarpi þessu lagt til að afnumin verði sú takmörkun sem er á atvinnustarfsemi og afþreyingu á grundvelli núgildandi laga um helgidagafrið. Einnig er lagt til að upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar, sem fram kemur í 2. gr. laganna, verði færð yfir í löggjöf um þjóðkirkjuna,



enda er hér um að ræða upptalningu á helgidögum þess trúfélags. Þannig eru vinnuverndarsjónarmið sem tengjast löggjöfinni í þeirri viðleitni að tryggja fólki frí frá vinnu á helgidögum, áfram tryggð, en vitnað er til helgidaga Þjóðkirkjunnar í lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971. Samkvæmt lögum um helgidagafrið verður áfram óheimilt að trufla guðsþjónustu og aðrar helgiathafnir eins og kveðið er á um í 3. gr. laganna, en ákvæðið tekur til trúarlegra athafna óháð trúfélagi.

Á 145. löggjafarþingi (575. mál) og 148. löggjafarþingi (134. mál) lögðu þingmenn fram frumvörp um að lög um helgidagafrið yrðu lögð niður og að ákvæði um helgidaga Þjóðkirkjunnar yrðu færð yfir í lög um 40 stunda vinnuviku. Frumvörpin hlutu ekki afgreiðslu. Við meðferð þessara frumvarpa aflaði allsherjar- og menntamálanefnd umsagna um þau og bárust alls tíu umsagnir. Alþýðusamband Íslands taldi brottfall laga um helgidagafrið ekki munu hafa áhrif á kjarasamninga, en lagði þó til að sá skilningur væri tekinn fram í greinargerð með frumvarpinu til þess að taka af allan vafa í því sambandi. BSRB tók í sama streng, en benti á að hér á landi væru um 200 kjarasamningar í gildi og innihald þeirra að mörgu leyti sambærilegt. Þó kynni að vera að einhverjir þeirra vísuðu beint til laganna um helgidagafrið í ákvæðum um helgidaga. Því væri sérstaklega mikilvægt að tryggt yrði að brottfall laganna myndi ekki hafa nein áhrif á kjarasamninga. Viðskiptaráð studdi frumvarpið og taldi lögin vera barn síns tíma. Lögin takmarki frelsi einstaklinga til atvinnurekstrar eða skemmtana án þess að fullnægjandi rök fyrir slíkum takmörkunum séu til staðar. Það frelsi ætti ekki að skerða á grundvelli hefðar Þjóðkirkjunnar. Ráðið hvatti hins vegar Alþingi til að auka sveigjanleika vegna frítöku í tengslum við helgidaga. Siðmennt lýsti sig einnig samþykkt frumvarpinu og taldi lögin vera barn síns tíma og að ekki væri rétt að takmarka frelsi fólks vegna helgidaga Þjóðkirkjunnar. Hins vegar bæri að tryggja frítökurétt og hvíldartíma í samningum stéttarfélaganna við vinnuveitendur. Vantrú studdi frumvarpið og taldi ekki rétt að hampa helgidögum eins trúfélags sérstaklega. Prestafélag Íslands, kirkjuráð og biskup Íslands lögðust gegn því að lögin yrðu lögð niður. Í umsögn biskups Íslands segir að markmiðið með löggjöfinni sé að tryggja fólki fríð, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum. Löggjöfin byggir á virðingu við þau gildi sem saga og inntak tiltekinna daga feli í sér og sameina þjóðina í sið sem krossinn í þjóðfánanum og þjóðsöngurinn vitna um. Það sé mikilvægt fyrir þjóð að eiga hátíðisdaga og rækta helgi og frið um þá, auk þess að vera stoð mannréttinda á kristnum grunni. Biskup Íslands og kirkjuráð vitnuðu bæði til ályktunar Prestafélags Íslands um málið er það var til umfjöllunar á 145. löggjafarþingi, um að lögnum yrði viðhaldið. Beindi kirkjuþing því til Alþingis að endurskoða heildarlöggjöfina en tryggja um leið að markmið hennar haldi gildi sínu. Tveir einstaklingar lýstu sig andstæða frumvarpinu.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Núgildandi lög um helgidagafrið eiga rót sína að rekja til samfélags sem var með mjög ólíku sniði en er í dag. Markmið laganna er að tryggja fólki fríð, ró, næði og afþreyingu á helgidögum Þjóðkirkjunnar. Á undanförunum árum hefur straumur ferðamanna til landsins stórauðist og sömuleiðis samsetning íbúa landsins. Ekki er talin þörf á að takmarka frelsi fólks á helgidögum Þjóðkirkjunnar með ákvæðum í lögum. Er fremur talið nauðsynlegt að draga úr þeirri takmörkun sem lögin setja ýmsum rekstraraðilum á helgidögum, þannig að unnt sé að koma til móts við þá sem stunda afþreyingu á þessum dögum og vilja njóta eða veita þjónustu. Þá ber að hafa í huga að markmið með lögum um helgidagafrið er að hluta til að standa vörð um frítíma fólks. Gera verður ráð fyrir að frítökuréttur og hvíldartími launafólks sé tryggður í

samningum stéttarfélaga við vinnuveitendur, auk þess sem lög um um 40 stunda vinnuviku eiga að tryggja þann rétt. Sá réttur ætti því ekki að skerðast við breytingu á lögum um helgidagafrið enda gerir frumvarpið ráð fyrir því að upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar, sem vísað er til í lögum um 40 stunda vinnuviku, verði áfram í lögum.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með þessu frumvarpi er lögð til breyting á lögum um helgidagafrið og lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, í þeim tilgangi að auka frelsi til atvinnurekstrar á helgidögum og koma til móts við þá sem njóta vilja þjónustu og afþreyingar á þessum dögum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að felld verði brott ákvæði í lögum um helgidagafrið sem takmarka heimild til ýmis konar starfsemi og skemmtana á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar verði tekin upp í lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar í stað þess að tilgreina þá daga í lögum um helgidagafrið.

### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur ekki í sér nein álitæfni er varðar stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar

### 5. Samráð.

(Í vinnslu)

### 6. Mat á áhrifum.

(Í vinnslu)

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að gerð verði orðalagsbreyting á 1. gr. laganna til samræmis við breyttan tilgang þeirra sem leiða má af tillögu 2. gr. frumvarpsins um brottfall tiltekinna ákvæða laganna, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Með þessari grein er lagt til að felld verði brott ákvæði í lögum um helgidagafrið sem mæla fyrir um takmarkanir á tilgreindri starfsemi og skemmtunum á helgidögum þjóðkirkjunnar. Með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á þjóðfélaginu undanfarin ár hefur verið talin þörf á aukinni þjónustu þessa daga auk þess sem ekki er talin þörf á að skerða frelsi til afþreyingar á helgidögum þjóðkirkjunnar. Einnig er lagt til að upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar falli brott úr lögum um helgidagafrið en verði í staðinn tekin upp í löggjöf um þjóðkirkjuna, sbr. skýringar við 3. gr. frumvarpsins. Annað í ákvæðinu þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að sú breyting verði gerð á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, að við lögin bætist nýr kafli er nefnist *Helgidagar þjóðkirkjunnar*, með einni nýrri grein þar sem einungis eru taldir upp helgidagar þjóðkirkjunnar. Eru þeir óbreyttir frá því sem nú er í lögum um helgidagafrið að öðru leyti en því að felld er niður að jóladagur sé helgidagur til kl. 6:00 að morgni næsta dags, en slík tímaskilgreining er óþörf þar

sem hún helgaðist af mismunandi takmörkunum á atvinnustarfsemi og skemmtunum á jóladegi og öðrum degi jóla. Þar sem vitnað er til helgidaga þjóðkirkjunnar í lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971, sem frídaga launafólks, er æskilegt að tilgreina þá áfram í lögum. Er talið að sú upptalning falli vel að löggjöf um þjóðkirkjuna, enda eiga ákvæði laga um helgidagafrið, sem eftir standa verði frumvarpið að lögum, við um helgihald óháð því hvaða trúfélög á í hlut.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

DRÖG

#### 4. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Örnunni Grétarsdóttur, Axel Árnasyni Njarðvík, Bryndísi Möllu Elíddóttur, Guðbjörgu Arnardóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hildi Ingu Rúnarsdóttur, Hreiðari Erni Stefánssyni, Hreini S. Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margræti Snorraddóttur og Skúla S. Ólafssyni

### **Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum**

#### 1. gr.

Við 12. gr. starfsreglnanna bætast tvær nýjar málsgreinar á eftir 1. mgr. svohljóðandi, og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því:

Við kjör til kirkjuráðs samkvæmt 1. mgr. skal kosið sérstaklega um hvert sæti aðalmanns og varamanns í kirkjuráði. Skal kosningin vera skrifleg. Sá er réttkjörinn kirkjuráðsmaður sem hlýtur meiri hluta gildra atkvæða miðað við fullskipað kirkjuþing. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður. Ef enginn fær meiri hluta gildra atkvæða, skal kosið að nýju um þá tvo sem fengu flest gild atkvæði. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða um hverja tvo skuli kosið. Verði atkvæði þá jöfn skal hlutkesti ráða.

Verði guðfræðingur eða leikmaður kosinn í kirkjuráð, sem ekki á sæti á kirkjuþingi, skal hlutaðeigandi, til að hljóta kjör, vera kjörgengur til kirkjuþings samkvæmt gildandi starfsreglum um kjör til kirkjuþings hverju sinni.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

**Málið var dregið til baka.**

5. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Eyrarbakka-, Hveragerðis-, Selfoss- og Þorlákshafnarprestaköll, Suðurprófastsdæmi,  
sameinist í eitt prestakall, Árborgar-og Ölfussprestakall.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019. Sameining Þorlákshafnarprestakalls taki þó  
gildi þann 1. ágúst 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og  
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

**Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi að svo stöddu.**

6. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Bústaða- og Grensásprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra, sameinist í eitt prestakall,  
Fossvogsprestakall.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og  
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

7. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1.gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll, Vestfjarðaprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall,  
Breiðafjarðar- og Strandaprestakall.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

8. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Akureyrar- og Laugalandsprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Eyjafjarðarprestakall.

Lögbýlið Ingjaldsstaðir, sem nú tilheyrir Einarstaðasókn, tilheyrir eftirleiðis Ljósavatnssókn. Felst í þessu breyting sóknarmarká á milli tédra sókna.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. febrúar 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

**Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi að svo stöddu.**



9. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Langanes- og Skinnastaðarprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

10. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll, Austurlandsprófastsdæmi, sameinist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti Kolfreyjustaðarprestakalls verði Austfjarða-  
prestakall.

2. gr.

Sameining hvers prestakalls sem tilgreint er í 1. gr. öðlist gildi við starfslok hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

11. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Örnun Grétarsdóttur, Hreini S. Hákonarsyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur og Hjalta Hugasyni

**Þingsályktun  
um stefnumótun fyrir kærleikþjónustu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikþjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleikþjónustusviðs biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náið með þeim sem koma að sérhæfði kærleikþjónustu kirkjunnar. Tillaga að stefnu fyrir kærleikþjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

12. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni og Örnun Grétarsdóttur

### **Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar**

1. gr.

■ Hlutverk samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar er að eigin frumkvæði eða að ósk einstakra safnaða og kirkjulegra stofnana að boða til funda og málþinga um mál er snerta kirkju og samfélag í því skyni að vekja umræðu innan kirkju sem utan, veita fræðslu og afla sér þekkingar, og koma fram kristnum sjónarhornum.

■ Samfélags- og fræðslunefndin skal eftir því sem við á hafa samvinnu við nefndir og stofnanir kirkjunnar og samfélagsins um þau málefni sem hún tekur til umfjöllunar.

2. gr.

■ Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar skilar kirkjuráði árlegri skýrslu, sem fjallað er um af kirkjuþingi.

□ Samfélags- og fræðslunefndin gerir starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af kirkjuráði og lögð fyrir kirkjuþing til ályktunar.

3. gr.

■ Biskup Íslands skipar fimm fulltrúa í samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Biskup Íslands skipar þrjú fulltrúa án tilnefningar úr röðum starfsmanna sinna. Starfsmennirnir skulu vera verkefnastjórar frá fræðslusviði, kærleiksþjónustusviði og Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Nefndin skal skipa með sér verkum.

4. gr.

■ Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr kirkjumálasjóði og styrkjum er kunna að fást vegna verkefna á vegum nefndarinnar.

5. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar nr. 1028/2007.

13. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Elínborgu Gísladóttur, Guðbjörgu Arnardóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hreini S. Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margréti Snorradóttur, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Örnunni Grétarsdóttur

### **Þingsályktun**

#### **um siðbót er varðar vinnuumhverfi kvenna í kirkjunni**

Kirkjuþing ályktar að #metoo áskorun prestsvígðra kvenna frá 16. janúar 2018 verði tekin alvarlega og mun beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestsvígðra og annarra, í kirkjunni.

14. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Guðmundi Þór Guðmundssyni, Örnun Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Kolbrúnu Baldursdóttur, Sigríði Mundu Jónsdóttur, Hildi Ingu Rúnarsdóttur, Ólöfu Margréti Snorradóttur og Gísla Jónassyni

**Þingsályktun  
um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti,  
kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi**

Kirkjuþing 2018 samþykkir að skipa nefnd þriggja fulltrúa til að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi til að bregðast við málum sem upp gætu komið innan kirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Nefndin skili tillögum sínum til kirkjuþings hið fyrsta þannig að þær fái endanlega úrlausn kirkjuþings á fyrri hluta árs 2019.

15. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Elínborgu Gísladóttur Guðmundi Þór Guðmundssyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hreini S. Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margréti Snorradóttur, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Örnunni Grétarsdóttur

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna:

a) Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hver sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal hafa óflekkað mannorð.

Enginn skv. 2. mgr. telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

b) 2. mgr. verður 4. mgr.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

16. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Elínborgu Gísladóttur, Guðbjörgu Arnardóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hreini S. Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margrétu Snorradóttur, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Örnunni Grétarsdóttur

**Starfsreglur um breytingu á siðareglum  
vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á  
kirkjuþingi 2009, sbr. breytingu á kirkjuþingi 2013**

1. gr.

Fyrsta málsgrein í inngangi siðareglanna orðast svo:

Siðareglur þessar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og starfsfólks í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana kirkjunnar auk annarra kjörinna fulltrúa og þeirra er valin hafa verið til trúnaðarstarfa. Þær eru ætlaðar til stuðnings og leiðbeiningar í þjónustu við Guð og menn.

2. gr.

Fyrsta málsgrein í almennum ákvæðum siðareglanna orðast svo:

Hver sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður innan sókna og stofnana þjóðkirkjunnar, launaður eða ólaunaður, kjörinn fulltrúi eða annar sem gegnir trúnaðarstörfum, hafi brotið framangreindar siðareglur getur leitað til fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota, biskups Íslands eða eftir atvikum kært.



17. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuráði

## **Þingsályktun um persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna**

**Kirkjuþing 2018 samþykkir eftirfarandi persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna:**

### **Persónuverndarstefna þjóðkirkjunnar**

Íslenska þjóðkirkjan er mynduð af mörgum skipulagsheildum, ber þar helst að nefna sóknir og kirkjugarða um land allt, biskupsstofu, sjóði sem starfa samkvæmt lögum svo og aðrar kirkjulegar stofnanir og skipulagsheildir. Persónuverndarstefna þjóðkirkjunnar nær til allra skipulagsheilda þjóðkirkjunnar, starfsmanna hennar og – eins og við getur átt - sjálfboðaliða er starfa innan hennar.

Starfsemi þjóðkirkjunnar er víðtæk en drjúgur hluti hennar felur í sér einhvers konar vinnslu persónuupplýsinga. Þjóðkirkjunni er annt um að vel sé hlúð að persónuupplýsingum og leggur upp úr því að öryggi þeirra sé tryggt eins og best verður á kosið. Vinnsla persónuupplýsinga hjá þjóðkirkjunni fylgir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir nefnd persónuverndarlög). Á grundvelli persónuverndarlaganna samþykkir kirkjuþing eftirfarandi persónuverndarstefnu f.h. þjóðkirkjunnar. Gildir stefna þessi fyrir allar skipulagsheildir innan þjóðkirkjunnar. Hver skipulagsheild innan þjóðkirkjunnar getur sett sér sína eigin persónuverndarstefnu á grundvelli persónuverndarlaga en sú stefna má ekki ganga skemur en persónuverndarstefna þessi hvað varðar persónuvernd.

### **Almennt**

Íslenska þjóðkirkjan einsetur sér að safna ekki frekari persónuupplýsingum en nauðsyn krefur miðað við tilgang vinnslu. Vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, bæði gagnvart starfsmönnum þjóðkirkjunnar og öðrum aðilum sem upplýsingar kunna að varða og skal öflun persónuupplýsinga vera í skýrum og málefnalegum tilgangi. Hver skipulagseining innan þjóðkirkjunnar, sem vinnur persónuupplýsingar, skal halda skrá yfir vinnslu um persónuupplýsingar, sbr. 1. mgr. 26. gr. persónuverndarlaga og yfirfara verklag í kringum vinnsluáðgerðir með reglubundnum hætti. Gæta skal þess, að þeim sem vinnsla upplýsinga snýr að, sé veitt viðeigandi fræðsla áður en vinnsla hefst. Þá skal þess gætt að upplýsingar séu ekki varðveittar lengur en þörf krefur.

### **Öryggi upplýsinga**

Takmarka skal aðgengi að persónuupplýsingum svo eingöngu þeir sem koma að vinnslunni hafi aðgang að þeim. Í því skyni skal gripið til aðgangsstýringar, bæði hvað varðar tölvukerfi þjóðkirkjunnar og húsakynni. Skal þess gætt að starfsmönnum þjóðkirkjunnar

sé reglulega veitt fræðsla um þætti sem snúa að öryggismálum og persónuvernd, auk þess sem reglulega skulu fara fram áhættumat og innri úttektir. Allir starfsmenn innan íslensku þjóðkirkjunnar skulu skrifa undir þagnareid sem helst áfram sé látið af starfi. Þeir sjálfboðaliðar þjóðkirkjunnar sem umgangast persónugreinanleg gögn undirrita samskonar yfirlýsingu um trúnað. Þegar um viðkvæm skjöl er að ræða, sem þurfa að sendast í tölvupósti, skal leitast við að læsa þeim og senda lykilorð í öðrum tölvupósti eða með símaskilaboðum. Þó skal ávallt hafa hugfast að ekki er öruggt að senda viðkvæmar persónuupplýsingar með tölvupósti svo brýnt er að leita annarra leiða við afhendingu slíkra gagna. Gæta skal þess að vinnsluaðilar fylgi öryggiskröfum íslensku þjóðkirkjunnar með gerð vinnslusamninga, þar sem ítarlega er mælt fyrir um heimildir vinnsluaðila og skyldur.

Lögð er áhersla á að tölvukerfi þjóðkirkjunnar tryggi viðeigandi tæknilegar og skipulegar öryggisráðstafanir en komi upp öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga skal Persónuvernd tilkynnt um brestinn nema ósennilegt sé að brotið leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Sé öryggisbresturinn talinn líklegur til að leiða af sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklingsins skal honum jafnframt tilkynnt um brestinn. Í öllum tilvikum skal persónuverndarfulltrúa tilkynnt um öryggisbrest og bresturinn færður á sérstaka skrá yfir öryggisbresti.

### **Réttur einstaklingsins**

Einstaklingur getur hvenær sem er óskað upplýsinga um hvort íslenska þjóðkirkjan vinni um hann persónuupplýsingar og í slíkum tilfellum óskað frekari upplýsingar um vinnsluna, s.s. hvernig sú vinnsla fer fram og tilgang vinnslunnar. Hann getur óskað þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem hann varða auk þess sem mögulegt er í ákveðnum tilvikum að einstaklingur geti óskað þess að fá upplýsingar um sig leiðréttar eða óskað takmörkunar á vinnslu. Þá getur einstaklingur óskað þess að persónuupplýsingum um sig verði eytt en rétt er þó að geta þess að sá réttur kann að sæta takmörkunum, t.a.m. þegar lög kveða á um skráningu og varðveislu persónuupplýsinga. Íslenska þjóðkirkjan er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og er því óheimilt að eyða hvers konar gögnum sem borist hafa þjóðkirkjunni. Ljóst er því að almennt eiga þessi réttindi ekki við hvað varðar vinnslu hjá íslensku þjóðkirkjunni. Sé um að ræða sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga sem byggist á samþykki á einstaklingur rétt á að fá upplýsingar sem hann varðar og sem hann hefur sjálfur látið íslensku þjóðkirkjunni í té, á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og eigi rétt á að senda þessar upplýsingar til annars ábyrgðaraðila. Mögulega getur einstaklingur jafnframt átt rétt á að fá upplýsingarnar færðar beint frá einum ábyrgðaraðila til annars, sé það tæknilega framkvæmanlegt. Í þeim tilvikum þegar einstaklingur hefur veitt samþykki fyrir vinnslu upplýsinga, gefst honum kostur á að afturkalla samþykki fyrir vinnslunni, sé enginn lagalegur grundvöllur fyrir henni. Þá á einstaklingur rétt til að andmæla vinnslu persónulegra upplýsinga sem hann varða, vegna sérstakra aðstæðna sinna, byggja vinnslan á almannahagsmunum. Jafnframt getur einstaklingur átt rétt á því að vinnsla sé takmörkuð undir ákveðnum kringumstæðum, t.d. ef vefengt er að persónuupplýsingar sem unnið er með séu réttar.

## Vinnsla þjóðkirkjunnar á persónuupplýsingum

Í félagatali þjóðkirkjunnar kemur fram nafn, kennitala, fæðingarár, heimilisfang og hvaða sókn viðkomandi tilheyrir. Helst er unnið með persónulegar upplýsingar þegar greina þarf hverjir geti tekið þátt í kosningum innan kirkjunnar, þegar nýtt fólk er ráðið til starfa innan hennar eða þegar tiltekna athafnir eru fyrirhugaðar.

Erindi sem berast þjóðkirkjunni, hvort sem þau berast bréfleiddis eða með rafrænum hætti, er svarað svo skjótt sem kostur er. Hvað yfirstjórn kirkjunnar varðar, varðar eru erindin ásamt svari og eftir atvikum, öðrum gögnum sem verða til við vinnsluna, geymd í skjalasafni og rafrænni málaskrá. Mögulegt er að í þeim komi fram persónuupplýsingar um sendanda, t.d. nafn og netfang eða aðrar tengiliðaupplýsingar.

Prestar þjóðkirkjunnar, bæði þeir sem starfa innan sókna og þeir sem starfa í sérþjónustu framkvæma ákveðnar athafnir, s.s. guðþjónustur, skírnir, fermingar, vígslur og útfarir. Þá fer jafnframt fram sálgæsla, ráðgjöf, sáttumleitan og félagsstarf innan sókna. Í tengslum við þessar athafnir getur komið til vinnslu upplýsinga úr ofangreindri skrá um félagsmenn kirkjunnar auk þess sem gefin eru út vottorð, t.d. sáttavottorð og skírnavottorð, sem oftast eru þó eingöngu unnin frá upplýsingum og gögnum frá þeim sem upplýsingarnar varðar. Þjóðkirkjan heldur jafnframt uppi barna- og unglíngastarfi, æskulýðsstarfi, KFUM- og KFUK-starfi, fermingarfræðslu, ýmiss konar tónlistarstarfi, fræðslustarfi og kristniboðsstarfi. Varðandi þá þjónustu sem tilgreind er hér að ofan er þess ekki áskilið að viðkomandi einstaklingur sé skráður í þjóðkirkjuna.

Helstu tegundir upplýsinga sem unnið er með eru nöfn, kennitala, heimilisfang, upplýsingar um tengiliði, t.d. foreldra eða skírnavotta, tiltekna dagsetningar s.s. vígsludag eða dánardag, hjúskaparstöðu hjónaefna og forsjáradíla.

Mögulegt er að aðilar sem koma að sálgæslu og ráðgjöf til einstaklinga skrifi niður persónulegaminnispunkta milli viðtala en í þeim tilvikum skal öllum slíkum minnisþingum eytt í síðasta lagi þegar vinnslunni lýkur eða þeir gerðir ópersónugreinanlegir. Myndatökur eiga sér stundum stað í kirkjulegu starfi en þá helst á opnum viðburðum. Ef myndirnar er persónulegs eðlis, skal leitast við að afla samþykkis þegar birta á slíkar myndir á heimasíðum þjóðkirkjunnar, ýmist hjá viðkomandi aðila eða forsjárforeldrum ef við á. Alla jafna skulu þó myndir sem deilt er á heimasíðum vera almenns eðlis og gætt sanngirnis við val og birtingu slíkra mynda.

Í kringum starfsmannahald þjóðkirkjunnar og verktaka fer fram hefðbundin vinnsla persónuupplýsinga. Unnið er með persónuupplýsingar sem snúa að starfsmönnum kirkjunnar, fyrst og fremst í þeim tilgangi að geta greitt þeim laun. Haldið er utan um helstu grunnupplýsingar, t.d. nöfn, kennitölur, heimilisföng, póstnúmer, starfsheiti, auk upplýsinga um launakjör, stéttafélagsaðild, lífeyrisfélagsaðild svo dæmi séu tekin. Þá er haldið utan um öll gögn sem berast og verða til vegna starfsumsóknna, lögum samkvæmt. Frekari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga gagnvart starfsmönnum má finna á innri vef kirkjunnar.

Varðveitt eru uppgefin nöfn og netföng þeirra sem skráðir eru á póstlista kirkjunnar. Þá má nefna að ýmsar vefsíður þjóðkirkjunnar nota vefkökur að takmörkuðu leyti.

## **Hvaðan aflar þjóðkirkjan persónulegra upplýsinga?**

Íslenska þjóðkirkjan aflar upplýsinga ýmist úr þjóðskrá eða frá einstaklingnum sjálfum. Varðandi umsækjendur um störf getur þó komið til þess að kirkjan hafi samband við uppgefna meðmælendur umsækjanda eða að umsækjendur þreyti próf eða verkefni. Í ákveðnum tilvikum eru einnig skipaðar fag- eða matsnefndir í kringum ráðningar í embætti auk þess sem kjörnefnd kemur að vinnslunni.

## **Vafrakökur**

Þegar þú heimsækir vefsíður kirkjunnar verða til upplýsingar um heimsókn á vefinn. Vefsíðan notast við vafrakökur (e. cookies) í þeim tilgangi að telja heimsóknir á vefinn og gera skýrslur um þær. Vafrakökur eru textaskrár sem vefsvæði senda í tæki með vafra, s.s. tölvu eða snjallsíma, þegar vefsíða er heimsótt. Með vafrakökum gefst kostur á að geyma upplýsingar eins og texta, númer, dagsetningar og fleira

Þjóðkirkjan notar Google Analytics til vefmælinga. Hver koma inn á vefsíðu er skráð auk tíma, dagsetningar, gerð vafra og stýrikerfis. Þessum upplýsingum er safnað í þeim tilgangi að geta gert endurbætur á vefnum, t.d. til að skoða hvaða efni mest er lesið. Í kjölfarið má svo þróa efnið betur og gera það markvissara. Öðrum upplýsingum er ekki safnað.

Vafrakökurnar geyma engin persónugreinanleg gögn og gætum við þess að deila ekki þeim upplýsingum sem safnast með þriðja aðila.

Vefurinn notast við SSL-skilríki sem þýðir að öll samskipti eru yfir dulritað burðarlag. Það gerir gagnaflutning í gegnum hann öruggari.

Með skilríkjunum eru upplýsingar sem sendar eru milli notenda vefmiðlara dulkóðaðar og gögnin sem flutt eru á milli skila sér á réttan stað á öruggan máta.

## **Erindi og fyrirspurnir**

Persónuverndarfulltrúi þjóðkirkjunnar er Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, lögfræðingur á biskupsstofu. Skal erindum er snúa að persónuvernd beint á netfangið [personuvernd@kirkjan.is](mailto:personuvernd@kirkjan.is).

Þjóðkirkjan einsetur sér að svara fyrirspurnum og beiðnum einstaklinga hið fyrsta og eigi síðar en mánuði eftir móttöku þeirra. Ef fyrirséð er að afgangur mun taka lengri tíma mun þjóðkirkjan upplýsa hinn skráða um það. Þar sem þjóðkirkjan er mynduð af mörgum skipulagsheildum hefur hvorki biskupsstofa né aðrar einingar þjóðkirkjunnar beinan aðgang að persónuupplýsingum sem aðrar stofnanir eða sóknir búa yfir. Þar af leiðandi er vakin athygli á mikilvægi þess að taka skýrt fram í beiðni, frá hvaða einingu þjóðkirkjunnar óskað er upplýsinga.

Vakin er athygli á því að einstaklingur sem telur vinnslu persónuupplýsinga hjá þjóðkirkjunni ekki samræmast gildandi persónuverndarlögum getur leitað til Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Þjóðkirkjan endurskoðar reglulega persónuverndarstefnu sína svo stefna þessi kann að taka breytingum.

18. mál kirkjubings 2018  
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009,  
með síðari breytingum**

1. gr.

1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prestur nýtur arðs af hlunnindatekjum prestsseturs, öðrum en tekjum af veiði í ám og vötnum, svo og þeim réttindum sem getið er í 11. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004. Þá skulu tekjur af landspildum og lóðum, sbr. 22. og 23. gr. ábúðarlaga renna til kirkjumálasjóðs. Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemur fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs miðað við janúar ár hvert. Ekki skal þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

19. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum um  
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Í eftirtöldum prestaköllum falla brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018:

*Kjalarnesprófastsdæmi*

Grindavíkurprestakall

*Vesturlandsprófastsdæmi*

Hvanneyrarprestakall

*Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi*

Sauðárkróksprestakall

Þingeyraklaustursprestakall

*Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi*

Húsavíkurprestakall

*Austurlandsprófastsdæmi*

Norðfjarðarprestakall

2. gr.

Greiðsla húsaleigustyrkja á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, fellur niður. Greiðsla húsaleigustyrkja til þeirra presta sem styrkgreiðslna njóta við gildistöku starfsreglna þessara fellur brott eigi síðar en 1. desember 2019. Láti prestur af embætti eða fái heimild til að búa utan prestakalls fyrir 1. desember 2019 fellur skylda til að leggja til prestssetur í því prestakalli brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

20. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af Stefáni Magnússyni

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum um  
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

**Vesturlandsprófastsdæmi:**

Saurbæjarprestakall er lagt niður. Innra-Hólms, Leirár- og Saurbæjarsóknir tilheyra eftirleiðis Garðaprestakalli. Garðaprestakall nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

21. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Gísla Gunnarssyni og Hreini S. Hákonarsyni

**Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um  
val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.**

1. gr.

12. mgr. 6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Matsnefnd raðar umsækjendum um starf prests í þjóðkirkjunni, að fullnægðum skilyrðum, í þá röð sem hún metur hæfni viðkomandi til starfans.

2. gr.

3. mgr. 8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Að fenginni niðurstöðu matsnefndar, sbr. 6. gr., boðar kjörnefnd umsækjendur til viðtals.

3. gr.

Orðin „miðað við fullskipaða kjörnefnd“ í 10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna falla brott.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

**Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.**



22. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur**  
**um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum**

I. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

■,Orðið „og“ í 35. gr. starfsreglnanna fellur brott.

II. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um djákna nr. 738/1998, með síðari breytingu.**

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðast svo:

■Þegar djákni er ráðinn til starfa af sóknarnefnd gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

III. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað orðsins „presta“ í 1. másl. 1. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: sóknarpresta.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum falla brott.

IV. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagssamtaka nr. 824/1999, með síðari breytingu.**

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

V. KAFLI

**Breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.**

6. gr.

Í stað orðanna „starfsreglur um kirkjuþing“ í 1. mgr. 5. gr. starfsreglnanna kemur: starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. starfsreglnanna.

- a. Á eftir orðunum og tölustöfunum „reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991“ í b)- lið kemur: , með síðari breytingum.
- b. Í stað tölustafanna „38“ í c)-lið kemur: 138.

8. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð fer með málefni Skálholtsstaðar og eftirtalinna stofnanna þjóðkirkjunnar:

- a) Skálholts ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sbr. lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963 og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
- b) Löngumýrarskóla, sbr. reglur fyrir Löngumýrarskóla í Skagafirði samþykktar á kirkjuþingi árið 1994.
- c) Hjálparstarfs kirkjunnar, Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sbr. ákvæði gildandi starfsreglna, staðfesta skipulagsskráa og annarra heimilda hverju sinni.

Kirkjuráð starfrækir enn fremur fasteigasvið þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

9. gr.

11. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð skipar eða ræður í eftirtalin stjórnunarstörf þjóðkirkjunnar:

- a) Skólaráð Skálholtsskóla, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
- b) Kirkjutónlistarráð, sbr. 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017.
- c) Fagráð um meðferð kynferðisbrota, sbr. 3. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009, með síðari breytingu.
- d) Kjörstjórn og yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.
- e) Löngumýrarnefnd, sbr. 4. gr. reglna fyrir Löngumýrarskóla í Skagafirði sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 1994.
- f) Forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sbr. 4. gr. og ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingu.

Kirkjuráð skipar í hvert ráð og nefnd skv. staflidum a-e í 1. mgr. þrjá aðalmenn og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Kirkjuráð ákveður jafnframt hver skuli vera formaður hvers ráðs og nefndar og varamaður hans, nema starfsreglur kirkjuþings mæli annan veg. Hver skipun gildir frá 1. júlí árið eftir kjör til kirkjuþings., sbr. 1. mgr. 1. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

10. gr.

3. málsl. 12. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð tilnefnir tvo nefndarmenn og varamenn þeirra í þóknananefnd kirkjunnar, sem kosin er af kirkjuþingi, sbr. 2. mgr. 12. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

11. gr.

15. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð hefur, auk annarra verkefna sem greinir í starfsreglum þessum, eftirtalin verk með höndum:

- a) Fjallar um erindi frá sóknarnefndum vegna fyrirhugaðra fjárfrekra framkvæmda svo og vegna fjárhagsörðugleika, sbr. 8. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.
- b) Tekur afstöðu til áfrýjunar úrskurða úrskurðarnefndar og hefur yfirumsjón með því að úrskurðum úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar sé framfylgt, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 31. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, með síðari breytingum.
- c) Ábyrgist, ásamt kirkjulegum stjórnvöldum, að farið sé að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, með síðari breytingum og að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunar kirkjunnar sé jafnframt framfylgt.
- d) Upplýsir almenning um lög og regluverk á sviði þjóðkirkjumála og annast það verk með viðhlítandi hætti.
- e) Svarar fyrirspurnum kirkjuþings sem undir kirkjuráð heyra.
- f) Veitir úrlausn í málum sem skotið er til ráðsins með stjórnarsýslukæru vegna ákvarðana eða aðgerða kirkjulegra stjórnvalda sem undir það heyra.

Leikmenn í kirkjuráði sitja leikmannastefnu, sbr. 1. mgr. 5. gr. starfsreglna um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingu.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „kirkjuþingsmönnum“ í 1. mgr. kemur: kirkjuráðsmönnum.
- b. Í stað orðanna og tölustafanna „persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000“ í 2. mgr. kemur: persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

VI. KAFLI

**Starfsreglur um ráðgjafarnefnd  
um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingu.**

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

## VII. KAFLI

### **Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.**

14. gr.

Á eftir orðunum og tölustöfunum „reglugerðar um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991“ í e)-lið 1. gr. starfsreglnanna kemur: , með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavarðar“ í 3. mgr. 6. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. og 6.-9. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðanna „þjóðminjavarðar, sbr. gildandi þjóðminjalög á hverjum tíma“ í síðari másl. 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. og 6.-9. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, með síðari breytingum.

17. gr.

22. gr. starfsreglnanna fellur brott.

## VIII. KAFLI

### **Starfsreglur um þjálfun djáknaefna nr. 843/2003.**

18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

## IX. KAFLI

### **Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingu.**

19. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

## X. KAFLI

### **Starfsreglur um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005.**

20. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

## XI. KAFLI

### **Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 956/2006.**

21. gr.

Á eftir 3. másl. 2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Héraðsfundi er þó heimilt að kjósa annan fulltrúann til eins árs, þannig að leikmaður verði eftirleiðis kosinn annað hvort ár og prestur hitt. Sama gildir þá um varamenn þeirra.

22. gr.

Í stað tölustafanna „732/1998“ í 11. gr. starfsreglnanna kemur: 1111/2011, með síðari breytingum.

23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum falla brott.

## XII. KAFLI

### **Starfsreglur um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.**

24. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur kemur að vali prests og veitir jafnframt liðsinni sitt við almennar prestskosningar, ef kjörstjórn fer þess á leit, sbr. 6. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 14. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.

25. gr.

16. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur er formaður héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum til úrlausnar og annast að öðru leyti þá stjórnslu sem honum er falin samkvæmt starfsreglunum.

26. gr.

Í stað orðanna „starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir“ í 1. mgr. 17. gr. starfsreglnanna kemur: 13. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006.

27. gr.

19. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur annast um þær úttektir í prófastsdæminu sem hér greinir:

- a) Úttekt á nýbyggðri kirkju og eignum hennar svo og þegar kirkja hefur verið endurbyggð.
- b) Úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði, sbr. 3. gr. laga um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22/1907, með síðari breytingu.
- c) Úttekt á prestssetri við starfslok sóknarprests eða prests og við afhendingu prestsseturs til viðtakandi sóknarprests, prests eða kirkjumálasjóðs.
- d) Úttekt á prestssetri þegar gagngerðar endurbætur hafa átt sér stað þar eða þegar þess er óskað af lögbærum aðiljum.
- e) Úttekt á bókasafni prestakalls, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931.
- f) Úttekt á kirkju, sem lögð er niður eða réttarstöðu hennar er breytt, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðsins „valnefndir“ í staflið c) í 28. gr. starfsreglnanna kemur: kjörnefndir.

29. gr.

Á eftir orðinu „Þjóðskrár“ í 30. gr. starfsreglnanna kemur: Íslands.

30. gr.

31. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur tekur við og varðveitir skrá frá Minjastofnun Íslands um friðlýsta gripi hvernar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.

31. gr.

Í stað orðsins „sóknarbanda“ í 32. gr. starfsreglnanna kemur: á sóknarbandi.

### XIII. KAFLI

#### **Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.**

32. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Vígslubiskup á sæti í ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni - kenningarnefnd, sbr. 14. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum og 1. mgr. 3. gr. starfsreglna um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingu.

Vígslubiskup situr biskupafund sem biskup Íslands kallar til, sbr. 19. gr. laga nr. 78/1997 og 1. og 2. gr. starfsreglna um biskupafund nr. 964/2006.

Vígslubiskup situr almenna prestastefnu, sbr. 1. og 2. mgr. 28. gr. laga nr. 78/1997. Vígslubiskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 78/1997 og 1. mgr. 25. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum. Vígslubiskup situr prófastafund, sbr. 27. gr. starfsreglna um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.

Vígslubiskup situr fundi kirkjuráðs þegar sérstök málefni biskupsstólsins eða embættisins eru rædd, sbr. 21. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum. Vígslubiskupi skal boðið að sitja héraðsfundi umdæmisins, sbr. 2. mgr. 2. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006.

### XIV. KAFLI

#### **Starfsreglur um þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar nr. 1028/2007.**

33. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum fellur brott.

### XV. KAFLI

#### **Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.**

34. gr.

1. másl. 3. mgr. 12. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Nýkjörið kirkjuþing kýs til annarra þeirra nefnda og trúnaðarstarfa sem kveðið er á um í starfsreglum, samþykktum eða ályktunum frá kirkjuþingi svo og í lögum.

35. gr.

Í stað tölustafsins „3“ í 7. mgr. 28. gr. starfsreglnanna kemur: 4.

#### XVI. KAFLI

##### **Starfsreglur um presta nr. 1110/2011.**

36. gr.

Á eftir orðinu „Þjóðskrár“ í 2. mgr. 9. gr. starfsreglnanna kemur: Íslands.

#### XVII. KAFLI

##### **Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.**

37. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjalaga“ í 5. tölul. 6. gr. starfsreglnanna kemur: laga um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.

38. gr.

Í stað orðsins „prófastsdæma“ í 2. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum.

#### XVIII. KAFLI

##### **Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.**

39. gr.

13. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Komi fram ósk um almenna kosningu í prestakalli, eftir að embætti prests hefur verið auglýst laust til umsóknar, skal orðið við henni, ef að minnsta kosti fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna ber hana fram. Fjöldi atkvæðisbærra sóknarbarna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingarinnar. Biskupsstofa leggur fram lista yfir þessi sóknarbörn.

Eigi síðar en 14 dögum eftir birtingu auglýsingar skv. 1. mgr. skal biskupi Íslands berast skrifleg ósk um hina almennu prestskosningu. Meðfylgjandi skal vera listi með skriflegum undirskriftum hinna kosningarbæru sóknarbarna. Biskupsstofu er heimilt að óska eftir að listinn sé enn fremur afhentur á tölvutæku formi.

Rísi ágreiningur um hvort almenn prestskosning skuli fara fram eða um framkvæmd hennar að öðru leyti skal fjallað um málið, eftir því sem við á, samkvæmt starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar úrskurðar um ágreining skv. 19.-23. gr. þessara starfsreglna.

Almenn prestskosning skal vera leynileg, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

#### 40. gr.

14. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kjörstjórn við almennar prestskosningar er sú sama og kjörstjórn þjóðkirkjunnar samkvæmt 19. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

Jafnskjótt og biskupi Íslands hafa borist skriflegar óskir um almenna kosningu í prestakalli, frá tilgreindum fjölda atkvæðisbærra sóknarbarna, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr., skal hann tilkynna kjörstjórn það skriflega.

Kjörstjórn er heimilt að fela hlutaðeigandi prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar.

Biskupsstofa skal láta kjörstjórn í té þá nauðsynlegu aðstöðu og þjónustu sem óskað er eftir við almenna prestskosningu.

#### 41. gr.

Í stað orðanna og tölustafanna „kosningu kirkjuþings nr. 301/2013“ í 3. mgr. 15. gr. starfsreglnanna kemur: kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

#### 42. gr.

Ákvæða til bráðabirgða í starfsreglunum orðast svo:

Á árinu 2019 skulu aðalmenn og varamenn þeirra kosnir í kjörnefndir prestakalla til fjögurra ára. Eigi síðar en á aðalsafnaðarfundum eða safnaðarfundum viðkomandi sóknar skal þessari kosningu lokið.

### XIX. KAFLI

#### 43. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

#### *Athugasemdir við tillögu þessa.*

Með tillögu þessari hefur kirkjuráð farið yfir allar gildandi starfsreglur þjóðkirkjunnar. Tilgangur þessa var að leiðrétta villur sem slæðst höfðu með við samningu nokkurra starfsreglna á tæplega tuttugu ára tímabili. Í tillögunni felast enn fremur breytingar á starfsreglum, þar sem breytt lög eða ný frá Alþingi krefjast þess. Þá er leitast við að samræma texta milli starfsreglna á þeim stöðum sem nauðsynlegt var. Enn fremur er í tillögunni vísað með nákvæmari hætti til málsgreina og greina í starfsreglunum. Í þó nokkrum starfsreglum eru bráðabirgðaákvæði sem hafa runnið sitt skeið og því lagt til að þau verði felld brott. Sumar greinar í starfsreglunum þótti rétt að skrifa að nýju þar sem mikilla breytinga þurfti við vegna ýmissa lagabreytinga, breytinga á öðrum starfsreglum eða þar sem skýrleiki var ekki talinn nægjanlegur.

Þess skal sérstaklega getið að í 42. gr. tillögunnar er lagt til að komi nýtt ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum, þar sem með gildistöku starfsreglna nr. 1024/2017 var fyrir misgáning fellt niður ákvæði í starfsreglum 334/2017 um hvernig skyldi kosið til kjörnefnda prestakalla á árinu 2019.



## Þingsályktun um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar

### Kirkjuþing 2018 samþykkir eftirfarandi fasteignastefnu fyrir þjóðkirkjuna:

#### I. Um fasteignir kirkjumálasjóðs.

*Almenn atriði.*

##### 1. gr.

Til að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið skulu lagðar til fasteignir þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir og stefna þessi mælir nánar fyrir um.

##### 2. gr.

Þjóðkirkjan varðveitir auk þess tilteknar fasteignir þyki sérstök söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök hníga til þess. Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir, aðrar en kirkjur, skuli varðveittar hverju sinni, á þeim grundvelli.

Ráðstöfun þeirra fasteigna kirkjunnar sem falla undir 2. gr. fer eftir stefnu þessari og gildandi réttarheimildum á hverjum tíma.

##### 3. gr.

Við varðveislu fasteigna sinna virðir þjóðkirkjan eftir því sem við á, umhverfi, fornminjar, sögu, náttúrufer, friðun náttúru og mannvirkja og önnur þau sérkenni sem telja má að hafi varðveislugildi.

##### 4. gr.

Leitast skal við að gefa almenningi kost á að njóta aðgangs að jörðum þjóðkirkjunnar til fræðslu og útivistar í samráði við umráðanda hverju sinni. Tekið verði mið af umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar varðandi umhirðu jarðanna, svo sem skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis.

Virða skal rétt umráðanda til afnota og friðhelgi.

##### 5. gr.

Við umsýslu fasteigna skal unnið á grundvelli stjórnsýslulaga og góðra stjórnsýsluhátta.

*Fjárhagslegir þættir.*

##### 6. gr.

Leitast skal við að hámarka arðsemi fasteignanna og fylgja fjárfestingarstefnu kirkjunnar í því sambandi. Gæta skal jafnræðis eins og hægt er gagnvart þeim sem leigja eignir kirkjumálasjóðs.

Arður af fasteignum kirkjumálasjóðs skal nýttur til viðhalds eigna og til styrktar þjónustu kirkjunnar. Meta má umráðanda prestssetursjarða til tekna umsýslu og vinnuframlag vegna hlunninda og reksturs jarðarinnar.

7. gr.

Gæta skal hagkvæmni við rekstur og umsýslu fasteigna kirkjumálasjóðs í hvívetna. Þjóða skal verkefni út í samræmi við gildandi lög um opinber innkaup hverju sinni svo og ef hagkvæmt þykir.

8. gr.

Öll fjármálaumsýsla vegna fasteigna kirkjumálasjóðs skal vera gagnsæ og sýnileg.

*Viðhald og endurbætur.*

9. gr.

Fasteignir skulu almennt vera í góðu ásigkomulagi og líta vel og snyrtilega út. Virða skal upphaflega útlitshönnun mannvirkja eftir því sem kostur er. Viðhald og endurbætur fasteigna skulu fara eftir fyrirfram mótuðum verklagsreglum og viðmiðum um reglubundið viðhald. Gerðar skulu framkvæmdaáætlanir til þriggja ára og framkvæmdum forgangsraðað eftir mikilvægi.

*Réttindagæsla.*

10. gr.

Varðveita skal tryggilega réttindi og hlunnindi sem tengjast fasteignum kirkjumálasjóðs. Þinglýsa skal eignarréttindum yfir fasteignum. Landamerki jarða og landa skulu vera skýrlega mörkuð og lögum samkvæmt.

11. gr.

Kirkjuráð skal sjá til þess að skráning og mat á fasteignum kirkjumálasjóðs í fasteignaskrá sé ávallt rétt.

12. gr.

Fasteignir kirkjumálasjóðs skulu váttryggðar fyrir bruna, en aðrar tryggingar skulu eigi vera nema sérstök þörf sé talin á.

**Hverjum skal leggja til fasteign.**

13. gr.

Leggja skal kirkjuþingi og biskupsstofu (biskupi Íslands og kirkjuráði) til nægilegt og hæfilegt húsnæði til starfsemi sinnar.

14. gr.

Heimilt er að leggja biskupi Íslands og vígslubiskupum til embættisbústaði.

15. gr.

Embættisbústaðir verða lagðir til skv. 1. og 2. gr. fasteignastefnunnar.

*Kaup, sala og leiga.*

16. gr.

Kirkjuþing skal samþykkja kaup og sölu á fasteignum, þ.m.t. spildur/lóðir úr jörðum kirkjumálasjóðs, svo og leigusamninga sem gilda lengur eða eru með lengri uppsagnarfresti en fimm ár.

Að jafnaði er óheimilt að afmarka, stofna, leigja eða selja spildu/lóð á jörð í eigu kirkjumálasjóðs nema á jaðri (merkjum) jarðarinnar. Skal þess enn fremur gætt að staðsetning raski ekki friðhelgi heimilis, þ.e. prestsbústaðar eða annars íbúðarhúss á viðkomandi jörð.

17. gr.

Við kaup á fasteign skal að jafnaði auglýst eftir eign, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

18. gr.

Eigi skal kaupa fasteignir á jörðum kirkjumálasjóðs eða annað sem þeim tengist nema við ábúðarlok. Nú er kaupskylda kirkjumálasjóðs ekki fyrir hendi og skal þá eigi heimilt að kaupa eignir nema brýna nauðsyn þyki bera til.

19. gr.

Fasteignir kirkjumálasjóðs, sem seldar eru, skulu auglýstar til sölu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Kirkjuþing getur samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum. Þess skal ávallt gætt að tryggja viðhlítandi landsréttindi kirkna og kirkjugarða ef við á, áður en sala fer fram.

*Nýbyggingar.*

20. gr.

Við nýbyggingar fasteigna á vegum þjóðkirkjunnar skal að jafnaði kanna hvort efna skuli til samkeppni um hönnun, einkum ef um mannvirki á prestssetursjörðum er að ræða.

*Landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu þjóðkirkjunnar.*

21. gr.

Þjóðkirkjan fjárfestir ekki í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu kirkjumálasjóðs, nema því aðeins að brýna nauðsyn beri til, lög mæli fyrir um, eða telja megj slíkt fjárhagslega hagkvæmt.

22. gr.

Framleiðsluréttur á jörðum skal að jafnaði seldur við lok ábúðar í samræmi við nánari reglur þar að lútandi.

## II. Um aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.

23. gr.

Um aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar en hér um ræðir gilda ákvæði starfsreglna kirkjuþings hverju sinni.

24. gr.

Í hverri sókn skal vera sóknarkirkja auk fullnægjandi starfsaðstöðu fyrir sóknarbörn og starfsmenn. Sóknir geta þó sameinast um eina sóknarkirkju og starfsaðstöðu ef hagkvæmt þykir.

25. gr.

Kirkjuþing setur nánari starfsreglur í samræmi við stefnu þessa.

26. gr.

Fasteignastefna þjóðkirkjunnar öðlast gildi 1. janúar 2019.

24. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af Steindóri R. Haraldssyni

**Tillaga til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna**

Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að hlutast til um að ráðist verði í gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna ekki síðar en í janúar 2019.

**Tillagan fékk ekki framgang á kirkjuþingi.**

25. mál kirkjuþings 2018  
Flutt af kirkjuþingi unga fólksins

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum  
um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009, með síðari breytingu.**

1. gr.

2. másl. 1. gr. starfsreglnanna orðast svo:  
Þingið skal haldið að vori og starfi í tvo daga yfir helgi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað tölustafsins „2“ fyrir framan orðið æskulýðsleiðtogar í stafliðum a-c í 1. mgr. kemur: 3.
- b. Á eftir orðinu „kirkjuþinginu“ í 2. mgr. kemur: sem hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
- c. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 14 til 30 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

26. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Örnun Grétarsdóttur, Sigríði Mundu Jónsdóttur,  
Hreini S. Hákonarsyni og Guðrúnu Karls Helgudóttur

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum  
um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

Í stað 3. máls. 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna koma þrjár nýir málsliðir sem orðast svo:  
Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

27. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Örnun Grétarsdóttur, Hreini S. Hákonarsyni og Guðrúnu Karls Helgudóttur

### **Þingskýttun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2018 samþykkir eftirfarandi fræðslustefnu þjóðkirkjunnar þar sem sérstök áhersla er lögð á skírnarfræðslu og fræðslu um umhverfismál. Kirkjuþing 2018 felur biskupi Íslands og kirkjuráði að fylgja eftir framkvæmd hennar samkvæmt aðgerðaráætlun.

#### **Fræðslustefna þjóðkirkjunnar**

##### **Frá vöggum til grafar.**

Markmið fræðslustefnu þjóðkirkjunnar er að stuðla að góðu og markvissu fræðslustarfi í söfnuðum landsins.

Fræðslustarf fer fram í söfnuðum, á námskeiðum fyrir ákveðna hópa og með fræðslu fyrir starfsfólk kirkjunnar.

Á fjögurra ára fresti eru ákveðin viðfangsefni fræðslumála dregin sérstaklega fram og áhersla lögð á endurskoðun og endurbætur í öllum þáttum þess starfs. Fjárhagsáætlanir til efnisgerðar taka mið af þeirri stefnu.

Áhersluatriði næstu fjögurra ára eru skírnarfræðsla og fræðsla um umhverfismál.

Til að mæta þessum þáttum fræðslustefnu þarf að auka fjölbreytni í framboði fræðsluefnis. Það þarf að vera í samræmi við þarfir og þroska fólks á öllum aldri. Sömuleiðis gefur fjölbreytilegt efnisval, þeim sem starfa við fræðsluna kost á því að laga hana að eigin styrkleikum og möguleikum.

Fræðslustarfinu er skipt í þrjá meginflokka sem aftur greinast í undirflokka:

##### **A. Fræðsla barna og unglunga**

- 1) Barnastarf
- 2) Fermingarstarf
- 3) Starf með unglungum og ungu fólki

##### **B. Fullorðinsfræðsla**

- 1) Foreldrafræðsla
- 2) Almenn fræðsla
- 3) Eldri borgara starf

##### **C. Símenntun starfsfólks**

- 1) Fyrir starfsfólk þjóðkirkjunnar, t.d. presta
- 2) Fyrir starfsfólk safnaða: Djákna, organista, kirkjuverði, æskulýðsstarfsfólk o.fl.
- 3) Fyrir sjálfboðaliða í kirkjustarfi



## A 1) Barnastarf – börn, 12 ára og yngri

### Markmið:

Í barnastarfi þjóðkirkjunnar er lagður grunnur að trúarvitund barna í samræmi við þroska þeirra og aldur.

### Verkefni:

Sex ára börn og yngri: Sunnudagaskóli, þ.e. barnastarf sem hluti almennrar guðspjónustu safnaðarins eða sér fræðsla. Áhersla skal lögð á upplifun og að kenna bænir, vers og barnasálma.

6-9 ára börn: „Hópastarf“ – þ.e. barnastarf sem hluti almennrar guðspjónustu safnaðarins eða sér fræðsla. Áhersla skal lögð á fela börnunum hlutverk í starfinu. Biblíusögur.

10-12 ára starf (TTT): Hópa- eða klúbbastarf. Áhersla á aukið hlutverk barnanna og á að starfið sé aðdragandi fermingarinnar. *Biblíusögur*.

Barnakórar: Efla barnakóra sem mikilvæga leið í barnastarfi þjóðkirkjunnar.

## A 2) Fermingarstarf

### Markmið:

Fermingarstarfinu er ætlað að styrkja trúarvitund barnanna, kenna þeim grundvallaratriði kristinnar trúar, virkja þau í starfi kirkjunnar og gefa þeim jákvæða og uppbyggilega upplifun af kirkjustarfi.

- Mikilvægt að taka mið af misjafnri getu barna til lestrar og þess að leysa skrifleg verkefni.
- Fjölbreytt námsefni og breidd í kennsluháttum.
- Virkja fjölskyldu fermingar barnsins til þátttöku og samstarfs

## A 3) Unglingastarf – unglingar og ungt fólk

### Markmið:

Starf þjóðkirkjunnar meðal unglinga og ungs fólks miðar að því að efla þau og styðja og stuðla þannig að jákvæðri lífssýn og sterkri sjálfsmynd í trú á Guð. Jafnframt að ala upp framtíðarleiðtoga í kirkjulegu starfi.

Skapa raunhæfan valkost til þátttöku í kirkjulegu starfi eftir fermingu.

Búa til og viðhalda samfélagi fyrir unglinga í kirkjunni, t.d með æskulýðsfélagi.

Vera vettvangur fyrir tilvistarspurningar.

Miðla kristnum lífsgildum.

Stuðla að trúariðkun og helgihaldi á forsendum unglinga.

Efla unglingsakóra sem leið í unglingsstarfi þjóðkirkjunnar.

Virkja og styðja við leiðtogafræðslu meðal ungmenna.

Eiga efni fyrir starfsfólk kirkjunnar til að bregðast við aðstæðum og væntingum nærsamfélags kirkjunnar. Nýta lífsleikniefni þjóðkirkjunnar fyrir ungt fólk í framhaldsskólum.

## **B 1) Foreldrafræðsla**

### *Markmið:*

Þjóðkirkjan styðji foreldra í uppeldishlutverki sínu hvarvetna þar sem kirkjan og foreldrar mætast. Skírnin verði sett í öndvegi og foreldrum kynnt hvers vegna börn eru skírð, hvað það þýðir að skírast og hvernig skírn fer fram.

### *Verkefni:*

Skírn undirbúin með viðtölum við foreldra og því fylgt eftir í kirkjulegu starfi. Stuðningur við uppeldi á heimilum, með fræðsluefni af ýmsum toga. Dæmi: DVD - diskar, litlir bæklingar, netefni. Skírnin kynnt fyrir foreldrum barna innan þjóðkirkjunnar, t.d. með útsendu efni og boði um þátttöku í kirkjustarfi.

Samvera í kirkjum eða safnaðarheimilum. Svo sem eins og foreldramorgnar, krílasálmar. Námskeið þar sem veitt er fræðsla um ýmsar aðstæður er tengjast uppeldi. Og aðstæður fólks með börn á framfæri.

Í tengslum við barna- og æskulýðsstarf skal bjóða foreldrum fræðslu um uppeldi og trú. Virkja foreldra í barna- og æskulýðsstarfi.

## **B 2) Almenn fræðsla**

### *Markmið:*

Fræðsla fullorðinna hjálpi fólki að iðka kristna trú á gefandi hátt, vaxa í tilbeiðslu og takast á við verkefni lífsins. Námskeið fyrir fullorðna verði haldin á vegum safnaða, prófastsdæma og fræðsluviðs biskupsstofu á hverju ári.

### *Dæmi um verkefni:*

#### *Námskeið um höfuðatriði kristindómsins og umhverfisfræðsla*

Biblíufræðsla

Trúfræðsla

Íhugunarfræði

Bænaiðkun

Umhverfisfræðsla

#### *Kirkjufræðsla*

Skipulag kirkjunnar

Fræðsla um helgihald og siði kirkjunnar

Fræðsla um tákmyndir í kirkjubyggingum

#### *Vöxtur og þroski einstaklinga og fjölskyldna*

Viðtöl við verðandi hjón

Námskeið fyrir verðandi hjón, ung hjón og þroskuð hjón á ýmsum lífskeiðum.

Hópastarf og sálgæsla

Sjálfsstyrking

#### *Fjölbreytt hópastarf*

Tólf spora vinna

Sorgarhópar

Kórastarf

Grænir hópar

Ýmis námskeið

### **B 3) Fræðsluefni fyrir eldri borgara**

Svipað og í B 2) en aukin áhersla á samverur og helgihald.

Samvera með máltíð sem dregur úr einmannaleika.

Góð umfjöllun um Biblíutexta bæði í fyrirlestrum og námskeiðum.

Söfnuðir leggi áherslu á að skapa umhverfi þar sem eldra fólk getur deilt þekkingu sinni og lífsreynslu með öðrum.

Heimsóknir milli sókna og prestakalla.

### **C Símenntun starfsfólks**

*Markmið:*

Að allir sem koma til starfa eða þjónustu á vettvangi þjóðkirkjunnar fái viðeigandi fræðslu og þjálfun.

Sérmenntað starfsfólk innan kirkjunnar eigi reglulega kost á sí- og endurmenntun til að efla og viðhalda starfshæfni og verjast kulnun í starfi.

Að öllum er sinna sjálfböðnu starfi innan kirkjunnar sé boðið að sækja námskeið er efli þau í hlutverki sínu og veiti fræðslu um grundvöll og starfsemi kirkjunnar. Námskeið sem minna á að við erum hluti af stærri heild kristinna einstaklinga.

#### **C 1) Fyrir presta og annað starfsfólk þjóðkirkjunnar**

Símenntun starfsfólks í samvinnu við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, Skálholtsskóla og aðrar menntastofnanir.

Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti.

Fræðsla um sálægslu í samvinnu við endurmenntun Háskóla Íslands.

Símenntun um prédikunarfræði.

Guðfræði- og djáknanemum sé tryggð þjálfun í safnaðarstarfi.

Reglulega sé kannað meðal presta og starfsfólks hvaða atriði þau telja að gott sé að fá fræðslu um.

#### **C 2) Fyrir starfsfólk safnaða: Djákna, organista, kirkjuverði, æskulýðsstarfsfólk o.fl.**

Starfsfólki þjóðkirkjunnar, launuðu sem ólaunuðu, sé boðið upp á grunnfræðslu um kristna trú og miðlun hennar, svo og mannleg samskipti og um sálægslu. Námskeið séu löguð að hlutverki ólíkra starfshópa.

Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun viðbragða þegar greint er frá kynferðisbroti. Sérstök námskeið fyrir starfsfólk, s.s. meðhjálpara/kirkjuverði/hringjara/tónlistarfólk/organista.

#### **C 3) Fyrir sjálfböðaliða í kirkjustarfi**

Námskeið fyrir sóknarnefndir um skyldur og ábyrgð þeirra.

Námskeið um kirkjuna og kristna trú.

Uppbyggjandi námskeið fyrir starfsfólk og ýmsir viðburðir til að viðhalda starfsgleði og sýna sjálfböðaliðum þakklæti fyrir þeirra framlag.

## Almennt um A, B og C

Stærsta verkfæri kirkjunnar er netið og þá sérstaklega Efnisveita kirkjustarfs sem er mikill fjársjóður.

Á hverju ári þarf á markvissan hátt að kanna notkun Efnisveitunnar og samræma áframhaldandi vinnu væntingum og þörfum safnaða.

Á hverju ári verði boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk og leiðtoga til að uppbyggjast og endurnýjast í starfi.

Fræðsluvið fylgist með nýjum fræðum og aðferðum í efnisgerð og kennslu og vinnur í nánú samstarfi við útgáfufélag Þjóðkirkjunnar; Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfa.

Kirkjuþing og kirkjuráð tryggir að Fræðsluvið hafi mannskap, fjármagn og aðstæður til að

- 1) halda við og þróa Efnisveituna áfram,
- 2) standa fyrir námskeiðshaldi sem mætir þörfum safnaða um allt land,
- 3) geti sótt námskeið og aflað sér þekkingar til framþróunar fræðsluefnis kirkjunnar.

## Almennt um fræðslu:

Sóknin er grunneining safnaðarstarfs og að jafnaði er gert ráð fyrir því að grunnþjónusta kirkjunnar sé í boði í hverri sókn. Þar sem prestakall er samsett úr fleiri en einni sókn gengur skipulag starfsins út frá þeirri einingu. Enn fremur er eðlilegt að samstarfssvæði leggi krafta sína saman og eigi samstarf um þá fræðslu sem hagkvæmt þykir að bjóða fram í stærra samhengi.

## Hlutverk prófastsdæma

Innan hvers prófastsdæmis er sett saman áætlun um fræðslumál. Skilgreint hvað gert er í hverri sókn eða prestakalli, hvað innan samstarfssvæðis og hvað á vettvangi prófastsdæmisins í heild. Prófastsdæmi sinni sérstökum verkefnum í unglingastarfi og ungmennastarfi eftir því sem aðstæður leyfa.

Á vegum prófastsdæmis sé starfrækt fræðsla meðal fullorðinna í samvinnu við fræðsluvið biskupsstofu þar sem sókn eða prestakall hafa ekki bolmagn til þess.

Í prófastsdæmum sé boðið upp á starfsmannaþjálfun svo og námskeið fyrir kennara og annað starfsfólk í fræðslu og uppeldismálum, í samvinnu við þjónustumiðstöð biskupsstofu.

Prófastsdæmi geta myndað fræðslusvæði til að sinna fræðsluhlutverki sínu.

Innan hvers prófastsdæmis eða fræðslusvæðis sé fræðslufulltrúi sem annist fræðsluna undir umsjón prófests og í samvinnu við starfsfólk þjónustumiðstöðvar biskupsstofu.

Þar sem starfsræktar eru kirkjumíðstöðvar geta þær með samþykki héraðsfunda og eða sókna tekið að sér einstaka fræðsluverkefni svo sem barnastarf á sumrin, skipuleggja fermingarbarnamót og fræðslu fullorðinna á svæðinu.

Í Skálholti verði hugað að uppbyggingu miðstöðvar fyrir fræðslu og þjálfun starfsfólks.

## Þjónustumiðstöð biskupsstofu

Starfsfólk þjónustumiðstöðvar biskupsstofu hefur það hlutverk að fylgja eftir

fræðslustefnu þjóðkirkjunnar í umboði biskups Íslands og vinna aðgerðaráætlun til næstu fjögurra ára. Ábyrgð kirkjuþings og kirkjuráðs er að tryggja að þjónustumiðstöðin hafi mannafla og úrræði til að fylgja stefnunni eftir.

Efnisgerð, menntun leiðtoga og starfsfólks þjóðkirkjunnar verði fyrst og fremst á ábyrgð þjónustumiðstöðvar biskupsstofu.

Á vegum þjónustusviðs er reglulega boðað til funda þar sem lagt er mat á fræðslustarfið á viðkomandi svæði.

Á fjögurra ára fresti skal boða til fræðsluþings kirkjunnar, þar sem lagt skal mat á fræðslustefnu þjóðkirkjunnar innihald og framkvæmd, hvern þátt hennar, svo og á það starf sem unnið er í einstaka starfseiningum kirkjunnar er sinna fræðslustarfi. Til grundvallar mati þessu liggja einnig aðgerðaráætlun þjónustusviðs.

### **Gildistaka**

Endurskoðuð fræðslustefna þjóðkirkjunnar taki gildi 1. janúar 2019.

**Starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar**

I. KAFLI

**Gildissvið og orðskýringar.**

1. gr.

*Gildissvið.*

■ Starfsreglur þessar gilda um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi innan þjóðkirkjunnar, sbr. með vísan til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, með síðari breytingum, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með síðari breytingum og reglugerðar velferðarráðuneytisins, settri á grundvelli laga nr. 46/1980, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.

□ Starfsreglur þessar gilda enn fremur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar vegna háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, og í barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.

2. gr.

*Orðskýringar.*

■ Í starfreglum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð velferðarráðuneytisins samkvæmt 1. mgr. 1. gr. starfsreglnanna:

a) *Einelti*: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

b) *Kynferðisleg áreitni*: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

c) *Kynbundin áreitni*: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

d) *Ofbeldi*: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

□ Um merkingu annarra orðskýringa en tilgreindar eru í a-d liðum 1. mgr. fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum og reglugerð, sbr. 1. mgr. 1. gr. starfsreglnanna.

□Í starfsreglum þessum fer um merkingu orðsins kynferðisbrot samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og barnaverðarlögum nr. 80/2002, sbr. 2. mgr. 1. gr. starfsreglnanna.

## II. KAFLI

### **Aðild og skipan teymis.**

3. gr.

*Aðild.*

■Hver sá sem hagsmuna á að gæta getur borið mál undir teymi er starfar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og fjallar um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar (í starfsreglum þessum nefnt teymi þjóðkirkjunnar). Teymi þjóðkirkjunnar fæst við aðgerðir gegn háttsemi, sem lýst er í I. kafla starfsreglnanna og um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar, sbr. 1. og 2. gr. starfsreglnanna.

4. gr.

*Skipan teymis.*

■Kirkjuráð skipar þrjá menn í teymi þjóðkirkjunnar, sbr. 3. gr. starfsreglnanna, til fjögurra ára í senn. Sama gildir um varamenn þeirra. Teymið velur sér sjálft formann og varaformann. □Í teyminu skulu hvorki vera vígðir þjónar kirkjunnar, sérþjónustuprestar, sem ráðnir hafa verið á vegum stofnana eða félagasamtaka, né að öðru leyti fastráðnir starfsmenn kirkjunnar eða að þeir sinni öðrum trúnaðarstörfum fyrir kirkjuna. □Þeir sem skipaðir eru í teymi þjóðkirkjunnar skulu vera sérfróðir um þau mál er falla undir starfsreglur þessar.

## III. KAFLI

### **Ætlað kynferðisbrot gegn barni.**

5. gr.

*Málsmeðferð.*

■Hverjum þeim er starfar innan þjóðkirkjunnar og býr yfir vitneskju um ætlað kynferðisbrot gegn barni, er skilyrðislaust skylt að tilkynna slíkt samkvæmt gildandi lögum. Málum innan kirkjunnar, er varða ætluð kynferðisleg brot gegn börnum, skal að jafnaði vísað til teymis skv. 3. gr. Því er óheimilt að fjalla um mál, innan safnaða eða sóknarnefnda kirkjunnar, er varða ætluð kynferðisbrot gegn börnum.

## IV. KAFLI

### **Hlutverk teymis þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglunum.**

6. gr.

*Mál til úrlausnar.*

■Við störf sín skal teymið hafa til hliðsjónar stefnu þjóðkirkjunnar, þar sem tekin er skýr afstaða gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og öðru ofbeldi, svo og um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar, sbr. ákyktun kirkjuþings í mars 2019 um þessa stefnu þjóðkirkjunnar, verklagsreglur hennar og verkferla.

□Mál sem heyra undir teymi þjóðkirkjunnar eru eftirfarandi:

- a) Taka við tilkynningum þeirra sem telja að brotið hafi verið á sér samkvæmt starfsreglum þessum. Leiðbeina viðkomandi um lagaleg úrræði og úrræði að öðru leyti, beita ákvæðum starfsreglnanna til úrlausnar máls, ef óskað er, og fylgja því þá eftir. Tillagalegra úrræða telst aðstoð við að kæra mál til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. Hvort tveggja er háð ósk viðkomandi.
- b) Taka til umfjöllunar mál sem úrskurðar- eða áfrýjunarnefndir þjóðkirkjunnar eða biskup Íslands kunna að vísa til teymisins og veita þeim þá ráðgjöf í slíkum málum.
- c) Leiðbeina viðkomandi skv. a-lið, ef teymið telur rétt að hann leiti sér aðstoðar fagaðila utan teymisins, og sjá til þess að það samband komist á, ef óskað er. Sama gildir ef viðkomandi óskar eftir talsmanni við meðferð máls.
- d) Komi til aðstoðar fagaðila, sbr. c-lið fyrri máls. 2. mgr. 6. gr. starfsreglnanna er heimilt að aðstoðin nái til fjölskyldu viðkomandi og annarra innan kirkjunnar er málið varðar.
- e) Verði mál viðkomandi skv. a-lið tekið til úrlausnar skal teymið afhenda honum rökstudda niðurstöðu sína. Enn fremur skal teymið afhenda biskupi Íslands niðurstöðuna, þó þannig að upplýsingar verði gerðar ópersónugreinanlegar, ef viðkomandi fer þess á leit eða teymið telur það rétt.
- f) Afhenda biskupi Íslands árlega skýrslu um starfsemi teymisins og koma með ábendingar ef teymið telur að breyta þurfi starfsreglum þessum eða stefnu þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. 6. gr.

#### 7. gr.

##### *Fræðsla og forvarnir.*

■Teymi þjóðkirkjunnar hefur umsjón með eftirfarandi fræðslu og forvörnum innan þjóðkirkjunnar í samráði við yfirstjórn kirkjunnar:

- a) Upplýsastarfsfólkkirkjunnarumstefnuþjóðkirkjunnar, verklagogverkferla, sbr. 1. mgr. 6. gr., og hvernig þessari stefnu verði beitt við úrlausn mála sem falla undir starfsreglur þessar.
- b) Leiðbeina og fræða að aukisérstaklega þá sems tarfa við yfirstjórn kirkjunnar um þau atriði er falla undir a-lið þessarar greinar.
- c) Vera biskupi Íslands og öðrum kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar um mál sem heyra undir starfsreglur þessar.
- d) Stuðla að forvörnum og fræðslu um þá röngu háttsemi og ætluð brot sem eiga undir stefnu þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. 6. gr., og starfsreglur þessar í samvinnu við fræðsluvið biskupsstofu.

□Við fræðslu og forvarnir, skv. 1. mgr., er teyminu heimilt að leita til sérfróðra fagaðila við beitingu þessarar greinar. Skal það þá gert með rökstuddri beiðni til kirkjuráðs, sem ákveður greiðslu þessa kostnaðar, sbr. meginreglu í 10. gr. svo og 15. gr. starfsreglnanna.



## V. KAFLI

### Aðstoð fagaðila og talsmanns.

#### 8. gr.

##### *Fagaðili.*

■ Teymi þjóðkirkjunnar er heimilt að leita aðstoðar hjá fagaðila ef það telur að c-liður 2. mgr. 6. gr. starfsreglnanna eigi við. Sá þarf að hafa menntun og reynslu af vinnu við mál er falla undir starfsreglurnar. Fagaðili starfar þá í umboði og á ábyrgð teymisins og upplýsir það um starf sitt með viðkomandi.

#### 9. gr.

##### *Talsmaður.*

■ Teymi þjóðkirkjunnar er heimilt að leita til sérstaks talsmanns ef c-liður 2. mgr. 6. gr. starfsreglnanna á við. Talsmaðurinn þarf að hafa menntun og reynslu sem nýtist við mál er falla undir starfsreglurnar svo hann geti veitt viðkomandi þá ráðgjöf og stuðning sem nauðsynleg er. Talsmaður starfar í umboði og á ábyrgð teymisins, eftir því sem við á, og upplýsir það um starf sitt fyrir viðkomandi.

#### 10. gr.

##### *Kostnaður við aðstoð.*

■ Komi til þess að teymi þjóðkirkjunnar telji rétt að leita til fagaðila eða sérstaks talsmanns, sbr. 8. og 9. gr. starfsreglnanna, skal það með rökstuddri beiðni til kirkjuráðs óska eftir ákvörðum þess um greiðslu kostnaðar. Í beiðni þarf m.a. að koma fram hver sé menntun fagaðilans eða talsmannsins og hversu hás tímagjalds sé krafist. Telji teymið að frekari aðstoðar í málinu sé þörf síðar, skal það leggja fram nýja rökstudda beiðni fyrir kirkjuráð til ákvörðunar. Fagaðili eða sérstakur talsmaður, á vegum teymisins, getur ekki hafið störf fyrr en ákvörðun kirkjuráðs liggur fyrir. Sama gildir um frekari beiðnir.

## VI. KAFLI

### Trúnaðarskyldur og aðgangur að gögnum teymis.

#### 11. gr.

##### *Trúnaðarskyldur.*

■ Teymi þjóðkirkjunnar, starfsmönnum hennar, fagaðilum og talsmönnum, ef við á, er skylt að gæta þagmælsku um þau mál sem til umfjöllunar eru hjá teyminu samkvæmt starfsreglum þessum. Trúnaður helst að loknum störfum.

#### 12. gr.

##### *Aðgangur að gögnum.*

■ Um aðgang að upplýsingum um einstök mál, sbr. 11. gr., fer að gildandi lögum á hverjum tíma.

## VII. KAFLI

### **Þóknun og kostnaður vegna teymis þjóðkirkjunnar.**

#### 13. gr.

##### *Þóknun teymis.*

■ Um þóknun teymis þjóðkirkjunnar, fyrir störf sín, fer samkvæmt ákvörðun þóknana-nefndar kirkjunnar, sbr. 2. mgr. 12. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

#### 14. gr.

##### *Kostnaður vegna starfa teymis.*

■ Kostnaður sem hlýst að störfum og tillögum teymisins, sbr. 8. og 9. gr. starfsreglnanna, svo og annar kostnaður vegna starfa teymisins, greiðist úr kirkjumálasjóði samkvæmt nánari ákvörðum kirkjuráðs.

#### 15. gr.

##### *Fræðslustarf og forvarnir teymis.*

■ Við gerð fjárhagsáætlunar þjóðkirkjunnar, fyrir kirkjumálasjóð hverju sinni, skal kirkjuráð ákveða framlög til fræðslustarfa og forvarna teymisins, sbr. 7. gr. starfsreglnanna.

## VIII. KAFLI

### **Gildistaka o.fl.**

#### 16. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2019. Frá sama tíma falla úr gildi starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009, með síðari breytingu.

29. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Annýju Ingimarsdóttur og Kolbrúnu Baldursdóttur

**Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.**

**Inngangur og gildissvið.**

Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar byggir á starfsreglum þjóðkirkjunnar um sama efni, sem samþykktar voru á kirkjuþingi í mars 2019 samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum.

Í starfsreglunum er tekið fram að sérstakt teymi annist mál sem falla undir starfsreglurnar, svokallað teymi þjóðkirkjunnar.

Komi upp mál er falla undir starfsreglur þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar svo og stefnu þjóðkirkjunnar í þessum málum, þá er teymi þjóðkirkjunnar til svara gagnvart fjölmiðlum og að jafnaði er formaður þess í fyrirsvari.

Þessi stefna þjóðkirkjunnar fylgir mannauðsstefnu þjóðkirkjunnar, þar sem tekin er skýr afstaða gegn ofbeldi af öllu tagi svo sem einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og felur í sér nánari útfærslu á ábyrgð, forvörnum og verklagi.

Teymi þjóðkirkjunnar hefur með höndum eftirfylgni með innleiðingu stefnunnar og endurskoðun hennar.

Þjóðkirkjan setur fram í stefnu þessari forvarnir og verklag sem fela í sér nauðsynlegar aðgerðir sem grípa skal til, ef fram kemur tilkynning um einelti, áreitni eða annað ofbeldi á starfsstöðvum þjóðkirkjunnar eða við verkefni henni tengdri. Stefnunni fylgja auk þess skýrir verkferlar.

Eins og fram kemur í ofangreindum starfsreglum byggir þessi stefna á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, með síðari breytingum, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/19080, með síðari breytingum og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.

Stefna þessi gildir um alla starfsmenn þjóðkirkjunnar, hvort sem vinna þeirra fer fram í húsnæði kirkjunnar eða annars staðar sem og aðra sem málið getur varðað. Með vinnustað er átt við umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna, sbr. 41. gr. laga nr. 46/1980. Jafnframt gildir hún um öll vinnutengd störf svo sem á ráðstefnum, námskeiðum, ferðalögum og öðrum félagslegum samkomum sem tengjast starfi og verkefnum þjóðkirkjunnar.

Með hliðsjón af tilkynningarskyldu er starfsfólk sem upplifir einelti eða aðra óæskilega hegðun hvatt til að tilkynna slíkt. Taka ber allar tilkynningar og/eða kvartanir alvarlega og bregðast við þeim á faglegan hátt.

Mikilvægt er að stefnan sé kynnt starfsfólki þjóðkirkjunnar reglulega, hvetja skal til

opinskárra umræðna á öllum starfsstöðum kirkjunnar og veita almenna fræðslu um eineltismál. Stefnan er jafnframt birt á innri og ytri vef þjóðkirkjunnar.

Starfsfólk, sem með framkomu sinni orðum, viðmóti eða atferli beitir samstarfsfélaga sína eða þá sem leita til þjóðkirkjunnar um þjónustu, ofbeldi hvort sem um er að ræða einstakt tilvik eða ítrekað telst brjóta grundvallarreglur samskipta. Slík hegðun getur m.a. leitt til áminningar, tilfærslu í starfi eða eftir atvikum brottvikningar.

### **Stefna þjóðkirkjunnar.**

Stefna þjóðkirkjunnar við að vinna gegn einelti, áreitni og ofbeldi er að kirkjan verði ætíð fjölbreyttur vinnustaður sem leggur áherslu á að skapa og viðhalda starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing, traust, heiðarleiki og faglegt viðmót er í hávegum haft í öllum samskiptum. Allt starfsfólk og allir þeir sem njóta þjónustu þjóðkirkjunnar skuli njóta jafnræðis án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kyntjáningar, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

### **Markmið.**

Innan þjóðkirkjunnar líðst ekki einelti, kynferðislegt áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi í starfsumhverfi hennar né gagnvart þeim sem njóta þjónustu kirkjunnar. Þjóðkirkjan ásetur sér að vinna að eftirfarandi meginmarkmiðum:

- Tryggja og viðhalda heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk og alla þá sem hagsmuna hafa að gæta og njóta þjónustu þjóðkirkjunnar.
- Vinna að forvörnum gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi af hvers lags tagi t.d. með fræðslu og vitundarvakningu.
- Bregðast skjótt við kvörtunum og tilkynningum sem berast og varða einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum kirkjunnar samkvæmt verkferlum um málshraða. Leggja skal áherslu á að ljúka vinnslu tilkynningar eins fljótt og auðið er.
- Vinna eftir samræmdum verkferlum um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi, á faglegan og óhlutdrægan hátt.
- Gæta jafnræðis og nærgætni í öllum aðgerðum hvort heldur gagnvart þeim sem tilkynnir um ofbeldi sem og þeim sem kvartað er yfir.

### **Forvarnir.**

Einelti og áreitni getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu og líðan fólks. Þær afleiðingar geta komið fram sem andlegir og/eða líkamlegir kvillar eða breytingar í hegðun hjá þeim sem verða fyrir einelti eða öðru ofbeldi. Sé ekki gripið inn í aðstæður og ferli eineltis eða áreitnis stöðvud, er hættu á að skaðinn verði bæði langvinnur og djúpstæður. Mikilvægt er að bregðast fljótt og markvisst við kvörtunum um einelti og áreitni á vinnustað til að tryggja vellíðan einstaklingsins.

Við gerð áætlunar um heilsuvernd skal þjóðkirkjan gera áætlun um forvarnir þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða skuli gripið í því skyni að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Í því sambandi

skal þjóðkirkjan taka mið af öllum tiltækum upplýsingum, þar með talið niðurstöðum úr áhættumati sem og skyldum þjóðkirkjunnar. Meðal annars skal koma fram:

- Hvernig umhverfi á vinnustað skuli háttað þannig að dregið verði úr hættu á að aðstæður skapist sem líkur eru á að leitt geti til eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis á vinnustaðnum.
- Hvert starfsfólk geti komið á framfæri kvörtun eða ábendingu um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum.
- Hvaða aðgerða skuli gripið til í kjölfar máls vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis í því skyni að koma í veg fyrir að slík hegðun endurtaki sig á vinnustaðnum.
- Hvaða aðgerða grípa skuli til komi fram kvörtun, ábending um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi eigi sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustaðnum eða ef stjórnendur verði varir við slíka hegðun.
- Hvað þjóðkirkjan geri, verði vart við aðstæður á vinnustaðnum sem líkur eru á að leitt geti til eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis, verði ekki gripið til aðgerða.

Ofbeldi, einelti og/eða áreitni á sér margar birtingarmyndir. Mikilvægt er að stjórnendur/yfirmenn kirkjunnar séu sjálfir góðar fyrirmyndir og kveðið sé skýrt á um að slík hegðun sé ekki liðin á vinnustaðnum og að verklagsreglur séu öllum ljósar.

Eftirfarandi lykilatriði stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi:

- Markmið stofnanna kirkjunnar og tilgangur starfs er skýr.
- Starfsfólk viti til hvers er ætlast af því í starfi, kröfur til þess eru hæfilegar og verkaskipting skýr.
- Starfsfólk hafi möguleika á að sýna frumkvæði í starfi og hafa áhrif á eigið starf og starfsumhverfi.
- Færni starfsfólks verði metin að verðleikum, það fái skýra endurgjöf varðandi frammistöðu sína og hafi tækifæri til að læra og þróast í starfi.
- Upplýsingaflæði verði gott og boðleiðir skýrar.
- Skýrt hvert hægt sé að tilkynna atvik.
- Samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu, trausti og kurteisi.
- Samskipti séu opin og heiðarleg.
- Áhersla verði á samkennd og samheldni meðal starfsfélaga til að koma í veg fyrir hópamyndun.
- Starfsánægja, vellíðan í starfi og óþvingað andrúmsloft.
- Vinnustaðmenning verði lýðræðisleg og verkferlar valdeflandi.
- Umburðarlyndi fyrir ólíkum skoðunum og virðing sé borin fyrir sérkennum hvers og eins.
- Starfsfólk sameinist um að líða ekki óæskilega hegðun og upplýsa um atvik sem verður vart við.

## **Skilgreiningar.**

### **Einelti.**

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Almennt gildir að til að hegðun teljist einelti þarf að vera til staðar mynstur endurtekinna, lítillækkandi eða neikvæðrar hegðunar og þróunar samskipta sem veldur vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Um einelti getur verið að ræða hvort sem það er ásetningur geranda eður ei. Einelti getur falið í sér misbeitingu valds, óformlegs eða formlegs sem einstaklingur á erfitt með að verjast. Fólk er misjafnt og þess vegna verður ekki hjá því komist að einn getur upplifað það sem móðgun eða ótilhlýðilega háttsemi sem annar tekur ekki nærri sér. Þetta verður að hafa í huga þegar einelti eða áreitni er til umfjöllunar.

Ótilhlýðileg háttsemi sem beinist gegn persónu starfsmanns, brýtur gegn almennri siðferðiskennd og viðmiðum um hvernig koma skuli fram við einstakling. Slík framkoma getur haft í för með sér neikvæð áhrif á einstaklinginn og jafnvel hóp starfsfólks.

Þegar um er að ræða einelti, ofbeldi eða áreitni, þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig og gæta þess að aðstæður séu kannaðar á nákvæman og hlutlausan hátt.

Hafa ber í huga að einelti felur oft í sér marga samverkandi þætti sem geta m.a. verið:

- Særandi eða móðgandi athugasemdir gagnvart einstaklingi, fjandskapur, baktal og rógur eða útilokun frá félagslegum og faglegum samskiptum.
- Að niðurlægja einstakling eða gera hann að athlægi.
- Óþægileg eða illkvittin stríðni gagnvart einstaklingi.
- Að starf, hæfni og verk einstaklingsins eru lítilsvirt.
- Að draga úr ábyrgð og verkefnum einstaklings án málefnalegra skýringa.
- Ábyrgðarsvið eru illa skilgreind og notuð sem verkfæri til að gera lítið úr starfsmanni.
- Misnotkun valds svo sem að gera ýmist of miklar eða litlar kröfur til einstaklings eða fela honum ítrekað verkefni sem falla ekki undir starfsviðs hans.
- Niðurlægning eða auðmýking, t.d. vegna aldurs, kynferðis, uppruna, kynhneigðar, litarháttar, kynvitundar eða líkamlegs atgervis.
- Hunsun, útilokun vinnufélaga, t.d. með því að láta eins og einstaklingurinn sé ekki á staðnum.

### **Áreitni.**

Einstaklingi er sýnd óvelkomin athygli og óskað eftir samskiptum sem viðkomandi kærir sig ekki um. Einstaklingi sýndur yfirgangur í samskiptum, vegið að honum með skömmum, fyrirlitningu og niðurlægjandi ummælum. Eitt tilvik getur talist áreitni.

### **Kynbundin áreitni og kynbundið ofbeldi.**

Með hugtakinu kynbundin áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða

virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.

Kynbundið ofbeldi er hvers kyns hegðun á grundvelli kyns eða kyngervis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þeirra sem fyrir henni verða, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

### **Kynferðisleg áreitni og kynferðislegt ofbeldi.**

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli í þessu sambandi. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.

Kynferðisleg áreitni getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg og birtist m.a. í eftirfarandi hegðun:

- Grófur og/eða klámfengur talsmáti.
- Klámefni sem er sýnilegt eða sýnt með öðrum hætti svo sem í tölvu.
- Óviðeigandi spurningum um kynferðisleg málefni.
- Snertingu sem er óvelkomin.
- Óviðeigandi athugasemdum settum fram í máli, á vefnum og/eða í gegnum snjalltæki.
- Tvíræð og niðurlægjandi tilboð.
- Klám og klámvæðing.
- Umræða um klám sem beinist að uppruna eða litarhætti einstaklings.

Með hugtakinu kynferðisbrot er átt við háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, og í barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Hverjum þeim er starfar innan þjóðkirkjunnar og býr yfir vitneskju um ætlað kynferðisbrot gegn barni, er skilyrðislaust skylt að tilkynna slíkt samkvæmt gildandi lögum. Málum innan kirkjunnar, er varða ætluð kynferðisleg brot gegn börnum, skal að jafnaði vísað til teymis þjóðkirkjunnar. Því er óheimilt að fjalla um mál, innan safnaða eða sóknarnefnda kirkjunnar, er varða ætluð kynferðisbrot gegn börnum.

### **Ofbeldi.**

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Virða skal í hvívetna núgildandi barnaverndarlög og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### **Ábyrgð og skyldur kirkjulegra yfirvalda.**

Kirkjuleg yfirvöld (hér er einkum átt við biskupa, prófesta, sóknarpresta, presta og sóknarnefndir) bera ábyrgð á því að viðhalda góðu starfsumhverfi sem er laust við einelti, áreitni eða ofbeldi.

Ábyrgð kirkjulegra yfirvalda er veigameiri sökum valdaójafnvægis og getur einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi af hálfu kirkjulegra yfirvalda reynst enn þungbærara en af hálfu annarra.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að þeir sem eru kirkjuleg yfirvöld, líkt og aðrir starfsmenn geta orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í starfi.

Ef tilkynnt er um meint einelti, áreitni, eða ofbeldi af hálfu yfirvalda þjóðkirkjunnar verður viðkomandi vanhæfur til að ákvarða um vinnuskilyrði tilkynnanda á meðan á könnun máls stendur og skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir er varða meintan þolanda eða málinu vísað til starfsmannastjóra/mannauðsstjóra, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 10/2008. Skyldur kirkjulegra yfirvalda felast m.a. í því að:

- Sýna gott fordæmi með faglegu viðmóti sem einkennist af tillitsemi, kurteisi, virðingu, og umburðarlyndi.
- Sýna í orði og athöfn að einelti, áreitni og annað ofbeldi er ekki liðið.
- Tryggja að allt starfsfólk og þeir sem þiggja þjónustu kirkjunnar hafi greiðan aðgang að og sé upplýst um stefnu þessa og verkferla.
- Tryggja að upplýsingar um hvert þeir geti leitað, ef þeir upplifa einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi, séu ávallt aðgengilegar.
- Bregðast skjótt við ef þeir verða varir við óviðeigandi hegðun í skilningi þessarar stefnu, eða fá vitneskju um slíkt.
- Virða rétt allra til réttlátrar málsmeðferðar.
- Hvetja þá aðila sem tengjast máli til þátttöku í úrvinnsluferli.
- Styðja við aðila sem vinna að athugun eða úrlausn mála.
- Hlutast til um og grípa til aðgerða, eftir atvikum á meðan og eftir að málsmeðferð lýkur.

### **Réttindi, hlutverk og ábyrgð starfsfólks.**

Ætlast er til að starfsmenn þjóðkirkjunnar framfylgi og styðji framgang þessarar stefnu með því að:

- Taka ábyrgð á eigin hegðun og framkomu.
- Hegða sér í hvívetna á faglegan hátt og bera virðingu fyrir öðrum.
- Vera vakandi og meðvitaðir um líðan annarra í nærumhverfinu og veita stuðning eftir atvikum.
- Starfsfólk taki þátt í því könnunar- og/eða úrlausnarferli sem heyrir undir stefnuna, sé þess óskað.
- Upplýsa þar til bæra aðila um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi sem hann hefur vitneskju um samkvæmt tilkynningarskyldu. Þeir aðilar eru mannauðsráðgjafi og sérfræðingar teymis þjóðkirkjunnar.
- Stuðla að því að stefnunni sé framfylgt í hvívetna.
- Virða rétt allra til sæmdar og virðingar og gæta trúnaðar um persónuleg mál.



### **Teymi þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuráð skipar þrjá menn í teymi þjóðkirkjunnar til fjögurra ára í senn. Sama gildir um varamenn þeirra. Teymið velur sér sjálft formann og varaformann.

Í teyminu skulu ekki vera vígðir þjónar kirkjunnar, sérþjónustuprestar, sem ráðnir hafa verið á vegum stofnana eða félagasamtaka, eða að öðru leyti fastráðnir starfsmenn kirkjunnar.

Þeir sem skipaðir eru í teymi þjóðkirkjunnar skulu vera sérfróðir um þau mál er falla undir starfsreglur þessar.

Hver sá sem hagsmuna á að gæta getur borið mál undir teymi þjóðkirkjunnar er starfar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.

Hlutverk teymis þjóðkirkjunnar er samkvæmt starfsreglum þjóðkirkjunnar að:

- Upplýsa starfsfólk kirkjunnar um stefnu þessa og verkferla sem unnið er eftir vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis.
- Upplýsa starfsfólk um úrræði og stuðning sem í boði eru í slíkum málum.
- Taka á móti og koma öllum tilkynningum um einelti, áreitni og ofbeldi í réttan farveg í samræmi við stefnu og verkferila.
- Tryggja að farið sé eftir upplýsinga- og stjórnsýslulögum og þeim reglum sem eiga við.
- Leiðbeina stjórnendum um verklag og úrræði ef upp kemur einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi á starfsstöð.
- Að rannsókn lokinni skal teymið komast að rökstuddri niðurstöðu og skila álitni.
- Teymið hefur leiðbeinandi hlutverk t.a.m. ef tilkynnandi á einhverjum tímapunkti ákveður að kæra mál til lögreglunnar.
- Teymið hefur jafnframt það hlutverk að sinna eftirfylgni mála.
- Allt starfsfólk sem telur sig hafa orðið fyrir ofbeldi, einelti eða kynferðislegri áreitni getur vísað málum sínum til teymisins.

### **Úrræði fyrir starfsfólk þjóðkirkjunnar og leiðir til úrlausna.**

Mikilvægt er að hafa upplýsingar um hvert starfsmaður getur snúið sér eftir aðstoð ef hann telur sig þolanda eineltis eða áreitni.

Leiðir til úrlausna.

- Óformleg aðstoð/samtal.
- Formleg tilkynning.
- Hlutast til um.

Við mat á valmöguleikum eða til þess að fá frekari upplýsingar getur starfsmaður:

- Talað við kirkjuleg yfirvöld.
- Haft samband við mannauðsþjónustu.
- Haft samband við stéttarfélag.
- Haft samband við Vinnueftirlit ríkisins.
- Haft beint samband við teymi þjóðkirkjunnar.

Til þess að auðvelda framsetningu og vinnslu máls er starfsfólk hvatt til þess að skrá hjá sér atvik og hegðun þá sem um ræðir, þar sem fram koma tíma- og dagssetningar, nöfn þeirra sem voru e.t.v. viðstaddir og aðstæður þegar atvik átti/áttu sér stað. Einnig að skrá ítarlega ef viðkomandi hefur rætt við meintan geranda um hegðunina og hvað aðilum fór á milli.

### **Ferlið.**

1. Tilkynning berst teymi.
2. Teymið ræðir við tilkynnanda.
3. Teymið gerir verkáætlun í samvinnu við tilkynnanda.
4. Teymið boðar til fundar meintan geranda og upplýsir hann um umkvörtunarefnið.
5. Teymið ræðir við aðra sem kunna að hafa upplýsingar eða vitneskju um málið eða eru vitni í málinu.
6. Teymið skilar af sér greinagerð með rökstuddri niðurstöðu.

### **Öryggi og heilbrigði á vinnustað.**

Til að koma í veg fyrir óviðeigandi hegðun og auka líkur á ánægju í starfi ber að gera áhættumat á vinnustöðvum reglulega. Áhættumat er gert meðal annars með því að greina áhættuþætti er varða:

- Hegðun á viðkomandi starfsstöð þar sem kirkjuleg yfirvöld og/eða starfsfólk geta átt hlut að máli.
- Samskipti starfsfólks viðkomandi starfsstöðvar við einstaklinga sem ekki teljast til starfsfólks staðarins en samskiptin eiga sér stað í tengslum við þá starfsemi sem fram fer þar.

Áhættumat skal byggjast á öllum tiltækum upplýsingum þar sem m.a. skal tekið tillit til andlegra og félagslegra þátta í tengslum við vinnuáðstæður á starfsstöð, þar sem litið skal til eftirfarandi þátta:

- Fjölda starfsfólks
- Aldurs starfsfólks.
- Kynjahlutfalls meðal starfsfólks.
- Ólíks menningarlegs bakgrunns starfsfólks.
- Hugsanlegra örðugleika meðal starfsfólks í tengslum við talað og/eða ritað mál.
- Skipulags vinnutíma.
- Vinnuálags.
- Eðli starfs/starfa á starfsstöðinni.
- Hvar/hvernig vinnan fer fram.

Þjóðkirkjunni ber að vera með áætlun um heilsuvernd, sbr. 66. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með síðari breytingum. Til heilsuverndar telst verndun líkamlegrar og andlegrar heilsu. Í áætlun um heilsuvernd er því m.a. tekið á forvörnum og viðbrögðum til að koma í veg fyrir og til að bregðast við ef upp koma mál tengd einelti, áreitni og ofbeldi.

Ofbeldi og einelti er ekki liðið á starfsstöðum þjóðkirkjunnar og allir eiga að njóta sín í starfi og fólk á að geta leitað öruggt í þjónustu þjóðkirkjunnar.

30. mál kirkjuþings 2018

Flutt af Annýju Ingimarsdóttur og Kolbrúnu Baldursdóttur

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum**

1. gr.

C-liður 1. mgr. 11. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Teymi þjóðkirkjunnar, sbr. 4. gr. starfsreglna um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2019.

## **Samkomulag um áframhaldandi ráðningu starfsmanns kirkjuþings.**

Kirkjuþing 2018 samþykkti samhljóða eftirfarandi samkomulag forseta kirkjuþings og biskups Íslands:

Forseti kirkjuþings og biskup Íslands hafa orðið ásátt um að biskupsstofa ráði núverandi lögfræðing kirkjuþings til starfa a.m.k. fram að næsta reglulega kirkjuþingi haustið 2019. Ekki síst er mikilvægt að hafa í huga að auk umfangsmikilla starfa fyrir forseta kirkjuþings og forsætisnefnd og eftir atvikum nefndir kirkjuþings er ljóst að niðurstöður viðræðna kirkju og ríkis munu kalla á meiri þörf á lögfræðipjónustu og sérfræðipækkingu sem lögfræðingur okkar ræður yfir. Í þessu ljósi dregur forsætisnefnd tillögu sína í 31. máli til baka. Forseti er verkstjóri yfir þessum vinnukrafti og hefur forgang að hans störfum og samninganefndin líka.

## Kjör í nefndir og ráð í lok kirkjuþings 2018

### **Kirkjuráð:**

*Aðalmenn*

Sr. Arna Grétarsdóttir

Sr. Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

*Varamenn:*

Sr. Guðrún Karls Helgudóttir

Sr. Hreinn S. Hákonarson

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Berglind Hönnudóttir

### **Kjör 2. varaforseta kirkjuþings**

Guðlaugur Óskarsson

### **Kenninganefnd**

*Kirkjuþing tilnefnir einn og annan til vara í kenninganefnd sem biskup Íslands skipar.*

*Aðalmaður*

Arnfríður Einarsdóttir, lögfr.

*Varamaður*

Einar Karl Haraldsson, ráðgjafi

### **Jafnréttisnefnd kirkjunnar**

*Kirkjuþing kýs fimm manna jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar og jafnmarga til var til fjögurra ára í senn.*

*Aðalmenn:*

Sr. Hildur Björk Hörpudóttir

Sr. Oddur Bjarni Þorkelsson

Erla Karlsdóttir

Sindri Geir Óskarsson

Sr. Úrsúla Árnadóttir

*Varamenn:*

Pétur Ragnhildarson, guðfr.

Sr. Jóhanna Gísladóttir

Ingimar Helgason

Sr. Elínborg Gísladóttir

Sr. Arna Ýr Sigurðardóttir

### **Kirkjugarðaráð**

*Kirkjuþing kýs einn fulltrúa og einn til vara*

*Aðalmaður:*

Smári Sigurðsson, frkv.stj.

*Varamaður:*

Indriði Valdimarsson, frkv.stj.

### **Matsnefnd um hæfni til prestsembætti:**

*Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara til eins árs í senn. Biskup Íslands tilnefnir einn fulltrúa. Biskup skipar formann úr hópi nefndarmanna.*

*Aðalmenn:*

Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfr.

Jóhannes Pálmason, lögfr.

*Varamenn:*

Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfr.

Björn Jóhannesson, hrl.

### **Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar:**

*Kirkjuþing kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir til vara skipaðir af biskupi Íslands. Biskup skipar formann og varaformann.*

*Aðalmenn:*

Sr. Sjöfn Jóhannesdóttir

Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir

*Varamenn:*

Magnea Sverrisdóttir, djákni

Sr. Fjölur Ásbjörnsson

### **Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar**

*Leikmenn á kirkjuþingi tilnefna einn nefndarmann og annan til vara. Nefndin er þriggja manna sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.*

*Aðalmaður:*

Elsa Þorkelsdóttir, lögfr.

*Varamaður:*

Sigrún Benediktsdóttir, lögfr.

### **Tilfningar biskups Íslands:**

*Aðalmaður:*

Berglind Svavarsdóttir, hrl., formaður

*Varamaður:*

Einar Hugi Bjarnason, hrl., varaformaður

### **Tilnefndur af prestastefnu:**

Sr. Hreinn S. Hákonarson

### **Póknananevnd**

Kirkjuþing kýs þrjá nefndarmenn til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Formaður er kosinn sérstaklega á kirkjuþingi.

*Aðalmenn:*

Óskar Magnússon, lögfr., formaður

Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfr.

Sigríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfr.

*Varamenn:*

Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, lögfr.

Einar Karl Haraldsson, ráðgjafi

Magnús Viðar Skúlason, sérfræðingur

### **12. mál. Samfélags- og fræðslunefnd**

*Aðalmenn:*

Jónína Ólafsdóttir

Þóra Hjörleifsdóttir

*Varamenn:*

Daníel Ágúst Gautason

Dagur Fannar Magnússon

**14. mál. Nefnd þriggja fulltrúa til að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi til að bregðast við málum sem upp gætu komið innan kirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi.**

Kolbrún Baldursdóttir

Anný Ingimarsdóttir

Vigfús Bjarni Albertsson